ALLT ATVINNA

Stútfullt blað af atvinnuauglýsingum

Atvinna

allt Í MIÐJU BLAÐSINS

HLJÓMSVEITIN MÚM

Strákarnir einir eftir

Tvíburasysturnar nú báðar hættar en strákarnir halda ótrauðir áfram.

TÓNLIST 32

16 blaðsíðna RE/MAX blað
Fasteignablað RE/MAX fylgir Fréttablaðinu á sunnudögum
RE/MAX

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

12. nóvember 2006 — 303. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

SUNNUDAGUR

Leikskáldið Michael Druker

Með dálitla fullkomnunarárátttu en býsna góður í borðtennis.

BÆKUR 28

Nýir Íslendingar

„Í mínum huga er engin spurning um það að Ísland þarf á innflytjendum að halda og samfélag okkar er betra og fjölbreyttara vegna þeirra," segir Illugi Gunnarsson.

Í DAG 12

Hafnar Bond-gellu stimplinum

Eva Green bræðir hjarta James Bond í Casino Royale. Hún segir persónu sína vera annað og meira en barmfagra konu á strönd.

VIÐTAL 24

Fram úr leik

Fram tapaði í gær fyrir Sandefjord í meistaradeild Evrópu og er því úr leik í Evrópukeppnunum í handbolta.

ÍÞRÓTTIR 34

VEÐRIÐ Í DAG



MIKIL ÚRKOMA Nú í morgunsárið verður allhvöss og sumstaðar hvöss suðaustanátt en lægir smám saman eftir hádegi í dag. Talsverð snjókoma eða slydda norðan og austan til, annars rigning - mikil rigning. Hiti 0-10 stig, mildast syðra.

VEÐUR 4

ÚRSLITASTUND Í ÞRÓTTARHEIMILINU Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, spáir í fyrstu tölur ásamt Jóhönnu Sigurðardóttur og Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur. Alls tóku 4.834 manns þátt í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík.

FRÉTTABLAÐIÐ HÖRÐUR

Konur skipa sex af tíu efstu sætunum

Fjórar konur höfnuðu á meðal átta efstu manna í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík. Ágúst Ólafur Ágústsson varð í fjórða sæti. Steinunn Valdís Óskarsdóttir er eini nýliðinn meðal átta efstu. Guðrún Ögmundsdóttir hættir í vor.

PRÓFKJÖR Sex konur höfnuðu í tíu efstu sætum í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík, þar af fjórar í efstu átta. Steinunn Valdís Óskarsdóttir, eini nýliðinn af átta efstu, var í áttunda sæti þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöld. Þá átti eftir að telja um 300 atkvæði og var mjótt á munum á milli Steinunnar og Marðar í sjöunda sætið. Samfylkingin hefur nú átta þingmenn í Reykjavíkurkjördæmunum tveimur. Fyrir fjórum árum voru fjórar konur í tíu efstu sætunum.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hlaut nokkuð afgerandi kosningu í efsta sætið, eða um 70 prósent atkvæða. Það er þó öllu minna en Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, hlaut í prófkjöri sjálfstæðismanna í Reykjavík, en þar fékk hann 89 prósent atkvæða í efsta sætið. Össur Skarphéðinsson fékk örugga kosningu í annað sætið og Jóhanna Sigurðardóttir hafnaði í því þriðja.

Hart var barist um fjórða sætið og sjö sóttust eftir því, þar af fimm þingmenn. Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður flokksins, varð þar hlutskarpastur og Helgi Hjörvar, sem einnig sóttist eftir fjórða sætinu, lenti í fimmta sæti.

Ingibjörg Sólrún kveðst mjög ánægð með niðurstöðuna. „Forysta flokksins fær almennt góðan stuðning, formaður, varaformaður og formaður þingflokks. Síðan er jafnræði milli kynja á listanum þannig að þetta er öflugur listi sýnist mér."

Guðrún Ögmundsdóttir, sitjandi þingmaður, hafnaði það neðarlega í prófkjörinu að ljóst er að hún mun víkja af Alþingi í vor. Hún segir þó að líf sé eftir pólitík og að niðurstaðan sé ekki vonbrigði. Össur Skarphéðinsson segist munu sjá eftir vinkonu sinni úr þingflokknum.

- sh/sjá síðu 4

Prófkjör í Suðurkjördæmi:

Árni Johnsen snýr aftur

PRÓFKJÖR Árni Mathiesen fjármálaráðherra mun leiða lista sjálfstæðismanna í Suðurkjördæmi samkvæmt fyrstu tölum úr prófkjöri þaðan, en þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöld var búið að telja um 35 prósent atkvæða.

Árni Johnsen var í öðru sæti og virðist því vera að snúa aftur á þing. Flokkurinn hefur þrjá þingmenn í kjördæminu, þau Drífu Hjartardóttur, Guðjón Hjörleifsson og Kjartan Ólafsson. Kjartan var í þriðja sæti við fyrstu tölur og Drífa í því fjórða. Gunnar Örlygsson, sem gekk til liðs við Sjálfstæðisflokkinn á kjörtímabilinu en var kosinn á þing fyrir Frjálslynda flokkinn, var ekki á meðal sex efstu manna. Samkvæmt þessum tölum falla því mögulega þrír þingmenn.- **þsj.**

Forstjóri álversins í Straumsvík:

Atkvæðagreiðsla kom á óvart

STÓRIÐJA Rannveig Rist, forstjóri ÍSAL, segir það hafa komið sér og stjórn móðurfélags Alcan í opna skjöldu að íbúar í Hafnarfirði myndu hafa síðasta orðið um það hvort stækkunaráform fyrirtækisins nái fram að ganga.

RANNVEIG RIST

„Það er umhugsunarefni fyrir þá sem vilja fjárfesta í atvinnustarfsemi á Íslandi og forsvarsmenn atvinnulífsins hér á landi að það skuli vera kosið um framtíðaráform einkafyrirtækis eftir að umtalsverðum tíma og fjármunum hefur verið eytt í undirbúningsvinnu," segir Rannveig í ítarlegu viðtali við Fréttablaðið um stækkunaráform fyrirtækisins, umtöluð starfsmannamál, stjórnunarstíl og stóriðjuumræðu. - mh/sjá síðu 18

Mikil spenna í prófkjöri sjálfstæðismanna í Suðvesturkjördæmi:

Hart tekist á um fjórða sætið

PRÓFKJÖR „Mín fyrstu viðbrögð eru þau að ég er ánægður og þakklátur fyrir þennan stuðning. Ég er að ná þeim árangri sem ég stefndi að og það er ekki hægt að biðja um meira," sagði Ármann Kr. Ólafsson sem í gær hlaut þriðja sætið í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi.

ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR Menntamálaráðherra segist leiða sigurstranglegan lista sjálfstæðismanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Gríðarleg barátta var um fjórða sætið í talningunni í gærkvöldi. Ragnheiður Ríkharðsdóttir var í fjórða sæti eftir að fyrstu tölur voru birtar. Þá var Jón Gunnarsson í sjötta sæti. Um tíma voru Jón og Ragnheiður hnífjöfn í fjórða til fimmta sæti. Síðan skiptust þau Ragnheiður og Jón á að vera í fjórða og sjötta sætinu. Þegar Fréttablaðið fór í prentun höfðu 5.900 atkvæði af um 6.000 atkvæðum verið talin og var Ragnheiður í fjórða sætinu og Jón í sjötta sæti. „Þetta er bara flott og ég er þakklát fyrir þann stuðning sem ég fengið," sagði Ragnheiður.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra varð efst í prófkjörinu og Bjarni Benediktsson alþingismaður varð í öðru sæti. Ragnheiður Elín Árnadóttir var í fimmta sæti er Fréttablaðið fór í prentun. Sigurrós Þorgrímsdóttir alþingismaður náði ekki einu af sex efstu sætunum.

„Ég er þakklát fyrir þann stuðning sem ég fæ í fyrsta sætið. Við erum hér að móta mjög sterkan og frambærilegan lista sem er mjög sigurstranglegur í kosningunum í maí. Við þurfum á öllum okkar styrk að halda," sagði Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

- gar



SPURNING DAGSINS

Árni, ætlarðu að bjóða Russell á lundaveiðar?

„Já, ég held að það sé orðið tímabært að Russell Crowe reyni við lundaveiðar eftir að hafa tekið skylmingarnar."

Kvikmyndastjörnunni Russell Crowe brá fyrir á stuðningsmannalista Árna Johnsen í auglýsingu sem birtist í fyrradag. Russell mun þó ekki raunverulegur stuðningsmaður Árna, heldur var þetta í gamni gert.

Tveir erlendir karlmenn handteknir í Kópavogi vegna grunsemda um fjársvik:

Grunur um hraðbankaþjófnað

LÖGREGLUMÁL Tveir menn voru handteknir í gærdag vegna grunsemda um fjársvik í kjölfar þess að kortalestursbúnaður fannst á tveimur hraðbönkum á höfuðborgarsvæðinu. Fjársvikadeild lögreglunnar í Reykjavík hefur unnið hörðum höndum að rannsókn málsins undanfarna daga og handsamaði loks mennina í gær á gistiheimili í Kópavogi.

Búnaðurinn sem mennirnir eru grunaðir um að hafa sett upp er notaður til að afrita upplýsingar greiðslukorta og til að nálgast pinnúmer viðskiptavina hraðbankanna. Kortalesararnir geta litið út sem hluti af hraðbönkunum og er oft komið fyrir við kortarauf þeirra eða fyrir ofan lyklaborðið.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru mennirnir frá Austur-Evrópu og komu til landsins síðastliðinn mánudag. Annar þeirra hafði komið hingað fyrr á þessu ári og gisti þá á sama gistiheimili. Ekki er vitað á þessari stundu hvort mennirnir eigi sér vitorðsmenn hér á landi.

Fjársvik af þessu tagi eru mjög algeng víða erlendis en tiltölulega nýtilkomin hér.

Í janúar á þessu ári var búlgarskur maður handtekinn á Seyðisfirði með sambærilegan búnað og var þá talið að það væri fyrsta tilraunin til að svíkja út fé með þeim hætti á Íslandi. Í sumar fannst svipaður búnaður á bensínsjálfsala á höfuðborgarsvæðinu. **- þsj**

Hraðbanki Tveir útlendingar eru grunaðir um fjársvik í hraðbönkum hérlendis.

Alvarleg árás á samfanga:

Morðingi Lindh dæmdur aftur

SVÍÞJÓÐ Mijailo Mijailovic, morðingi Önnu Lindh, fyrrverandi utanríkisráðherra Svíþjóðar, var í gær dæmdur til að greiða samfanga sínum jafnvirði um hálfrar milljónar íslenskra króna í skaðabætur fyrir alvarlega líkamsárás. Hann sló manninn, sem var 59 ára og sofandi þegar ráðist var á hann, meðal annars í höfuðið með járnstöng með þeim afleiðingum að hann hlaut alvarlega höfuðáverka.

Mijailovic, sem er 27 ára, var dæmdur í lífstíðarfangelsi fyrir að ráðast á Lindh í verslunarmiðstöð í Stokkhólmi 11. september 2003 og bana henni með hníf. **- sh**

Ný gögn um Írak:

Blair kemur með ný gögn

LONDON AP Forsætisráðherra Bretlands, Tony Blair, ætlar sér að fara með ný gögn til Washington í næstu viku í þeim tilgangi að reyna að breyta um stefnu í sambandi við þróun mála í Írak. Þetta staðfestir talsmaður Blairs en neitar að gefa nokkuð upp um innihald gagnanna.

TONY BLAIR

Breska dagblaðið The Guardian spáir því að Blair muni reyna að fá ríkisstjórn Bush til að opna fyrir viðræður við nágrannalönd Íraks, Sýrland og Íran. Einnig telur blaðið að Blair muni þrýsta á Bush að ná sáttum milli Ísraels og Palestínu í þeim tilgangi að lægja stríðsölduna í Miðausturlöndum.

Blair hefur tapað miklu fylgi í Bretlandi vegna stuðnings við Bush um árin. **- áp**

STJÓRNMÁL

Stillt upp í Reykjavík suður

Kjördæmisþing framsóknarmanna í Reykjavík suður samþykkti á fimmtudagskvöldið að hafa uppstillingu á framboðslista fyrir kosningarnar í vor eins og gert er í Reykjavík norður. Einnig var samþykkt án mótatkvæða að leita samkomulags við framsóknarmenn í Reykjavík norður að sameina kjördæmasamböndin.

BARÐASTRÖND

Losna ókeypis við brotajárn

Íbúar á Barðaströnd hafa fengið frest til 27. nóvember til að losa sig við brotajárn og ónýt heimilistæki og hjólbarða án þess að greiða venjulegt gjald til sveitarfélagsins. Er íbúunum gefinn kostur á þessu vegna mikils hreinsunarátaks í byggðarlaginu.

Skildi sex ára dreng einan eftir í biðskýli

Rútubílstjóri setti sex ára gamlan dreng út við biðskýli við Miklubraut í vonskuveðri í gærkvöldi. Ókunnugt fólk fann hann kaldan og blautan á gangi og keyrði á lögreglustöð. Rútubílstjórinn er miður sín yfir þessu.

LÖGREGLUMÁL Rútubílstjóri skildi sex ára gamlan dreng eftir í biðskýli við Miklubraut um áttaleytið í fyrrakvöld. Drengurinn, Aron Ágúst Birkisson, var að koma með rútu frá Selfossi og átti að fara út við Rauðavatn þar sem faðir hans beið til að taka á móti honum. Einhver misskilningur virðist þó hafa orðið og bílstjórinn setti hann þess í stað út við Miklubrautina í vonskuveðri.

Ólína Sverrisdóttir, amma Arons, segir að fjölskyldan sé ekki enn búin að jafna sig á þessu og prísar sig sæla yfir því að ekki fór verr. „Fósturpabbi hans ítrekaði við bílstjórann tvisvar eða þrisvar að hann ætti að fara út við Rauðavatn þar sem pabbi hans myndi sækja hann. Hann setti drenginn fremst í rútuna til að tryggja að hann myndi ekki gleymast. En þegar þeir eru komnir í bæinn þá gleymir bílstjórinn að stoppa þangað til hann setur sex ára gamalt barnið eitt út niðri í bæ á einhverri stoppistöð á Miklubrautinni og sagði honum að einhver kona myndi koma og sækja hann. Í hræðilegu veðri og svartamyrkri. Hann sat þarna í einhvern tíma en gekk síðan af stað í leit að bensínstöð til að hita sér og fá hjálp. Hann varð náttúrulega blautur og honum var orðið mjög kalt. Þá var einhver sem fann hann og kom honum til lögreglu. En maður hugsar alltaf, hvað ef? Þetta verður að minnsta kosti til þess að barnið fer ekki upp í rútu aftur."

Reynir Ari Þórsson, aðstoðarforstjóri Þingvallaleiða, segir að kona hafi hringt í bílstjóra rútubifreiðarinnar og beðið hann um að stoppa við Miklubrautina og setja út barn sem var í rútunni. „Bílstjórinn virðist hins vegar hafa ruglast eitthvað og beðið vitlaust barn um að fara út úr bílnum. En hann hringdi sjálfur í lögregluna þegar hann kom niður á BSÍ og áttaði sig á mistökunum. Hann er alveg miður sín yfir þessu."

Reynir segir að tekið verði á málinu þegar bílstjórinn komi aftur úr fríi og búinn að jafna sig. Hann segir lítið annað hægt að gera til að koma í veg fyrir svona lagað en að ræða við bílstjórana og brýna fyrir þeim að fylgjast betur með.

Að sögn vakthafandi varðstjóra hjá lögreglunni í Reykjavík var drengurinn í furðugóðu ásigkomulagi þegar komið var með hann á lögreglustöðina. Aftur á móti hafi faðir hans ekki verið jafn hress, þegar hann kom og sótti hann, yfir ábyrgðarleysi rútubílstjórans.

thordur@frettabladid.is

ARON ÁGÚST BIRKISSON Kominn í faðm móður sinnar, Kolbrúnar Evu Viktorsdóttur. Rútubílstjóri setti Aron, sem er sex ára, út við biðskýli á Miklubraut fyrir misskilning.

RISASKIP NS Pride flytur 25 þúsund tonn af eldsneyti. MYND/LHG

Flutningaskip í roki og stórsjó:

Varðskip sent til öryggisgæslu

LANDHELGISGÆSLAN Landhelgisgæslan hefur í samstarfi við Siglingastofnun fylgst með ferðum 50 þúsund tonna olíuskips frá því seint á fimmtudagskvöld. Haft var samband við skipið þegar það hélt norður undir 12 sjómílna landhelgina suður af Ingólfshöfða en þar var búist við allt að 9 metra ölduhæð í gær.

Skipið heitir NS Pride og er 176 metra langt og var að koma frá Murmansk á leið til New York með 25 þúsund tonn af bensíni. Landhelgisgæslunni og Siglingastofnun er kunnugt um aukna umferð stórra olíuflutningaskipa á siglingaleiðinni. Varðskip hefur verið sent áleiðis á þessar slóðir til að vera í nálægð ef á þarf að halda. **- shá**

Átta mánaða fangelsi:

Var með kókaín og amfetamín

DÓMSMÁL Karlmaður á fertugsaldri var dæmdur í átta mánaða fangelsi í Héraðsdómi Reykjavíkur á föstudag. Þar af voru sex mánuðir skilorðsbundnir.

Ákærði var tekinn með rúm hundrað grömm af amfetamíni og rúm 140 grömm af kókaíni á heimili sínu í lok júlí síðastliðins. Þetta er fyrsta brot mannsins og játaði hann brot sitt fyrir dómnum.

Fíkniefni ákærða voru einnig gerð upptæk og var honum gert að greiða sakarkostnað í málinu sem og þóknun skipaðs verjanda síns. **- ifv**

Tugir þúsunda Palestínumanna létu í ljós söknuð eftir Yasser Arafat í gær:

Fjölmenni minntist Arafats

PALESTÍNA, AP Tugir þúsunda Palestínumanna komu saman við gröf Yassers Arafat í gær til að minnast þess að tvö ár voru liðin frá því að leiðtogi þeirra lést nokkuð sviplega eftir að hafa verið við stjórnvölinn í Palestínu í nærri fjóra áratugi. Athöfnin er einnig talin hafa miðað að því að blása lífi í Fatah-flokkinn sem Arafat fór fyrir á sínum tíma, en flokkurinn hefur staðið höllum fæti undanfarin misseri.

Fatah-flokkurinn selflutti Palestínumenn í rútum frá Vesturbakkanum inn í miðborg Ramallah. Þá gengu þeir fylktu liði í gegnum borgina með palestínska fána, Fatah-borða og myndir af Arafat á lofti.

Mahmoud Abbas, eftirmaður Arafats, ítrekaði kröfur Palestínumanna um sjálfstæði á Vesturbakkanum og Gaza og hét því að halda baráttu Arafats til streitu.

Eftir að hin herskáu Hamas-samtök náðu völdum í Palestínu hefur verið gripið til alþjóðlegra refsiaðgerða gegn þjóðinni sem hafa komið illa niður á efnahaginum. Þetta var fólki ofarlega í huga við minningarathöfnina. „Við söknum hans mikið. Eftir fráfall hans hefur ástandið einungis versnað. Við höfðum menntun og heilsugæslu en nú er allt farið," sagði 43 ára gömul kona frá Vesturbakkanum. **- sh**

ARAFATS MINNST Mahmoud Abbas hélt ræðu þar sem hann lofsamaði Arafat og sagðist ætla að halda baráttu hans til streitu.

KR.

ÚRVALS BÍLAR!

GÆÐA-BÍLAR

BÍLÆÐI!

OPIÐ:
Laugard. & sunnud.: 10-16
Virka daga: 9-20

SPRENG-HLÆGILEGT!

RISA OPNUN!

Núna stendur yfir Bílæði hjá Betri notuðum bílum þar sem þú getur fengið draumabílinn á draumaverði.
Og þetta eru engir venjulegir bílar. Allir bílar hjá Betri notuðum bílum eru Úrvalsbílar og Gæðabílar sem hafa gengist undir nákvæma skoðun til að tryggja að þið séuð ánægð og örugg.

Dodge Caravan VAN Grand sjsk.
Á götuna: 02.00 Ekinn: 105.000 km
Verð: ~~1.630.000~~ kr. Skr.nr. YF486

Honda CR-V Advance sjsk.
Á götuna: 04.05 Ekinn: 28.000 km
Verð: ~~2.890.000~~ kr. Skr.nr. MM493

MMC Pajero Sport GLSi 5 gíra
Á götuna: 07.05 Ekinn: 38.000 km
Verð: ~~2.890.000~~ kr. Skr.nr. UO765

Nissan Micra H/B Visia sjsk.
Á götuna: 06.04 Ekinn: 47.000 km
Verð: ~~1.290.000~~ kr. Skr.nr. ID977

Renault Mégane W/G Scénic sjsk.
Á götuna: 09.03 Ekinn: 20.000 km
Verð: ~~1.290.000~~ kr. Skr.nr. UG556

Subaru Forester sjsk.
Á götuna: 08.98 Ekinn: 113.000 km
Verð: ~~700.000~~ kr. Skr.nr. VH711

Subaru Forester sjsk.
Á götuna: 09.01 Ekinn: 73.000 km
Verð: 1.~~290.000~~ kr. Skr.nr. NJ979

Subaru Impreza 5 gíra
Á götuna: 07.00 Ekinn: 125.000 km
Verð: ~~670.000~~ kr. Skr.nr. TX877

Suzuki Grand Vitara XL-7 5 gíra
Á götuna: 01.03 Ekinn: 78.000 km
Verð: ~~1.900.000~~ kr. Skr.nr. NE992

Suzuki Vitara JLXi 5 gíra
Á götuna: 03.00 Ekinn: 120.000 km
Verð: ~~690.000~~ kr. Skr.nr. UK055

VW Golf H/B Comfortline sjsk.
Á götuna: 11.05 Ekinn: 27.000 km
Verð: ~~1.630.000~~ kr. Skr.nr. UZ862

VW Golf W/G GL sjsk.
Á götuna: 10.00 Ekinn: 100.000 km
Verð: ~~690.000~~ kr. Skr.nr. RX848

VW Passat W/G 4WD 5 gíra
Á götuna: 06.99 Ekinn: 125.000 km
Verð: ~~790.000~~ kr. Skr.nr. JE464

Toyota Prius Hybrid sjsk.
Á götuna: 11.00 Ekinn: 58.000 km
Verð: ~~1.090.000~~ kr. Skr.nr. SZ580

Líttu inn hjá umboðsmönnum Toyota um allt land eða komdu á malarplanið við hliðina á Toyota á Nýbýlavegi.

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

BETRI NOTAÐIR BÍLAR TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 421-4888

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

GENGIÐ 10.11.2006

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	67,29	67,61
Sterlingspund	129,05	129,67
Evra	86,66	87,14
Dönsk króna	11,618	11,686
Norsk króna	10,567	10,629
Sænsk króna	9,550	9,606
Japanskt jen	0,5732	0,5766
SDR	100,22	100,82

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
119,5097
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Matvís heimsækir vinnustaði til að kanna ráðningarkjör erlendra starfsmanna:

Makar og börn í aukavinnu

VINNUMARKAÐUR Matvís, Matvæla- og veitingafélag Íslands, stendur á næstunni fyrir vinnustaðaheimsóknum til að afla upplýsinga um stöðu erlendra starfsmanna og ráðningarkjör þeirra í matvæla- og veitingageiranum. Matvís hefur ráðið starfsmann til að sinna þessu.

Níels S. Olgeirsson formaður segir að verið sé að kortleggja átakið og ákveða hvernig eigi að standa að því. Sennilega verði reynt að ná samkomulagi við starfsgreinafélögin um samstarf.

Níels segir ljóst að atvinnurekendur forðist að skrá fagmenntaða útlendinga í Matvís ef þeir komist upp með annað. „Þegar við komum á veitingahús lendum við í því að hluti starfsfólksins er félagsmenn hjá okkur og aðrir í Eflingu. Það gengur ekki upp að athuga okkar mann en láta Eflingarmanninn vera. Þetta hlýtur því að vera samstarfsverkefni," segir hann.

Miklum innflutningi fólks fylgi alltaf börn og makar sem taki íhlaupavinnu og skrái sig hvergi. Þetta verði að kanna. „Við erum að reyna að afla okkur upplýsinga um hve mikið þetta er. Við fáum mikið af kvörtunum um að það sé nánast óþolandi að geta ekki fengið afgreiðslu á veitingastað, í að minnsta á ensku," segir hann. **- ghs**

ÞJÓNUSTA Á ENSKU „Við fáum mikið af kvörtunum um að það sé nánast óþolandi að geta ekki fengið afgreiðslu á veitingastað allavega á ensku," segir Níels S. Olgeirsson, formaður Matvís.
FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Komust hjá umferðarsektum:

Skuldum skellt á látinn mann

SYDNEY, AP Yfir 200 ástralskir ökumenn hafa komist hjá hraða- og stöðumælasektum með því að skella skuldinni á tvo menn, annan látinn. Lög á svæðinu kveða á um að ef ökumaður sver eið þess efnis að hann hafi ekki verið undir stýri þegar brot var framið þá sleppi hann við sekt.

Í ljós kom að 238 ökumenn höfðu skellt skuldinni á sömu tvo mennina – annan þeirra látinn. Ökumennirnir höfðu þannig komist undan því að greiða samtals rúmlega fjórar milljónir í sektir. Margir þeirra eiga yfir höfði sér allt að fimm ára fangelsi fyrir að sverja falskan eið. **- sh**

Einn nýliði í hópi átta efstu manna

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Össur Skarphéðinsson og Jóhanna Sigurðardóttir höfnuðu í þremur efstu sætunum í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík. Ágúst Ólafur Ágústsson varð í fjórða sæti. Um 4.800 manns kusu í prófkjörinu.

PRÓFKJÖR Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður flokksins, hlaut um 70 prósent atkvæða í efsta sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík sem fram fór í gær. Hún segist ánægð með niðurstöðuna.

„Ég vissi alltaf að listinn yrði sterkur því að það voru öflugir frambjóðendur á ferðinni og eiginlega nánast sama hvernig á hann raðaðist, listinn hefði alltaf orðið sterkur. Forysta flokksins almennt fær góðan stuðning, formaður, varaformaður og formaður þingflokks. Síðan er jafnræði milli kynja á listanum þannig að þetta er öflugur listi sýnist mér."

Össur Skarphéðinsson þingflokksformaður hlaut örugga kosningu í annað sætið, en hann sóttist eftir 2. til 3. sæti. „Ég er ákaflega ánægður með það að forystan fékk sterka kosningu. Það er gott veganesti inn í komandi vetur þar sem flokkurinn þarf að standa sameinaður. Það er tregablandið fyrir mig að sjá á eftir góðum félaga, Guðrúnu Ögmundsdóttur, úr öruggu sæti, en maður kemur í manns stað." Jóhanna Sigurðardóttir sóttist einnig eftir 2. til 3. sæti og hafnaði í því þriðja.

Mest var baráttan um fjórða sætið á listanum, en alls sóttust sjö frambjóðendur eftir því sæti, þar af fimm sitjandi þingmenn. Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar, hafði betur í baráttunni við félaga sína um það sæti. „Ég er auðvitað gríðarlega ánægður. Það er úrvalsfólk alls staðar þannig að það er alveg ljóst að við hefðum alltaf fengið mjög góðan lista út úr þessu. Ég kvíði engu varðandi alþingiskosningarnar. Við höfum mikið að vinna þar. Við sjáum líka að flokkurinn kemur mjög sterkur út úr þessu prófkjöri."

Í fimmta sæti hafnaði Helgi Hjörvar, sem einnig sóttist eftir fjórða sæti. Samfylkingin hefur nú átta þingmenn í Reykjavíkurkjördæmunum tveimur.

4.842 manns tóku þátt í prófkjörinu. Um 7400 Reykvíkingar eru skráðir í flokkinn en óflokksbundnir gátu einnig kosið ef þeir skrifuðu undir stuðningsyfirlýsingu við framboðið. Í prófkjöri flokksins fyrir fjórum árum kusu 3.605. **stigur@frettabladid.is**

BEÐIÐ EFTIR FYRSTU TÖLUM Guðrún Ögmundsdóttir þingmaður, fyrir miðri mynd, varð ekki meðal tíu efstu frambjóðenda í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík. Samfylkingin er nú með átta þingmenn úr Reykjavík. Á myndinni eru frá vinstri, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Ögmundsdóttir, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.
FRÉTTABLAÐIÐ HÖRÐUR

PRÓFKJÖR Samfylkingar

1. sæti	Ingibjörg Sólrún Gísladóttir
2. sæti	Össur Skarphéðinsson
3. sæti	Jóhanna Sigurðardóttir
4. sæti	Ágúst Ólafur Ágústsson
5. sæti	Helgi Hjörvar
6. sæti	Ásta Ragnheiður Jóhannesd.
7. sæti	Mörður Árnason
8. sæti	Steinunn Valdís Óskarsdóttir
9. sæti	Kristrún Heimisdóttir
10. sæti	Valgerður Bjarnadóttir

** Þegar 4.538 atkvæði af 4.842 eða 94 prósent höfðu verið talin.*

VIÐBRÖGÐ FRAMBJÓÐENDA

Líf eftir pólitík

„Nei, þetta eru svo sem engin vonbrigði. Það er alveg líf eftir pólitík ef þetta verður niðurstaðan," segir alþingismaðurinn Guðrún Ögmundsdóttir sem hafnaði ekki á meðal tíu efstu í prófkjörinu og er því á leið út af þingi. „Það gat náttúrulega allt gerst í þessu prófkjöri og við þurftum líka bara að klára þetta. Það eru ákveðin vonbrigði auðvitað með konurnar. Strákarnir eru hástökkvarar, Ágúst, Mörður og Helgi."

Hefði viljað vera ofar

„Ég segi ekki að þetta séu vonbrigði en auðvitað fer maður í svona slag til að vera í einu af fyrstu átta sætunum," segir Valgerður Bjarnadóttir, sem sóttist eftir 3. til 5. sæti en hafnaði í því tíunda. „Ég get eiginlega ekki kallað þetta nein vonbrigði, en ég hefði viljað vera í einu af fyrstu átta sætunum, það er ekki spurning."

Sterkar konur á listanum

„Ég er mjög ánægð og ákaflega þakklát fyrir þann stuðning sem ég fékk," segir Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir. „Ég stefndi að því að vera áfram á þingi og vinna að velferðarmálum og ég fékk öruggt þingsæti. Svo erum við með mjög sterkar konur í 9. og 10. sæti þannig að kjósendum stendur til boða að fjölga öflugum konum á þingi í vor.

VIÐBRÖGÐ FRAMBJÓÐENDA

Ný kynslóð knýr dyra

„Ég er hæstánægður með þessa niðurstöðu," segir Helgi Hjörvar, sem sóttist eftir 4. sæti og lenti í því fimmta. „Menn sjá það á þessu prófkjöri að það er ný kynslóð að knýja dyra í Samfylkingunni. Við erum að fá nýtt fólk inn um allt land, til dæmis Björgvin og Róbert í suðrinu og Árna Pál og fleiri í suðvestri. Mér finnst það aðallega vera til vitnis um það að mjög sterk kynslóð er að koma inn í Samfylkinguna um land allt."

Sigur fyrir mig

„Ég lít á þessa útkomu sem sigur fyrir mig," segir Kristrún Heimisdóttir, sem hafnaði í 9. sæti, en sóttist eftir því fimmta. „Ég var að keppa við sitjandi þingmenn og fyrrverandi borgarstjóra og er því mjög ánægð. Ég er sérstaklega ánægð með það að það sem ég talaði fyrir, sem var breytt atvinnustefna, breytt hagstjórn og nýjar félagslegar lausnir, það hefur greinilega fengið hljómgrunn og ég er mjög stolt af þessari útkomu."

Vildi meiri endurnýjun

Ég hefði viljað sjá meiri endurnýjun," segir Steinunn Valdís Óskarsdóttir, fyrrverandi borgarstjóri, sem lenti í áttunda sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar í Reykjavík. „Ég stefndi á fjórða sætið en það var við mjög marga öfluga þingmenn að etja. Ég næ inn í hópinn og er sátt við það. Ég hef ýmsa fjöruna sopið í prófkjörum, bæði unnið og tapað – þetta er svona mitt á milli. Nú er bara að setja undir sig hausinn og vinna áfram."

Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

VEÐURSPÁ

ÁFRAM LEIÐINDATÍÐ
Það verður víða hvasst nú með morgninum en lægir smám saman eftir hádegi. Hins vegar er einkennandi fyrir kort dagsins talsvert mikil úrkoma og hún verður í hvítu formi fyrir norðan og austan, allavega framan af degi. Í nótt hvessir svo aftur fyrst norðvestan til en síðan víðar. Mjög hvasst verður annað kvöld með snjókomu á Vestfjörðum og norðan og austan til.

HORFUR Í HÖFUÐBORGINNI Í DAG
Stíf sunnan- og síðar suðvestan átt en lægir eftir hádegi. Mikil rigning. Hiti 5-10 stig.

um hádegi »



» á morgun



15-23 m/s norðan og vestan til annars hægari. Kólnandi veður.

» þriðjudagur



Fremur hvöss norðaustan átt. Kalt í veðri.

um hádegi »

Kaupmannahöfn	8 °C rigning	London	13°C léttskýjað	Alicante	22°C hálfskýjað
Þórshöfn	8°C skúrir	París	12°C hálfskýjað	Barcelona	20°C hálfskýjað
Osló	3°C hálfskýjað	Frankfurt	9°C skúrir	Algarve	22°C heiðskírt
Stokkhólmur	3°C skúrir	Friedrichshafen	5°C rigning	Krít	21°C heiðskírt
Gautaborg	8°C skúrir	Berlín	7° C rigning	Las Palmas	26°C hálfskýjað

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

1. SÆTI METSÖLULISTANS!

Ungur og bláeygur íslensku-
fræðingur heldur til náms í
Danmörku og hittir þar landa sinn,
gamlan prófessor. Prófessorinn býr
yfir skelfilegu leyndarmáli sem leiðir
hann og lærisvein hans í mikla
háskaför um þvera Evrópu – þar
sem mannslíf eru léttvæg fundin.



Arnaldur Indriðason

2006 Besta bók ársins í flokki glæpasagna (Grafarþögn) – Publishers Weekly
2006 Tilnefndur til Martin Beck (Kleifarvatn) – sænsku glæpasagnaverðlaunin
2006 Frönsku glæpasagnaverðlaunin (Mýrin) – Le Prix Mystère de la Critique
2006 The Black Heart verðlaunin í Frakklandi (Mýrin) – Le Prix du Coeur Noir
2006 Tilnefndur til IMPAC írsku bókmenntaverðlaunanna (Mýrin)
2005 Gyllti rýtingurinn (Grafarþögn) – The CWA Gold Dagger Award
2005 Ein af tíu eftirtektarverðustu glæpasögum í Bandaríkjunum (Mýrin) – Kansas City Star
2005 Ein af 8 bestu glæpasögum Hollands (Röddin) – crimezone.nl
2005 Martin Beck (Röddin) – sænsku glæpasagnaverðlaunin
2005 Ein af 10 bestu glæpasögum Bretlands (Grafarþögn) – CrimeSquad.com
2004 Tilnefndur til Íslensku bókmenntaverðlaunanna (Kleifarvatn)
2004 Ein af bestu glæpasögum ársins í Nýja Sjálandi (Mýrin) – The New Zealand Herald
2004 Tilnefndur fyrir bestu glæpasöguna í Hollandi (Grafarþögn) – crimezone.nl
2004 Tilnefndur til Martin Beck (Grafarþögn) – sænsku glæpasagnaverðlaunin
2003 Besta glæpasagan í Hollandi 2003 (Mýrin) – crimezone.nl
2003 Besta glæpasaga ársins í Svíþjóð (Mýrin) – Swedish Caliber
2003 Tilnefndur til Martin Beck (Mýrin) – sænsku glæpasagnaverðlaunin
2003 Glerlykillinn – Norrænu glæpasagnaverðlaunin (Grafarþögn)
2002 Tilnefndur til Menningarverðlauna DV (Mýrin)
2002 Glerlykillinn – Norrænu glæpasagnaverðlaunin (Mýrin)
2001 Tilnefndur til Íslensku bóksalaverðlaunanna (Grafarþögn)

Bækur Arnaldar hafa hlotið fjölda viðurkenninga bæði hér heima og erlendis. Nú síðast var **Kleifarvatn** tilnefnd til **Martin Beck** verðlaunanna í ár og er það í fjórða sinn sem bók eftir hann er tilnefnd til þeirra verðlauna. Þá hefur hið virta tímarit **Publishers Weekly** tilnefnt bókina **Grafarþögn** sem **Bók ársins** 2006 í flokki spennusagna.

Lestu fyrsta kafla Konungsbókar á www.edda.is

Edda
edda.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA

KJÖRKASSINN

Notarðu mannbrodda í hálkunni?

Nei	88%
Já	12%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Ertu farin(n) að hlakka til jólanna?

Segðu þína skoðun á Vísir.is

Grótta dró til baka kæruna vegna deiliskipulagsins á Hrólfskálamel:

Bærinn lofar sáttatilboði

SKIPULAGSMÁL „Við tókum kæruna til baka og ætlum að sjá hvað kemur upp úr hattinum hjá þeim," segir Bjarni Torfi Álfþórsson, formaður íþróttafélagsins Gróttu á Seltjarnarnesi, sem kærði bæjaryfirvöld vegna nýs deilskipulags á Hrólfsskálamel.

Grótta telur að með nýja skipulaginu sé farið á svig við niðurstöður íbúakosningar á Seltjarnarnesi sem gerði ráð fyrir 1.000 fermetra viðbyggingu við íþróttamiðstöðina á Hrólfsskálamel.

Jónmundur Guðmarsson bæjarstjóri segir á móti að nú séu í bígerð á bilinu tvö til þrjú þúsund fermetrar af nýjum íþróttamannvirkjum, meðal annars líkamsrækt, barnasundlaug og stúkubyggingu. Bjarni segir þau mannvirki ekki verða á Hrólfsskálamel eins og samþykkt hafi verið.

„Það er sennilega hvergi lagt eins mikið á hvern íbúa í íþrótta- og æskulýðsstarf eins og á Seltjarnarnesi. En við viljum tryggja, að þótt ekki verði reist viðbygging á morgun á Hrólfsskálamel, að gert sé ráð fyrir þeim möguleika áður en landið er allt selt."

Grótta dró kæru sína til baka hjá úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála eftir að meirihluti sjálfstæðismanna í bæjarstjórn skrifaði undir yfirlýsingu um að lagt yrði fram sáttatilboð í hádeginu á morgun, mánudag. Þá um kvöldið ákveður stjórn Gróttu hvort lögð verður fram kæra að nýju áður en kærufrestur rennur út á þriðjudag. **- gar**

BJARNI TORFI ÁLFÞÓRSSON Formaður Gróttu bíður átekta eftir tilboði bæjaryfirvalda. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Lögreglan í Los Angeles:

Barsmíðar vekja reiði

BANDARÍKIN Lögreglan í Los Angeles sætir nú harðri gagnrýni vegna mynda sem sýna lögreglumenn beita miklu harðræði við handtöku í ágúst í sumar. Málið hefur vakið óhug og reiði meðal almennings.

Vegfarandi tók myndirnar þegar verið var að handtaka hinn 24 ára gamla William Cardenas og gengu þær um netheiminn á vefsíðunni YouTube. Talsmaður lögreglunnar telur að eðlilega hafi verið staðið að handtökunni og að viðbrögð lögreglumanna hafi verið rétt. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem lögreglan í Los Angeles sætir gagnrýni fyrir harðræði. **- áp**

Tæpur helmingur vill Geir H. Haarde

Um 48 prósent segjast vilja að Geir H. Haarde verði næsti forsætisráðherra samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins. 22 prósent nefna Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur og um 17 prósent Steingrím J. Sigfússon. Aðrir eru sjaldnar nefndir.

SKOÐANAKÖNNUN Flestir segjast vilja sjá Geir H. Haarde, forsætisráðherra og formann Sjálfstæðisflokksins, áfram í starfi samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. 47,9 prósent þeirra svarenda sem afstöðu tóku nefna hans nafn.

Næstflestir nefna Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, formann Samfylkingar, eða 22,0 prósent. Þá nefna 16,6 prósent Steingrím J. Sigfússon, formann Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs.

Hinir tveir formennirnir eru nefndir í innan við fimm prósentum tilvika. 3,8 prósent segjast vilja að Jón Sigurðsson, formaður Framsóknarflokksins, verði næsti forsætisráðherra og 2,8 prósent segjast vilja að Guðjón Arnar Kristinsson, formaður Frjálslynda flokksins, verði næsti forsætisráðherra.

6,9 prósent sögðust vilja einhvern annan en formenn stjórnmálaflokkanna sem næsta forsætisráðherra. Í nánast öllum tilfellum voru stjórnmálamenn úr Sjálfstæðisflokki eða Samfylkingu nefndir. Af sjálfstæðismönnum var Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra oftast nefnd. Af samfylkingarfólki var Össur Skarphéðinsson oftast nefndur.

Ef miðað er við fylgi stjórnmálaflokkanna samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins sem birt var á fimmtudag, er ljóst að kjósendur vilja ekki alltaf að formenn þeirra flokka sem þeir hyggjast nú kjósa verði næsti forsætisráðherra. Geir H. Haarde og Steingrímur J. Sigfússon eru oftar nefndir en fylgi flokksins segir til um, en aðrir formenn eru sjaldnar nefndir.

Fylgi Sjálfstæðisflokksins reyndist 38,5 prósent og er persónufylgi Geirs H. Haarde því 9,4 prósentustigum meira en flokksins. Karlar vilja frekar að Geir verði næsti forsætisráðherra en konur og nefna 52,9 prósent karla hans nafn, en 41,3 prósent kvenna. Þá hefur Geir frekar fylgi á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni og er hann nefndur af 51,6 prósentum svarenda á höfuðborgarsvæðinu, en 42,7 prósentum íbúa í landsbyggðarkjördæmum.

Vinstri græn mældust með 13,6 prósenta fylgi og er persónufylgi Steingríms J. Sigfússonar 3,3 prósentustigum umfram fylgi flokksins. Nokkuð fleiri konur en karlar vilja að Steingrímur verði næsti forsætisráðherra, eða 19,6 prósent og 14,3 prósent karla. Þá er meiri stuðningur við Steingrím af kjósendum á landsbyggðinni, sem nefna hann í 18,5 prósentum tilvika, en á höfuðborgarsvæðinu, þar sem hann er nefndur í 15,2 prósentum tilvika.

Persónufylgi Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur sem næsti forsætisráðherra er 8,4 prósentustigum minna en fylgi Samfylkingar sem mældist 30,4 prósent. Konur vilja frekar sjá Ingibjörgu Sólrúnu sem forsætisráðherra en karlar og er hún nefnd af 23,9 prósentum kvenna en 20,6 prósentum karla. Lítill munur er á afstöðu eftir búsetu.

Frjálslyndi flokkurinn var hástökkvari fylgiskönnunar Fréttablaðsins nú í vikunni, en Guðjón Arnar Kristinsson er sjaldnast nefndur sem næsti forsætisráðherra og er persónufylgi hans 8,2 prósentustigum minna en flokksins. Lítill munur er á afstöðu kynjanna, en nokkur munur er eftir búsetu. 4,5 prósent íbúa á landsbyggðinni segjast vilja að Guðjón Arnar verði næsti forsætisráðherra, en 1,6 prósent svarenda á höfuðborgarsvæðinu.

6,8 prósent sögðust myndu kjósa Framsóknarflokkinn, og er því persónufylgi Jóns Sigurðssonar þremur prósentustigum minna en fylgi flokksins. Enginn munur er á afstöðu eftir kyni en 5,6 prósent svarenda á landsbyggðinni nefna nafn Jóns, á móti 2,5 prósentum íbúa á höfuðborgarsvæðinu.

Hringt var í 800 kjósendur sem skiptust jafnt eftir kyni og hlutfallslega eftir kjördæmum. Spurt var: Hver vilt þú að verði næsti forsætisráðherra? 52,8 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar.

svanborg@frettabladid.is

Evrópusamvinnan og lýðræðið

Morgunfundur Evrópufræðaseturs á Bifröst, í samstarfi við Samtök atvinnulífsins, BSRB, ASÍ og Samtök iðnaðarins



Grand Hótel Reykjavík, miðvikudaginn 15. nóvember kl. 08:15-10 í salnum Háteigi

08:15 **Eiríkur Bergmann Einarsson**, forstöðumaður Evrópufræðaseturs Háskólans á Bifröst kynnir nýja ritgerð: ***Verktakinn í Brussel***

08:35 **Marius Vahl**, sérfræðingur í málefnum EFTA ríkjanna hjá CEPS stofnuninni (Center for European Policy Studies)í Brussel: ***Double democratic deficit influence of the EEA on democracy in Iceland and Norway.***

09:15 Pallborðsumræður og spurningar úr sal

Katrín Jakobsdóttir, bókmenntafræðingur
Kristrún Heimisdóttir, lögfræðingur
Bjarni Már Gylfason, hagfræðingur Samtaka iðnaðarins
Ögmundur Jónasson, formaður stjórnar Evrópufræðaseturs

Aðgangur er ókeypis og allir eru velkomnir

www.bifrost.is 311 Borgarnes | Sími 433 3000

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Hróksmenn hafa gefið um þúsund börnum taflsett:

Framtíðin liggur á Grænlandi

SKÁK Liðsmenn skákfélagsins Hróksins héldu til Grænlands í gær til að kenna heimamönnum skák. Þetta er sjöunda ferð Hróksins í þessum tilgangi á fjórum árum. Leiðangursstjóri er Stefán Herbertsson en með í för eru Hrafn Jökulsson, Íris Randversdóttir, Ólafur Kolbeinn Guðmundsson, Kristinn Einarsson og Björn Karlsson. Á Grænlandi mun Sigurður Pétursson, skipstjóri og veiðimaður, slást í hópinn. Skákvikur verða haldnar í grunnskólum þriggja þorpa á austurströnd Grænlands.

Hrafn segir mikinn áhuga á skák á Grænlandi og að skákin sé kærkomin viðbót við annars lítilfjörlegt félags- og æskulýðsstarf.

Hrókurinn gefur sjötíu börnum taflsett auk annars glaðnings í þessari ferð. „Eftir þessa ferð verðum við búin að gefa í kringum þúsund taflsett á Grænlandi og erum hvergi hætt. Framtíðin liggur á Grænlandi," segir Hrafn Jökulsson.

Fyrir brottförina í gær var dr. Ágúst Einarsson heiðraður á Reykjavíkurflugvelli vegna stuðnings við skáklandnámið á Grænlandi. **- áp**

MIKILL ÁHUGI Skákin nýtur mikilla vinsælda á Grænlandi fyrir tilstuðlan Hróksins.

dýrt og gott Ódýrt og gott Ódýrt og gott Ódýrt og gott Ódýrt og gott

GLÆSILEGASTA
lágvöruverðsverslun landsins
MOSFELLSBÆ

opið til kl. 19.00 lau - sun

99 kr. stk.
Coke 2 ltr

2 fyrir 1
Móa kjúklingabringur magnpakkning

1989 kr. kassi.
Pampers megapakki
3 pakkar í kassa

sýnishorn af tilboðum
Tilboðin gilda aðeins í verslun Mosfellsbæ

Mosinn
Háholt 13-15
Mosfellsbær

KRÓNAN

Opið alla daga
virka daga 11- 20
lau-sun 11-19

VEISTU SVARIÐ?

1 *Hvaða heimsfrægi leikari birtist nýverið sem stuðningsmaður Árna Johnsen?*

2 *Skagamaðurinn Hjörtur Hjartarson er genginn til liðs við nýtt knattspyrnulið. Hvað heitir það?*

3 *Hversu stór hluti Íslendinga taldi rétt að hefja hvalveiðar samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 42.

Æðstu embættismenn Rússlands funduðu með Írönum um kjarnorkumál í gær:

Pútín fundaði með Larijani

MOSKVA, AP Vladimir Pútín, forseti Rússlands, fundaði í gær með Ali Larijani, aðalsamningamanni Írana í kjarnorkumálum, á sveitasetri sínu skammt fyrir utan Moskvu. Á fundinum voru einnig Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, og Igor Ivanov, öryggisráðgjafi forsetans. Tilgangur fundarins var að reyna að fá Írana til að hefja á ný samningaviðræður við ríkin sex, Bandaríkin, England, Frakkland, Kína, Rússland og Þýskaland, um að Íranar slaki á kjarnorkuáætlunum sínum.

Eftir að fyrstu fundarlotunni með rússneskum embættismönnum lauk á föstudag sagði Larijani útilokað að Íranar myndu falla frá kjarnorkuáætlunum sínum. Hann ýjaði einnig að því að Íranar myndu slíta öll tengsl við Alþjóðakjarnorkumálastofnunina ef til þess kæmi að alþjóðasamfélagið myndi beita þá refsiaðgerðum eins og lagt hefur verið til af Evrópuþjóðum.

KUMPÁNLEGIR Vladimir Pútín, til hægri, tekur í hönd Ali Larijani, aðalsamningamanns Írana í kjarnorkumálum.

Lavrov sagði að loknum fundinum í gær að enn stæðu vonir til að flötur fyndist á málinu og að hægt væri að ljúka samningaviðræðunum við Írana á viðunandi hátt. - sh

Fagna ákvörðun stjórnvalda:

Mikilvægt skref

MENNTAMÁL Rauði kross Íslands fagnar ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að verja 100 milljónum til að efla íslenskukennslu fyrir útlendinga hér á landi. Það hefur komið fram í könnun sem félagið hélt fyrr á þessu ári að innflytjendur sem tala ekki íslensku standa einna verst í þjóðfélaginu og þetta framtak stjórnvalda er lykillinn að lausn vandans að mati Rauða krossins.

Félagið telur þessa ákvörðun einnig vera mikilvægt skref í þá átt að gera innflytjendum kleift að nýta hæfileika sína og menntun til að verða fullgildir þátttakendur í íslensku samfélagi. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Rauða krossi Íslands. - áp

VIÐ ÞURFUM STERKARI FRAMSÓKN!

Prófkjör okkar framsóknarmanna snýst ekki um einstaklinga heldur flokk. Framsóknarmenn þurfa miklu sterkari flokk. Þjóðin öll þarf umbótasinnaðan frjálslyndan félagshyggjuflokk sem kann til verka á miðju stjórnmálanna og stendur óhikað öflugan vörð um hagsmuni landsbyggðarinnar.

Póstkosningu okkar lýkur á allra næstu dögum. Ég hvet þig til þátttöku og bið þig um að kjósa með framtíðarhag Framsóknarflokksins að leiðarljósi. Við þurfum sterkari framsókn. Um það snýst málið. Þar getur þitt atkvæði ráðið miklu.

Kristinn H. Gunnarsson

1. sæti

KRISTINN H. GUNNARSSON

HÖFUÐSTÖÐVAR LANDSVIRKJUNAR Lífeyrissjóðirnir áttu aldrei að geta selt skuldabréf vegna sölu á Landsvirkjun segir borgarstjóri.

Borgarráð staðfesti sölu

Meirihluti borgarráðs staðfesti í gær sölu á hlut borgarinnar í Landsvirkjun. Fulltrúar Samfylkingar segja enn að verðið sé óásættanlegt en meirihlutinn segir slíkar fullyrðingar „út í loftið“.

REYKJAVÍK Sala Reykjavíkurborgar á 45 prósenta hlut í Landsvirkjun var staðfest í gær með atkvæðum fulltrúa meirihluta Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks.

Á borgarráðsfundinum kom fram hjá Vilhjálmi Þ. Vilhjálmssyni borgarstjóra að hann teldi gagnrýni Lífeyrisjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar vegna greiðslufyrirkomulags við söluna vera byggða á misskilningi. Ábendingar um afföll á skuldabréfum sem eru hluti greiðslu ríkisins fyrir hlutinn í Landsvirkjun eigi ekki við:

„Enda var það frá upphafi viðræðna aldrei markmið samningsaðila að lífeyrissjóðirnir fengju skuldabréfin til ráðstöfunar á fjármagnsmarkaði,“ bókaði meirihlutinn í borgarráði.

Fulltrúar Samfylkingar héldu á borgarráðsfundinum til streitu því sjónarmiði að Reykjavíkurborg hefði fengið of lítið fyrir hlutinn í Landsvirkjun. „Verðið sem fæst fyrir fyrirtækið er fjarri því að vera ásættanlegt, greiðsluformið er vont og fyrirvarar um einkavæðingu halda ekki,“ segir í bókun borgarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar.

Fulltrúar Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks svöruðu því til að verðmat Samfylkingarinnar væri „heimatilbúið“ og meira og minna út í loftið. „Þær eru einungis notaðar til að breiða yfir eigið pólitískt getuleysi við sölu á hlut Reykjavíkurborgar í Landsvirkjun.“ - gar

VILHJÁLMUR Þ. VILHJÁLMSSON Borgarstjórinn segir Samfylkinguna reyna að fela pólitískt getuleysi með heimatilbúnu verðmati á Landsvirkjun.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

DAGUR B. EGGERTSSON Oddviti Samfylkingarinnar sem segir illa staðið á sölunni á hlut borgarinnar í Landsvirkjun.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000

Kennsluréttindi á einu ári

Kennsluréttindanám hefst í janúar 2007

Sjá www.khi.is

Umsóknarfrestur til 30. nóvember

Kennaraháskóli Íslands v/Stakkahlíð

KENNARAHÁSKÓLI ÍSLANDS

LENNON & SINFÓNÍAN

hljómleikar til heiðurs John Lennon
háskólabíói 1. desember 2006

: : söngvarar
björn jörundur
hildur vala
kk
eivör pálsdóttir
jón ólafsson
páll rósinkrans
sigurjón brink
magnús þór sigmundsson
haukur heiðar hauksson (dikta)
jens ólafsson (brain police)

: : rokkhljómsveit
jón ólafsson
guðmundur pétursson
stefán már magnússon
pétur örn guðmundsson
friðrik sturluson
jóhann hjörleifsson

tónlistarstjóri : : jón ólafsson
útsetningar : : haraldur vignir sveinbjörnsson
konsertmeistari : : sigrún eðvaldsdóttir
hljómsveitarstjóri : : árni harðarson
kynnir : : sigurður skúlason

: : flutt verða lög eftir John Lennon sem
hafa verið útsett fyrir sinfóníuhljómsveitina
og rokkhljómsveit af þessu tilefni

give peace a chance

John Lennon

miðasala hefst á morgun kl 10

lennon.is
midi.is

Varnir Íslands

AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

HERÆFING Í NAFNI ESB Breskir hermenn á heræfingu í Lyneham á Englandi í október í fyrra, þar sem líkt var eftir hernaðaríhlutun í Afríku í nafni Evrópusambandsins, að varnarmálaráðherrum ESB-ríkjanna ásjáandi. Í nafni sameiginlegrar öryggis- og varnarmálastefnu ESB eru evrópskir hermenn nú í verkefnum í Bosníu, Makedóníu og Kongó. Enn sem komið er skipta ESB og NATO þó þannig með sér verkum, að NATO sér um „harða" hlið öryggismála álfunnar en ESB aðrar hliðar þeirra. NORDICPHOTOS/AFP

Evrópuvæðing öryggismálanna

Nánara samstarf við Evrópusambandið gæti eflt öryggi Íslendinga á öðrum sviðum en hernaðarlegum, en efling „harðs" öryggis hérlendis er að mestu undir Íslendingum sjálfum komið. Forsenda fyrir því er mótun sjálfstæðrar varnarmálastefnu.

Fjórða grein.

Þegar rætt er um öryggis- og varnarmál er greint á milli „harðs" öryggis og „mjúks". Hið fyrrnefnda á við um ráðstafanir til að bregðast hernaðarlega við utanaðkomandi ógn við öryggi ríkisins en hið síðarnefnda á við um allar aðrar hliðar öryggisráðstafana, þar sem hernaðarleg viðbrögð eru óþörf. Eftir brottför varnarliðsins er „hörðu" öryggi landsins ábótavant, um það eru þeir sérfræðingar sammála sem Fréttablaðið hefur leitað álits hjá. Aðrar hliðar öryggismála hafa hins vegar verið efldar hérlendis, meðal annars með styrkingu Landhelgisgæzlunnar og lögreglunnar og því samráði og samstarfi sem kveðið er á um í nýja samkomulaginu við Bandaríkin, en ekki sízt þó með efldu samstarfi við systurstofnanir í nágrannalöndunum.

Hnattvæðingin hefur skilað Íslandi miklum ávinningi, en hún á sér líka skuggahliðar sem kalla á að öryggisráðstafanir séu ekki vanræktar. Þetta á við um ráðstafanir gegn hryðjuverkastarfsemi, skipulagðri glæpastarfsemi á borð við smygl á fólki og hættulegum efnum, gegn farsóttum og mengunarslysum, en einnig gegn hefðbundnum ógnum við líf og limi fólks á harðbýlli eldfjallaeyju, það er náttúruhamförum.

Lítum líka til Svía og Finna

Alyson Bailes, forstöðumaður sænsku friðarrannsóknastofnunarinnar SIPRI og gestakennari í alþjóðastjórnmálum við Háskóla Íslands, segir mikilvægt þegar lagt er mat á valkosti Íslands í öryggismálum, að taka tillit til þess að helztu ógnir nútímans eru þess eðlis að þær kalla ekki á hernaðarleg viðbrögð. Þetta endurspegli nýja samkomulagið við Bandaríkin. Gegn hættum á borð við hryðjuverk, farsóttir, náttúruhamfarir, mengunarslys, eða smygl á efna-/sýklavopnum varði mestu að hafa öflugar almannavarnir, sem hafi viðbragðsáætlanir, búnað, þjálfaðan mannafla og skipulag til taks til að bregðast við með skilvirkum hætti ef slík ógn kemur upp.

ALYSON BAILES Forstöðumaður SIPRI.

Bailes segir mikla þróun hafa orðið í þessum málum á síðustu árum og að Íslendingar gætu lært heilmikið af hinum Norðurlandaþjóðunum í þessu efni, og þá ekki aðeins NATO-bandamönnunum Norðmönnum og Dönum, heldur Svíum og Finnum ekki síður. Síðastnefndu þjóðirnar segir hún nú vera komnar í sama bát og Íslendingar, að því leyti að þær þurfi að treysta þessar öryggisráðstafanir sínar alveg eins og við.

„Mér er það fullljóst að Íslendingar eru óvanir að hugsa til Svía og Finna þegar öryggismál eru annars vegar, enda voru öryggislausnir þessara þjóða þveröfugar við þær sem Íslendingar treystu á allan kaldastríðstímann. Svíar og Finnar leyfðu engan erlendan her innan sinna landamæra og treystu á að geta kvatt eiginlega alla þjóðina í herinn á hættutímum, á meðan Íslendingar hafa aldrei viljað hafa neinn eigin her og treystu þess í stað algerlega á að erlendur herafli tryggði varnir þeirra.

Bailes mælir því með því að Íslendingar nýti sér vel samráðið við hinar Norðurlandaþjóðirnar; það gæti „stytt þeim leið" að góðum lausnum á vandamálunum. „Hinar Norðurlandaþjóðirnar gætu jafnvel boðið hagnýta aðstoð þar sem þær hafa á að skipa fleiri sérfræðingum í efnavopnum, svo dæmi séu tekin, sem gætu þá komið Íslendingum til aðstoðar ef þeir yrðu fyrir slíkri árás."

Nánari tengsl við ESB

Til viðbótar við Norðurlandasamráðið segir Bailes það liggja mjög nærri að leita nánara samstarfs við Evrópusambandið. „Væri Ísland fullgildur aðili að sambandinu er alveg ljóst í mínum huga að það væri nú þegar komið í margvíslegt samráð um að móta nýja öryggismálastefnu, svo sem með tilliti til orkuöryggis. ESB er sem stendur mjög upptekið af því að efla evrópskt samstarf á því sviði. Þetta er eitt af því sem Ísland stendur alveg utan við en gæti grætt á að vera þátttakandi í."

„Harðar" öryggistryggingar býður Evrópusambandið þó ekki upp á, enn sem komið er að minnsta kosti. Í ströndum stjórnarskrársáttmála ESB er ákvæði um samstöðuskyldu aðildarríkjanna, ef eitt eða fleiri þeirra verða fyrir skakkaföllum á borð við hryðjuverk eða náttúruhamfarir. Í þessum málum kemur NATO líka að mjög takmörkuðu gagni, að sögn Bailes. NATO geti ekki haft forystu um þær hliðar öryggismála sem nú á dögum skipta mestu, eins og orkuöryggi, farsóttaöryggi, innra öryggi, umhverfisöryggi, fjármálaöryggi o.s.frv. Þetta séu mál sem varði alla Evrópumenn, í flestum tilvikum Íslendinga líka. „Það er ESB sem er vettvangurinn til samhæfingar lausna í öllum þessum málum. Og þegar Bandaríkjamenn vilja ræða slík mál við Evrópumenn snúa þeir sér til Evrópusambandsins," segir Alyson Bailes.

Evrópuvæðingin löngu hafin

Reyndar má halda því fram, að Evrópuvæðing íslenzkra öryggismála hafi hafizt strax fljótlega upp úr lokum kalda stríðsins, með þeirri útvíkkun öryggishugtaksins sem þær breyttu aðstæður höfðu í för með sér. Við brottfall sóvézku ógnarinnar glataði Ísland hernaðarlegu mikilvægi sínu og Íslendingar urðu að leggja meira af mörkum til sameiginlegs öryggis NATO en aðstöðu fyrir herstöð. Þótt þátttaka Íslands í friðargæzlu hafi upprunalega verið hugsuð sem sýnilegt framlag til NATO er hún dæmi um mjög „evrópska" áherzlu, enda hafa Íslendingar meira að segja tekið þátt í slíkum verkefnum (á Balkanskaga), sem unnin eru í nafni sameiginlegrar öryggis- og varnarmálastefnu Evrópusambandsins. Það sem þó hefur „evrópuvætt" íslenzk öryggismál mest er þátttakan í Schengen-samstarfinu, sem felur í sér víðtækt Evrópusamstarf um landamæra- og löggæzlu.

Afdrifaríkt skref í átt að Evrópuvæðingu „harðs" öryggis Íslands var stigið árið 2002, er Bandaríkjamenn færðu yfirstjórn Keflavíkurstöðvarinnar frá Virginíu til Evrópuherstjórnar Bandaríkjahers í Stuttgart í Þýzkalandi. Þar með hætti Keflavíkurstöðin að vera liður í eigin landvarnakerfi Bandaríkjanna og varð þess í stað eins og hver önnur herstöð Bandaríkjamanna í Evrópu. Að sögn Vals Ingimundarsonar sagnfræðings vísuðu bandarískir ráðamenn strax á árinu 2004 íslenzkum stjórnvöldum á að leita til annarra Evrópuríkja í NATO til að sinna lofthelgiseftirliti hér.

Erlendir varnarmálasérfræðingar, sem vitnað var til í síðustu grein í þessum greinaflokki, hafa sagt að nærtækast væri fyrir Íslendinga í núverandi stöðu að bjóða Keflavíkurflugvöll fram til æfinga fyrir herþotur evrópskra NATO-ríkja. Það gæti skerpt vitund evrópsku bandamannanna fyrir varnarþörfum Íslands, sem ekki veitti af þar sem hún væri lítil sem engin eftir að ráðamenn austanhafs hafa í hálfa öld vanizt því að Bandaríkjamenn „sæju alveg um" Ísland.

Mótun sjálfstæðrar varnarstefnu

Hvort Ísland nýti fyrirhugaðar árlegar heræfingar, sem kveðið er á um í nýja samkomulaginu við Bandaríkin, til að stofna með þessum hætti til efldra varnartengsla við Evrópu, eða grípi til annarra ráðstafana til að stoppa upp í veikar hliðar íslenzkra öryggismála, er ljóst að aðalforsendan fyrir því sem gert verður er að mótuð verði vel skilgreind öryggis- og varnarmálastefna fyrir íslenzka lýðveldið, sem tekur tillit til hinna breyttu aðstæðna og er byggð á eigin sjálfstæða mati Íslendinga á varnarþörfum sínum. Þar sem öryggismál landsins skiptast að óbreyttu á mörg ráðuneyti er líka ástæða til að velta því fyrir sér, hvort ekki reynist þörf á því að sameina stjórn þessara mála í eitt fagráðuneyti, sem gæti líka haldið betur utan um hið fjölþjóðlega samstarf og þá þekkingu sem til er í landinu á þessu sviði.

ÖRYGGIS- OG VARNARMÁLASTEFNA ESB

Jafnvel þótt sameiginlega utanríkis- og öryggismálastefna Evrópusambandsins hafi orðið til með Maastricht-sáttmálanum árið 1992 var það ekki fyrr en í lok tíunda áratugarins sem aðildarríkin urðu sammála um að fela ESB eitthvert hernaðarlegt hlutverk. Fyrsti áfanginn að þessu var þegar leiðtogar Frakka og Breta ákváðu á fundi í Saint Malo árið 1998 að leggja til að ESB-ríkin legðu meira sameiginlega af mörkum til að gæta öryggishagsmuna Evrópu – og það hernaðarlega ef þörf krefði.

Tillagan hlaut allgóðar viðtökur hjá ráðamönnum hinna ESB-ríkjanna og á leiðtogafundi ESB í Helsinki árið 1999 var samþykkt að koma í áföngum á fót svokölluðu hraðliði, sem skyldi skipað 60.000 hermönnum. Hugmyndin var sú að ESB-ríkin gætu sent þetta hraðlið til að gegna verkefnum á borð við friðargæzlu – eða jafnvel að koma á friði – á svæðum þar sem þau væru sammála um þörfina á slíkum aðgerðum. Með þessu hefur ESB yfirtekið flest þau hlutverk sem áður voru Vestur-Evrópusambandsins, VES, burtséð fá ákvæðinu um að árás á eitt aðildarríki sé sjálfkrafa álitið árás á þau öll.

Náin NATO-tengsl

Alveg fram til leiðtogafundarins í Nizza (Nice) í desember 2000 var togast mjög á um það innan ESB að hve miklu leyti Atlantshafsbandalagið ætti að fá að hafa eitthvað um það að segja ef ESB-ríkin vildu grípa til aðgerða sem fælu einnig í sér beitingu hervalds. Niðurstaða samþykkta ESB um þetta efni varð ótvíræð; ESB áskilur sér rétt til að taka ákvarðanir um slíkar aðgerðir, óháð NATO. Ný öryggis- og varnarmálastefna ESB (ESDP) varð fljótt sýnilegri en sameiginlega utanríkis- og öryggismálastefnan, sem hún fellur undir. Það er fyrst og fremst hinn hernaðarlegi þáttur sem hefur gert hana sýnilegri. Hin Norðurlöndin fjögur leggja öll til hermenn í norræna hersveit evrópska hraðliðsins, sem lýtur forystu Svía. En þróun hernaðalegrar getu ESB hefur kallað á nánara samstarf við NATO.

Jafnvel þótt komast þurfi að niðurstöðu um ýmis mál áður en unnt reynist að virkja ákvæði sameiginlegu öryggis- og varnamálastefnunnar, bendir flest til þess að þróun stefnunnar á komandi árum muni að miklu leyti verða komin undir því hvernig aðildarríkjunum gengur að samhæfa ólíka hagsmuni sína og mismikinn pólitískan vilja til aðgerða á þessu sviði. Þótt aðildarríkin hafi ítrekað lýst sig samþykk því að stefnt skuli að því að auka hæfni sambandsins til að tala einni röddu hefur reynslan sýnt að öllu erfiðara er að hrinda þessu í framkvæmd þegar um umdeild utanríkismál er að ræða. Klofningurinn sem varð milli ESB-ríkjanna í afstöðunni til hernaðaríhlutunar í Írak er dæmi um mál þar sem sambandinu mistókst að koma sér saman um sameiginlega afstöðu.

Þessi klofningur breytir þó engu um það hve náið samstarf Evrópuríkin eiga við Bandaríkin á sviði öryggismála. ESB hefur tekið að sér hlutverk í hinni alþjóðlegu baráttu gegn hryðjuverkastarfsemi. Það samstarf er mestmegnis á sviði innanríkis- og dómsmála, þar á meðal Schengen-samstarfið sem Ísland er virkur þátttakandi í.

CAPACENT KYNNIR

NÆSTU NÁMSKEIÐ Á DÖFINNI

Capacent Ráðgjöf býður uppá fjölbreytt tímasett námskeið fyrir stjórnendur, sérfræðinga, sölumenn og starfsfólk fyrirtækja og stofnana. Áherslur Capacent Ráðgjafar í þjálfun eru að: þjálfunin sé hagnýt og taki mið af þeim aðstæðum sem að þátttakendur þekkja, efnistök séu í tengslum við íslenskan raunveruleika og að þátttakendur fái verklega æfingu í þeim þáttum sem er verið að kenna.

- **Starfsþróun**
  16. nóv. kl. 13:15-17:15 og 17. nóv. kl. 9-17
  Verð: 39.500 kr.
  Leiðbeinendur: Fjóla María Ágústdóttir, MBA
  og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, M.A.

- **Að stjórna jafningjum**
  21. nóv. kl. 13-16 og 22. nóv. kl. 9-12
  Verð: 26.500 kr.
  Leiðbeinandi: Vilmar Pétursson, M.Sc.

- **Starfsmannasamtöl**
  23. og 30. nóv. kl. 9-12
  Verð: 26.500 kr.
  Leiðbeinendur: Ása Karín Hólm Bjarnadóttir, Cand.Merc.
  og Fjóla María Ágústdóttir, MBA.

- **Að taka á erfiðum starfsmönnum**
  28. nóv. kl. 13-17
  Verð: 15.500 kr.
  Leiðbeinandi: Vilmar Pétursson, M.Sc.

- **Framkoma og ræðumennska**
  27. og 29. nóv. kl. 18-22
  Verð: 29.500 kr.
  Leiðbeinandi: María Ellingsen, BA.

- **Traust ráðgefandi sala**
  29. nóv. og 6. des. kl. 8:30-12:30
  Verð: Námskeiðið kostar 29.500 kr. en persónuleikaprófið CCSQ kostar 13.500 kr. án vsk. Samtals: 43.000 kr.
  Leiðbeinandi: Hólmar Svansson, MS.

- **Viðtalstækni, ráðgjöf og starfslok**
  7. des. kl. 13:15-17:15 og 8. des. kl. 9-13
  Verð: 29.500 kr.
  Leiðbeinandi: Vilmar Pétursson, M.Sc.

LEIÐBEINENDUR

FJÓLA MARÍA ÁGÚSTDÓTTIR

GYLFI DALMANN AÐALSTEINSSON

VILMAR PÉTURSSON

ÁSA KARÍN HÓLM BJARNADÓTTIR

MARÍA ELLINGSEN

HÓLMAR SVANSSON

Skráning er hafin á www.capacent.is

Við vekjum athygli á því að þátttakendur geta sótt um styrki til námsins hjá námssjóðum verkalýðs- og fagfélaga.

Skráning og nánari upplýsingar
Sigrún Árnadóttir í síma 540 1000, namskeid@capacent.is
og á www.capacent.is/namskeid

www.capacent.is

capacent RÁÐGJÖF

skoðun

greinar@frettabladid.is

Frami og farsæld karla – og kvenna:

Nýr feðradagur

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR

Nýr tyllidagur er orðinn til með ráðherrabréfi: Feðradagurinn. Ekki færri en þrír félagsmálaráðherrar eiga hlut að þessum tilbúningi, allir karlar sem hafa klifið metorðastiga Framsóknarflokksins og setið á Alþingi með tilstyrk kjördæmaskipunar sem mismunar kjósendum eftir búsetu.

Nýi tyllidagurinn á að beina sjónum almennings að kjörum feðra í samfélagi nútímans, ekki því forræði sem karlar hafa um allan aldur haft í valdstjórn landsins og menningu, heldur veikum hliðum, snöggum blettum þeirrar karlamenningar sem ríkir hér og karlar, feðraveldið, ræður.

Vandi karlmanna er yfrinn: þegar í bernsku búa þeir við æ gisnara skjól á heimilum foreldra, bæði einstæðra og í sambúð. Skólakerfið sinnir ekki þörfum þeirra eins og nýjar rannsóknir sýna fram á. Drengjum er hættara við brottfalli úr námi en stúlkum. Og félagslega standa þeir höllum fæti: áfengissýki og efnaneysla er meiri hjá körlum en konum. Þeir gangast undir atvinnuhætti sem heimta af þeim langan vinnudag og ræna þá eðlilegu samneyti við börn sín og ættgarð. Enn verri er staða einstæðra feðra. Og sá hópur sem verst stendur í ört stækkandi hópi einstæðinga eru karlar komnir yfir miðjan aldur.

Nýi feðradagurinn á að koma í staðinn fyrir bóndadaginn forna. Kyndugt að Framsóknarflokkurinn sem hefur þrifist á atkvæðum kjósenda til sveita og telur sig öðrum flokkum þjóðlegri stofni tyllidag bóndadegi til höfuðs. Forsvarsmenn nýjungarinnar treysta á að verslun og þjónusta geri daginn að sínum. Hann verði dagur gjafa og neyslu eins og innfluttir bræður hans: allraheilagamessan forna sem heitir upp á nútíma íslensku hallóvín og valentínusardagurinn ameríski.

Upptaka erlendra hátíðisdaga í árinu lýsir bæði djúpri vanþekkingu á fornum tyllidögum í kristinni menningu og lífi þjóðarinnar. Víst er staða ungra og aldinna karla í íslensku samfélagi um margt erfið. En sá vandi verður ekki ræddur eða leystur með tyllidagaprjáli.

Feðradaginn fyrsta ber reyndar upp á mikla prófkjörshátíð stóru flokkanna, Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar. Í gær var ráðið í þremur stórum kjördæmum hvernig konur og karlar skipuðust niður í efstu sæti framboðslista vorsins. Í dag gefur að líta hvaða jafnrétti er með konum og körlum á listum þessara flokka í stærstu kjördæmum landins. Prófkjör liðinna vikna gefa til kynna að enn sé langt í land að jafnræði ríki í framboði karla og kvenna til löggjafarþingsins.

Styrkur kvenlægra sjónarmiða í lagasetningu og lífsháttum okkar kann að ráða mestu um hvort feður þessa lands búa við bærileg og mannsæmandi kjör í framtíðinni. Konum er brýnna að standa vörð um heimili, afkomu þeirra sem höllum fæti standa, hag barna og unglinga en körlum. Sagan kennir það hér á landi. Því gæti það helst orðið karlkyninu til bjargar og hagsbóta að máttur kvenna yrði meiri í samfélaginu. Sjónarmið mildi og gæsku, umönnunar og athygli réðu meiru, lífi karla á öllum aldri til bóta.

Tyllidagurinn nýi á að vera yfirbót en er yfirklór. Hann gerir ekki annað en staðfesta félagslegar aðstæður sem upphafsmenn hans hafa borið ábyrgð á í meira en áratug en ekki megnað að breyta neinu um.

Ríkari vonir má binda við að konur rétt ráði meiru. Ekki einungis á feðradaginn nýja og bóndadaginn gamla, heldur alla daga.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365
RITSTJÓRAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson ABSTOÐARRITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason FULLTRÚAR RITSTJÓRA: Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Gimp í Kópavogi

Eyþór Guðjónsson, sem er orðinn landsfrægur eftir leik sinn í hryllingsmyndinni Hostel, er sniðugur gaur. Í fyrra bauð hann leikstjórunum Eli Roth og Quentin Tarantino í mat heim til sín í Vesturbænum í Kópavogi og ákvað að gera kvöldið eftirminnilegt. Skömmu eftir að borðhald hófst fóru að berast ógnvekjandi hljóð úr kjallaranum, dempuð öskur, krafs og klór. Matargestir höfðu orð á þessu en Eyþór sagði þeim að þetta væri ekkert óeðlilegt. Hljóðin ágerðust og náðu hámarki þegar kjallarahurðin var brotin niður og út stökk nakinn maður með leðurgrímu og rauða kúlu í kjaftinum. Gimpið hljóp ýlfrandi fram hjá veisluborðinu og út í nóttina. Hinir heimsfrægu leikstjórar gerðu góðan róm að gríninu enda náttúrlega verið að vísa beint í Pulp Fiction. Ekki minnkaði gleðin þegar gimpið sneri skömmustulegt til baka. Amatörleikarinn sem tók djobbið að sér hafði gleymt býllyklunum sínum.

Gullkind jarmar á ný

Síðustu tvö ár hefur Gullkindin verið afhent við lítinn fögnuð þeirra sem verðlaunin hljóta. Verðlaunin eru hugsuð sem mótvægi við Edduna og eru veitt þeim sem lakast þykja hafa staðið sig í hinum ýmsu greinum dægurmenningarinnar. Útvarpsþátturinn Tvíhöfði stóð fyrir fyrstu Gullkindinni en í fyrra tók Capone við kyndlinum. Nú er Gullkindin enn að bresta á og verða tilnefningar kynntar bráðlega. Sjálf verðlaunin verða svo afhent í kringum mánaðamótin á virðulegri samkundu.



Silvía tekur Madonnu

Hætta er á að ansi mörgum Íslendingum finnist sem nóg sé komið af Silvíu Nótt eftir ofskammtinn á Eurovision. Það stoppar þó ekki dívuna því plata og nýir þættir eru væntanlegir á næsta ári. Miklar þreifingar eru með markaðssetningu í útlöndum og á MTV að hafa sýnt mikinn áhuga. Nýja sjónvarpsþáttaröðin verður á ensku og platan er langt komin. Þar verður að finna nútímalegt nýtt popp og lostafulla útgáfu af „Material girl" Madonnu.

gunnarh@frettabladid.is

Íslendingar af erlendu bergi brotnir

ILLUGI GUNNARSSON
Í DAG | UM INNFLYTENDUR

Ég stundaði framhaldsnám í London á árunum 1998 til 2000. Það var mjög auðvelt að vera útlendingur í þeirri borg og í skólanum voru nemendur af rúmlega 50 mismunandi þjóðernum. Í vinnuhópnum mínum voru ásamt mér tveir Bandaríkjamenn, einn Indverji, einn Ástrali, einn Brasilíumaður og Kínverji hvers foreldrar höfðu komist frá Kína og endað í Glasgow af öllum stöðum. Ég fullyrði að enginn í þessum hóp hafði minnsta snert af rasisma en við vorum öll útlendingar í London, útlendingar með mjög ólíkan menningarlegan bakgrunn.

Fyrstu dagarnir fóru í kynningu á skólanum og því sem máli skipti fyrir okkur áður en sjálft námið hófst. Meðal annars var okkur kynnt sem einhvers konar vísindaleg staðreynd að á sjöundu viku væru yfirgnæfandi líkur á því að samstarfið í vinnuhópnum myndi bresta. Þá væri vinnuálagið það mikið að menningarlegur mismunur gerði vart við sig, menn hættu að sýna skilning, hættu að hafa þolinmæði fyrir því sem var öðruvísi í fari náungans.

Og þrátt fyrir góða vináttu gekk það eftir, Brasilíumanninum fannst Bandaríkjamennirnir vera alltof smámunasamir, Bandaríkjamennirnir voru reiðir út í Indverjann sem hafði annan skilning á reglum um höfundarrétt en þeir höfðu, Indverjinn líkti öðrum Bandaríkjamanninum (kvenkyns) við Lísu Simpson, ég og skoski Kínverjinn vorum á því að allir væru orðnir vitlausir og sá eini sem hélt haus var Ástralinn. Allt fór þó vel að lokum og okkur tókst að leysa málin, enda ekki annað hægt, skólagjöldin alveg gríðarlega há.

Þessir atburðir rifjuðust upp fyrir mér þegar umræðan um útlendinga á Íslandi fór af stað. Það er mjög gott að við ræðum þessi mál opinskátt og af alvöru. Fjölmargir hafa áhyggjur af því hvernig samfélaginu okkar gengur að taka á móti útlendingum og þær áhyggjur á ekki að afgreiða sem rasisma. Rasismi er einstaklega ógeðfelldur og ber með sér allt það versta sem hægt er að finna í fari fólks. Við eigum ekki að gera slíku fólki þann greiða að flokka það með þeim sem vilja tala af alvöru um málefni innflytjenda. Við rasista eigum við alls ekki að tala, en stjórnmálamenn verða að ræða af skynsemi við alla þá sem hafa áhyggjur af þeirri þróun sem verið hefur hér á landi undanfarin ár. Það er engin ástæða til þess að horfast ekki í augu við fámenni þjóðarinnar og þá spurningu hversu mörgum innflytjendum við getum tekið vel á móti.

Í mínum huga er engin spurning um það að Ísland þarf á innflytjendum að halda og samfélagið okkar er betra og fjölbreyttara vegna þeirra. En á sama tíma væri það barnalegt að ætla að engin vandamál geti komið upp vegna þessa. Það er nóg að spyrja sig þeirrar spurningar hvort við treystum okkur til dæmis til að taka á móti 50.000 útlendingum eða 100.000? Við þurfum að gæta þess að þeir sem hingað flytja komi til þess að vinna og að þeir vinni á þeim töxtum og kjörum sem samið hefur verið um í kjarasamingum, undantekningar þar frá eiga ekki að líðast. Jafnframt skiptir öllu máli að aðlögun að samfélaginu okkar gangi vel fyrir sig.

Aðlögun þýðir ekki að innflytjendur eigi að gleyma uppruna sínum og hefðum. Þvert á móti, við Íslendingar styrkjum okkar eigin menningu með því að hér býr fólk með mismunandi menningarlegan bakgrunn. En við viljum ekki að þeir sem hingað flytja festist í menningarlegum afkimum, við viljum að þeir verði hluti af okkar samfélagi, okkar menningu og sögu. Að þeir verði fyrst Íslendingar og síðan Pólverjar, Filippseyingar eða hverrar þjóðar sem þeir eru.

Landar okkar sem á sínum tíma fluttu til Kanada eru stoltir af íslenskum uppruna sínum en þeir eru fyrst og síðast Kanadamenn. Við eigum að nýta okkur að það eru margir sem vilja flytja til okkar og búa með okkur. Við eigum að nota skólakerfið til að tryggja að börn innflytjenda verði jafníslensk og önnur börn, við eigum að taka eins vel á móti innflytjendum og við getum. Gleymum ekki að það hefur gerst í okkar sögu að barn innflytjenda settist í stól forsætisráðherra, það heitir Geir H. Haarde.

Við eigum að tryggja að innflytjendur þekki rétt sinn og það er til dæmis óþolandi að heyra að það séu hér konur af erlendum uppruna sem þora ekki að fara frá mönnum sem berja þær og misnota af ótta við að vera vísað úr landi. En við eigum ekki að láta eins og þetta sé vandalaust verkefni eða að þeir sem hafi áhyggjur séu rasistar. Það er ávísun á uppgang slíkra afla að horfa ekki til reynslu annarra þjóða í næsta nágrenni við okkur.

Hitamál og heilbrigð skynsemi

UMRÆÐAN
Loftlagsbreytingar

BIRGIR TJÖRVI PÉTURSSON

Í grein hér í blaðinu 8. nóvember fjallaði Jón Ormur Halldórsson dósent m.a. um mikilvægi aðgerða alþjóðlegra ríkisstofnana vegna loftslagsbreytinga. Þar sagði „Hlýnun jarðar er þegar farin að valda pólitískum vandamálum sem virða ekki landamæri. Sívaxandi straumur flóttamanna frá Afríku til Evrópu á sér til dæmis að hluta til rætur í breyttu veðurfari sem veldur langvarandi þurrkum. Margir telja líka að fjöldamorðin í Darfur eigi sér rætur í þessu."

Vissulega er um að ræða pólitískt hitamál sem virðir ekki landamæri. En það er ögrun við heilbrigða skynsemi að halda því fram, að rót fólksflótta frá Afríku til Evrópu undanfarið, sé hlýnandi veðurfar vegna aukins útblásturs mannsins á gróðurhúsaloftegundum. Og setja það í samhengi við aðgerðir til að stemma stigu við útblæstri á Vesturlöndum. Fyrir það fyrsta hefur fólkið í þessum heimshluta lengi þurft að glíma við langvarandi þurrka. Það er ekkert nýtt. En fleira, miklu mikilvægara, kemur til.

Milljónir Afríkubúa eru fórnarlömb fátæktar. Og þegar grannt er skoðað kemur það ekki á óvart. Réttarríki er ekki til staðar. Spilling er útbreidd. Eignarréttur og önnur mannréttindi njóta lítillar viðurkenningar og verndar. Verulegar hömlur eru á frelsi til viðskipta, innan ríkjanna sem utan. Lífskjör eru því afar bágborin og þróun mjög hæg. Þetta gerir fátækum Afríkubúum ekki aðeins erfiðara að takast á við vandamál. Skortur á grunninnviðum heilbrigðs samfélags býr þau beinlínis til. Þess vegna yfirgefur þetta ógæfusama fólk heimili sín og ferðast til ríkja þar sem lífsbaráttan virðist ganga betur. Hvort það er einni gráðu hlýrra að meðaltali nú en það var fyrir 10 árum í þessum löndum, vegna mengandi hegðunar mannkyns, er fullkomið aukaatriði í þessu samhengi. Þessar fullyrðingar eru vægast sagt mjög, mjög vafasamar.

Alla tíð hafa hörmungar dunið yfir mannkynið vegna veðurfars. Hungur þar sem þurrkar eru tíðir, sjúkdómar þar sem smitberar dafna vel og stríð þar sem deilt er um náttúrugæði. Aðalatriðið er að gera fólki kleift leysa vandamálin, laga sig að aðstæðum. Ég er ekki sannfærður um að alþjóðlegar ríkisstofnanir og hömlur á atvinnufrelsi í heiminum muni hjálpa fátækustu íbúum heims – sem hlýnun jarðar myndi helst bitna á – í þeirri viðleitni.

Höfundur er framkvæmdastjóri Rannsóknarmiðstöðvar um samfélags- og efnahagsmál.

Ógnarstjórnir

UMRÆÐAN
Hannesi svarað

Í Fréttablaðinu 20. október síðastliðinn minnist Hannes Hólmsteinn Gissurarson aðeins á hlerunarmálið eftir að hafa rakið raunir sínar um eigin aðgang og annarra að skjölum. Í orðum sínum minnist Hannes á óvinveitt ríki sem stjórnvöld hér á landi hafi hræðst. Stjórnvöld hér á landi hafi njósnað um samskipti fólks við þetta ríki með hjálp Stóra bróður í vestri. Kjarni málsins sagði Hannes og hitti naglann á höfuðið. Rússneska þjóðin, hvurs ríkisstjórn Hannes var að tala um, hefur nefnilega aldrei verið okkur óvinveitt. Né aðrar þjóðir. Ég veit hreinlega ekki um neina þjóð sem er óvinveitt annarri. Með tíðari samskiptum milli manna á dögum vaxandi samskipta við önnur lönd hafa augu manna opnast. Í hinum löndunum býr ósköp svipað fólk. Fólk með sömu drauma og þrár. Fólk sem eyðir eins miklum tíma í streðið fyrir lífinu. Vinna fyrir fjölskyldunni, ala upp börnin, eiga smá tíma fyrir sjálfan sig, lifa í friði. Það búa sem sé ekki villimenn í hinum löndunum. Villimenn sem bíða á ströndinni með atgeir í hendi eða fingur á ör. Sem betur fer vita flestir hér á jörð að lífið snýst um að lifa í sátt og samlyndi hver við annan. Vita að lífið á að snúast um samvinnu en ekki einhverja óljósa keppni um hver kemst fyrstur í mark. Sumar ríkisstjórnir eru hræddar við þessi auknu samskipti manna á milli og koma á njósnastofnunum til þess að fylgjast með. Það eru einmitt þannig ríkisstjórnir sem takmarka aðgang fólks að skjölum. Ríkisstjórnir sem ala á tortryggni og ótta og telja sitt hlutverk vera að ógna öðrum stjórnum. Afleiðingin er sú að fólk lifir í ótta við ríkisstjórnir en ekki annað fólk. Það eru ekki þjóðir sem eiga í ófriði hvor við aðra heldur afvegaleiddar ríkisstjórnir. Gagnkvæm virðing og vinátta er það sem þjóðirnar vilja rækta sín á milli. En það er misjafn sauður í mörgu fé. Alvarlega biluðum einstaklingum tekst stundum með múgæsingu að draga margmenni með sér í stríðsrekstur. Hvort þessi stríðsrekstur kallast her, hryðjuverk eða annað skiptir engu máli. Afleiðingin er alltaf sú sama. Fjöldamorð á eigin tegund. Og þessir sömu halda að þeir séu að berjast fyrir friði. En friður verður ekki að veruleika fyrr en allir hætta að berjast. Kominn er tími til að ríkisstjórnir hætti að ráðskast með þjóðir. Hætti að draga þær með í gamla sandkassaleikinn þar sem skotin ganga á víxl. Ríkisstjórnir eiga að vinna fyrir þjóðirnar af heilindum. Að uppbyggingu hinna ýmsu verkfæra sem þjóðin þarf á að halda. Engin þjóð þarf á her- eða njósnaþjónustu að halda. Það eru bara hræddar ríkisstjórnir með minnimáttarkennd sem þurfa slíka þjónustu.

ARNAR YNGVASON

Höfundur býr á Akureyri og er ekki í framboði.

GEFÐU FRÍ Í JÓLAGJÖF

Komdu virkilega á óvart um þessi jól. Flugferð með Icelandair til Evrópu eða Bandaríkjanna er besti jólapakkinn í ár.

+ Pantaðu jólapakkann á www.icelandair.is.

Evrópa	24.900 kr.*
Bandaríkin	34.900 kr.*
Saga Class Evrópa	49.900 kr.*
Saga Class Bandaríkin	54.900 kr.*

*Skattar eru innifaldir í verði.

Einungis fyrir handhafa Vildarkorta VISA og Icelandair.

Evrópa	29.900 punktar**
Bandaríkin	43.900 punktar**

**Greiða verður flugvallarskatta (Evrópa 8.200 kr., USA 13.200 kr.)

20% barnaafsláttur gildir í almennu farrými.

Safnaðu Vildarpunktum
VISA

WWW.ICELANDAIR.IS

Sölutímabil er til 24. des kl. 18:00. 2006. Bókunartímabil er til og með 26. jan 2007. Ferðatímabil er til og með 31. maí 2007 á alla staði nema Gautaborg, Bergen, Halifax sem er til 15 júni.
Tilboðið gildir til allra áfangastaða nema Orlando og Salzburg. Lágmarksdvöl er aðfaranótt sunnudags. Takmarkað sætaframboð. Sjá nánari skilmála á www.icelandair.is
Þessar ferðir gefa 3.000 til 12.400 Vildarpunkta. Jólapakkarnir fást líka á söluskrifstofum Icelandair og í Fjarsölu í síma 50 50 100.

50% afsláttur

Móa kjúklingabringur magnpakkning

Kjúklingur

998 kr. kg.

Krónu ferskt lambalæri

6 fyrir 4

Egils jólaöl 0,5 ltr

Lays snakk 3 teg

179 kr./pk.

Shop R. ferðapokar

Tilbúnir fyrir Leifstöð

2 fyrir 1

McCain super wedges, 750g

269 kr./pk.

Goða skinka tvöfaldur pakki

Rice Krispies 450g

249 kr./pk.

99 kr. stk.

Pepsi & Pepsi light 2 ltr

Weetos morgunkorn

469 kr./pk.

Jólatuskudýr lítil

299 kr./stk.

Jólatuskudýr miðstærð

399 kr./stk.

Jólatuskudýr stór

599 kr./stk.

KRÓNAN

Ódýrt og g

ýrt g got

dýrt og got

SPARAÐU STÓRT

998 kr./kg.
Goða grísagúllas /snitsel

41% afsláttur

1238 kr./kg.
Kea londonlamb

298 kr./kg.
Móa kjúklingabitar blandaðir

Krónubrauð stórt & gróft
2 fyrir 1

Borgarnes kæfur, 3 teg
199 kr./pk.

Odense marsipan Okonomi
458 kr./pk.

Maxwell house kaffi 500g
318 kr./pk.

20% afsláttur
Delfi ostur

Happy Day ávaxtasafar
269 kr./stk.

Nóa 200g kókósbitar
169 kr./pk.

Náttúra Frisee salat
199 kr./pk.

Hatting hvítlauksbrauð
199 kr./stk.

Hatting ostabrauð
184 kr./stk.

KRÓNAN

CHARLES MANSON FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1934

„Mér fannst ég aldrei vera eðlilegur og ég reyndi heldur aldrei að vera það.“

Brjálæðingurinn Charles Manson er 72 ára í dag. Hann afplánar lífstíðardóm í Kaliforníu með möguleika á reynslulausn á næsta ári.

tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 12. NÓVEMBER 1980

Skýrar ljósmyndir af Satúrnusi

Fyrstu skýru ljósmyndirnar af reikistjörnunni Satúrnusi bárust til jarðar þennan dag árið 1980. Geimfarið Voyager 1, sem var sent út í geiminn árið 1977, tók myndirnar sem áttu eftir að nýtast vísindamönnum afar vel til að kynnast þessari miklu reikistjörnu betur.

Á myndunum sáust m.a. gul og appelsínugul ský svífa í kringum stjörnuna. Tókst vísindamönnunum að telja yfir eitt hundrað mismunandi skýjahringi í stað þeirra sex sem þangað til höfðu sést frá jörðu. Kom það þeim mjög á óvart að þeir voru mun flóknari en þeir héldu.

„Leyndardómur hringjanna, bygging þeirra og hvernig þeir virka, verður alltaf meiri og meiri,“ sagði Dr. Bradford Smith, einn vísindamannanna. Satúrnus er sjötta reikistjarnan frá sólu. Hún er næststærsta reikistjarna sólkerfisins á eftir Júpíter og nefnd eftir rómverskum guði. Eru hringirnir í kringum stjörnuna aðallega úr ís og grjóti.

SATÚRNUS Reikistjarnan, sem er sú næststærsta í sólkerfinu, er hin sjötta frá sólu.

MERKISATBURÐIR

1918 Austurríki verður lýðveldi.
1942 Sjóorrustan við Guadalcanal milli bandarískra og japanska hersins hefst.
1948 Hideki Tojo, fyrrverandi forsætisráðherra Japans, er dæmdur til dauða fyrir stríðsglæpi ásamt fleiri ráðamönnum Japans í seinni heimsstyrjöldinni.
1969 Bandarískri blaðamaðurinn Seymour Hersh segir fyrstur frá fjöldamorðum bandarískra hersins í My Lai í Víetnam.
1982 Júrí Andropov tekur við af Leoníd Brésnev sem aðalritari sovéska Kommúnistaflokksins.
1999 Mikill jarðskjálfti verður í Tyrklandi og farast þar meira en 800 manns.

AFMÆLI

Samúel Örn Erlingsson, íþróttafréttamaður og frambjóðandi Framsóknarflokksins, er 47 ára.

Sigurlaug M. Jónasdóttir fjölmiðlakona er 43 ára.

†

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

Bjarney Ragnheiður Jónsdóttir

frá Þrúðvangi, Vestmannaeyjum,

lést á dvalarheimilinu Hraunbúðum í Vestmannaeyjum 9. nóvember sl. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Örn Aanes
Hólmfríður Sigurðardóttir **Ragnar Jóhannesson**
Gerður Guðríður Sigurðardóttir,
Ragnheiður Anna Georgsdóttir **Einar Þ. Waldorff,**
Barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.

†

Okkar elskulegi og ástkæri,

Guðmundur Ingi Ólafsson

Hólabraut 14, Skagaströnd,

lést á gjörgæsludeild Landspítalans 8. nóvember. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Ólafur R. Ingibjörnsson **Hrönn Árnadóttir**
Árný Guðrún Ólafsdóttir **Haraldur Friðriksson**
Rebekka Laufey Ólafsdóttir **Ari Þór Guðmannsson**
Brynjar Max Ólafsson
Ingibjörn Hallbertsson

†

Hjartans þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts

Jóns Guðlaugssonar

fyrrv. framkvæmdastjóra Sælgætisgerðarinnar Opal.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki við Hjúkrunarheimilið Sóltún fyrir kærleiksríka umönnun og allar góðu samverustundirnar.

Magnús Heiðar Jónsson **Inge Christiansen**
Guðlaugur Gauti Jónsson
Birgir Rafn Jónsson **Ingibjörg Norberg**
Sturla Már Jónsson **Steinunn Pálsdóttir**
barnabörn og barnabarnabörn.

LEGSTEINAR OG FYLGIHLUTIR Í MIKLU ÚRVALI

Steinsmiðjan MOSAIK
Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is

AUS Á ÍSLANDI: 45 ÁR FRÁ ÞVÍ AÐ SJÁLFBOÐALIÐASKIPTI HÓFUST

Stuðla að fjölmenningu

Í ár eru liðin 45 ár síðan ungmennaskipti hófust á vegum AUS, Alþjóðlegra ungmennaskipta. Samtökin eru sjálfboðaliða- og fræðslusamtök sem stuðla að því að kynna ungt fólk fyrir framandi menningarheimum. „Við sendum íslenska sjálfboðaliða út og tökum á móti sjálfboðaliðum frá öðrum löndum,“ útskýrði Anna Lúðvíksdóttir, framkvæmdastjóri AUS á Íslandi. „Núna erum við með tólf manns frá Íslandi úti um allan heim, í Afríku, Suður-Ameríku og Evrópu. Þau vinna að samfélagslegum verkefnum, með götubörnum, fötluðum eða öldruðum, svo eitthvað sé nefnt,“ sagði Anna. „Hingað koma svo krakkar frá Afríku, Suður-Ameríku, Asíu og jafnvel Evrópu, en samtökin eru styrkt af Ungu fólki í Evrópu, áætlun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.“

Anna segir sjálfboðaliða samtakanna öðlast mikla reynslu af skiptunum. „Þeir læra tungumálið og ferðast mikið. Svo er öflugt félagslíf í kringum samtökin, en hér byggist það mikið upp á fyrrverandi sjálfboðaliðum og þeim erlendu sjálfboðaliðum sem eru staddir hér hverju sinni.“ Aðsókn Íslendinga í skiptin er nokkuð jöfn, en um fimmtán til sautján manns halda utan á hverju ári. „Við reynum svo að hvetja fólk til að gerast mentorar fyrir sjálfboðaliða eða taka á móti þeim inn á heimili sitt. Það er alltaf svolítill skortur á fósturfjölskyldum,“ sagði Anna.

Hún segir aðalmarkmið samtakanna að stuðla að fjölmenningu og vinna gegn fordómum. „Við viljum auka skilning og umburðarlyndi í samfélaginu. Það hefur líka sýnt sig hjá þeim sem fara út, og eins þeim sem koma hingað, að þessi reynsla brýtur niður múra og einhverjar staðalímyndir. Þegar fólk fær að reyna þetta sjálft breytist hugarfar þess,“ sagði hún, og segir það ekki óalgengt að erlendir sjálfboðaliðar haldi héðan altalandi á íslensku eftir aðeins árs dvöl. „Það fer eftir því hvaðan og úr hvaða umhverfi þau koma, en ef þau leggja sig fram reynist það þeim ekki erfitt að ná tökum á málinu,“ sagði hún.

Samtökin blása til veisluhalda á laugardaginn, og segir Anna að áhugasamir séu hjartanlega velkomnir þó veislan sé sérstaklega hugsuð fyrir félagsmenn og fyrrverandi sjálfboðaliða. Veisluhöldin eru jafnframt fjáröflun, og er aðgangseyrir því 500 krónur. Aðalfundur samtakanna fer fram fyrr um daginn. **sunna@frettabladid.is**

ANNA LÚÐVÍKSDÓTTIR OG HERA HANNESDÓTTIR Segja reynslu sjálfboðaliða brjóta niður múra og staðalímyndir. FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

Nýtt bókakaffihús í Eymundsson

Mikið hefur verið um að vera í bókabúðinni Eymundsson í Austurstræti undanfarið og gerðar hafa verið talsverðar breytingar á búðinni sem er fastur punktur í lífi margs miðbæjarmannsins. Í gær var nýtt bókakaffihús á vegum fyrirtækisins Te og kaffi opnað með pompi og prakt, en það breiðir úr sér á nýrri hæð í búðinni. „Þetta er tíu ára gamall draumur hjá okkur,“ sagði Þórunn Inga Sigurðardóttir, verslunarstjóri. „Við ætluðum að framkvæma þetta þegar búðinni var breytt fyrir tíu árum síðan, en svo frestaðist þetta ár frá ári eins og gengur,“ sagði Þórunn. „Kaffihúsið er á sérhæð, en svo höfum við líka komið fyrir stólum og borðum við gluggann sem snýr út að Austurstræti,“ sagði Þórunn. Breytingarnar hafa þó meira í för með sér en ljúffengt kaffi, því með stækkuninni fá bæði erlenda og íslenska deildin meira pláss.

„Okkur finnst ofsalega gaman að fá þetta líf inn í búðina, því bókabúð er náttúrulega skemmtistaður,“ sagði Þórunn. „Fólk getur sest niður með kaffi og flett bókunum, og svo verður líka þráðlaust internet á kaffihúsinu.“ Í tilefni af opnuninni stóð Eymundsson fyrir skemmtidagskrá í gær, rithöfundar lásu úr verkum sínum og tónlistarmenn tróðu upp. Þórunn segir slíkar uppákomur væntanlega verða fleiri í framtíðinni, bæði með upplestrum og tónlistaratriðum.

Kaffihúsið er skemmtileg viðbót í flóruna í miðbænum, og gæti orðið ljúfur áningarstaður og kærkomin hvíld í jólaösinni sem brátt knýr dyra.

- sun

ÞÓRUNN INGA SIGURÐARDÓTTIR Framkvæmdir voru í hámarki á föstudag, en Þórunn segir kaffihúsið vera tíu ára gamlan draum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

alltaf fjör í nettó

allt til alls

þú sparar 995 kr/kg

50% afsláttur

995 kr/kg.
Verð áður 1.989 kr/kg

BK VILLIKRYDDAÐ LAMBALÆRI

50% afsláttur

149 kr/kg.
Verð áður 299 kr/kg

MATFUGL KJÚKLINGAVÆNGIR

ódýrt

50% afsláttur

199 kr/kg.
Verð áður 399 kr/kg

FROSNIR KALKÚNALEGGIR

399 kr/kg

Lausfryst línuýsa

þú sparar 1.128 kr/kg

30% afsláttur

2.631 kr/kg.
Verð áður 3.759 kr/kg

GOURMET KRYDDAÐ LAMBAFILLET M/FITU

75 kr/stk

Pepsi light 2 ltr.

2,5 kg

þú sparar 1.600 kr/ds

1.899 kr/ds.

Machintosh 2,5 kg.

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími 12. nóvember eða á meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto

Stækkunaráform í höndum íl

Hafnfirðingar munu kjósa um það hvort stækkunaráform álvers Alcan í Straumsvík nái fram að ganga. Sú atkvæðagreiðsla er einstök í sögulegu samhengi, samkvæmt upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. ***Magnús Halldórsson*** ræddi við **Rannveigu Rist**, forstjóra ÍSAL, um stækkunaráform, stóriðjuumræðu, umdeild starfsmannamál og stjórnunarstarfið.

RANNVEIG RIST Á SKRIFSTOFU SINNI Rannveig hefur verið forstjóri í álverinu í Straumsvík í tíu ár. Hún vonast til þess að stækkunaráform nái fram að ganga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Umræða sem einkennist af upphrópunum er gagnslítil en því miður alltof algeng. Því þarf að breyta og móta stefnu með yfirveguðum umræðum, segir vélstjórinn, vélvirkinn, vélfræðingurinn, vélaverkfræðingurinn, forstjórinn og fjölskyldukonan Rannveig Rist, sem einnig lauk MBA-prófi áður en hún réð sig til starfa hjá álverinu í Straumsvík.

Hún hefur í tíu ár stýrt starfsemi álvers Alcan í Straumsvík með eftirtektarverðum árangri og freistar þess að leiða fyrirtækið inn í breytta tíma nái hugmyndir hennar og forsvarsmanna móðurfélags Alcan um stækkun fram að ganga. „Við höfum unnið markvisst að stækkuninni frá árinu 1999. Okkur er annt um að þessi áform nái fram að ganga því þau eru forsenda þess að hér verði blómlegur rekstur til langrar framtíðar. Til okkar eru gerðar miklar kröfur, ekki aðeins á sviði umhverfis- og öryggismála heldur einnig varðandi hagkvæmni í rekstri og gæði framleiðslunnar. Við höfum ávallt kappkostað að rísa undir þessum kröfum og höfum það að markmiði að gera enn betur en að uppfylla skilyrði sem okkur eru sett. Við gerum okkur grein fyrir þeim skyldum sem á okkur hvíla þar sem við rekum stórt fyrirtæki nálægt þéttbýlu svæði og sú staðreynd er öllum starfsmönnum fyrirtækisins leiðarljós í starfi. Fjöldi viðurkenninga sem við höfum fengið, m.a. fyrir umhverfis-, gæða- og starfsmannamál, sýnir að okkur er alvara í þessum efnum og ég vona að almenn sátt geti orðið um stækkun álversins.“

Hafnfirðingar ráða för

Rúmlega sjö ára langt undirbúningsferli vegna stækkunaráforma álversins tók óvænta stefnu er ljóst var að íbúar í Hafnarfirði myndu ráða för í málinu. Það kom forsvarsmönnum ÍSAL, og stjórn móðurfélags ALCAN, á óvart. Við blasir því staða sem er einstök í sögulegu samhengi, samkvæmt upplýsingum frá Þórði Skúlasyni, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga. „Mig rekur minni til þess að íbúar sveitarfélaga hafi kosið um hundahald og vínveitingaleyfi, en ekki framtíðaráform einkafyrirtækis sem hefur aðsetur í tilteknu sveitarfélagi,“ segir Þórður.

Rannveig segir þetta hafa verið óvænta stöðu. „Við gerðum okkur ekki grein fyrir þessu fyrr en eftir að við vorum komin langt í undirbúningsferlið,“ segir Rannveig og vitnar til lagagreinar í lögum Hafnarfjarðar sem þýðir að leggja þarf málið í dóm íbúa í Hafnarfirði. Í 33. grein laga Hafnarfjarðarbæjar segir: „Bæjarstjórn ber að leggja þau mál í dóm kjósenda sem hún álítur vera mjög þýðingarmikil fyrir bæjarfélagið með skoðunarkönnun eða atkvæðagreiðslu. Ef 25 prósent kosningabærra manna eða fleiri krefjast atkvæðagreiðslu ber bæjarstjórn að verða við þeirri kröfu.“

Rannveig segir stöðuna sem upp er komin hafa skapað óvissu sem sé mikilvægt að verði eytt með yfirveguðum og faglegum hætti þar sem sjónarmið álversins fái jafn mikið vægi og annarra. Hún bendir á að engin kæra hafi borist út af umhverfismati vegna stækkunarinnar á sínum tíma og hvorki íbúar né bæjaryfirvöld hafi kært útgáfu starfsleyfis sem heimilar 460 þúsund tonna framleiðslu á ári en slíkt starfsleyfi er þegar komið í gildi.

„Það er umhugsunarefni fyrir þá sem vilja fjárfesta í atvinnustarfsemi á Íslandi og forsvarsmenn atvinnulífsins hér á landi að það skuli vera kosið um framtíðaráform einkafyrirtækis eftir að umtalsverðum tíma og fjármunum hefur verið eytt í undirbúningsvinnu. Það er eðlilegt að fólk hafi skoðanir á þessu og vilji koma þeim á framfæri en verði niðurstaðan sú að svona vald sé fært til íbúanna er afar mikilvægt að skoðanaskiptin séu hreinskiptin og heiðarleg, án upphrópana eða fyrirfram gefinnar niðurstöðu. Fólk þarf hins vegar að átta sig á því að það er mikil breyting frá því sem tíðkast hefur hér á landi að íbúar geti kosið fyrirtæki í burtu, eða niður, eins og gæti orðið raunin hér í Hafnarfirði. Umræðan um réttmæti þess á vafalaust eftir að verða talsvert fyrirferðarmikil.“

Á þessum tímapunkti finnst blaðamanni grundvallaratriði, í takt við starfsáherslur Rannveigar sjálfrar, að fá skýr svör við spurningu sem verið hefur til umræðu á Alþingi og meðal almennings um nokkurt skeið:

Er það raunhæfur möguleiki að það geti komið til þess að starfsemi álversins hér í Straumsvík flytjist annað eða verði lögð niður, verði stækkunaráform ekki samþykkt?

„Ég sé ekki fyrir mér að ÍSAL verði flutt eitt eða neitt því það er ekki svo einfalt að flytja starfsemi álvera á milli landa eða landshluta. Þetta er hátækniiðnaður sem krefst flókinna lausna á ótal vandamálum sem við glímum við á hverjum degi. Líklega er álverið í Straumsvík einn tölvuvæddasti vinnustaður á Íslandi og það hafa orðið til öflug tölvufyrirtæki upp úr starfsemi sem hér hefur farið fram. Starfsemin í Straumsvík byggir öðru fremur á framúrskarandi starfsfólki sem er með afburðarþekkingu til þess að leysa hátæknileg vandamál og tryggja stöðuga framleiðslu allan sólarhringinn. Þegar horft er til þessara þátta þá er útilokað að sjá fyrir sér flutning á álverinu. Það er líka ljóst að líftími fyrirtækisins styttist ef það fær ekki að vaxa og dafna með eðlilegum hætti. Við framleiðum hátt í tvö hundruð ólíkar vörutegundir og þurfum auðvitað að standast alþjóðlega samkeppni á mörgum vígstöðvum. Við höfum náð frábærum árangri á undanförnum árum en þurfum eins og öll önnur fyrirtæki ávallt að gera betur í dag heldur en í gær.“

Raforkuverðið ekki ráðandi þáttur

Verð sem álframleiðendur greiða íslenskum orkufyrirtækjum í opinberri eigu fyrir raforku hefur verið nokkuð til umræðu í rökræðum manna á milli um stóriðju og umhverfismál. Sumir hafa litið svo á að nauðsynlegt sé að gera raforkuverðið opinbert svo hægt sé að vega það og meta, á víðum grunni, hvort sé verið að fórna of miklu fyrir of lítið.

Finnst þér eðlilegt, í ljósi þess að orkufyrirtækin sem selja raforkuna til álframleiðenda eru í opinberri eigu, að hulunni sé svipt af raforkuverðinu svo hægt sé að meta það út frá efnislegum rökum, en ekki aðeins getgátum, hversu miklir fjármunir komi inn fyrir umdeildar landfórnir vegna orkuöflunar?

„Alcan er alþjóðlegt fyrirtæki sem skoðar fjárfestingarkosti um allan heim og áform um stækkun hér eru hluti af þeirri heildarmynd. Það er hins vegar ekki raforkuverðið á Íslandi sem laðar alþjóðleg fyrirtæki eins og Alcan hingað og ég tel þann þátt vera ofmetinn í umræðunni. Alcan á t.d. kost á ódýrari raforku í Kanada, Mið-Austurlöndum og víðar heldur en hér. Það má líka horfa til þess, að hingað komu ekki erlendir fjárfestar þegar orkan var miklu ódýrari hér á landi heldur en hún er nú. Hátt menntunarstig starfsfólks hér á landi og ákjósanlegt pólitískt landslag skiptir miklu máli í þessu samhengi. Hér þurfum við til dæmis ekki að óttast götubardaga eða tíð uppþot eins og sums staðar þar sem alþjóðleg fyrirtæki starfa. Þá horfa fyrirtækin einnig til endurnýtanlegra orkugjafa, það er vatnsafls og jarðvarma, sem hér eru nýttir til þess að búa til raforku. Það eru þessir þættir sem skapa gott starfsumhverfi fyrir fyrirtæki í okkar iðnaði og raforkuverðið er því ekki eini ráðandi þátturinn. Upplýsingar um raforkuverð eru hins vegar samkeppnisupplýsingar og því viðkvæmar sem slíkar. Við sem þekkjum þessar upplýsingar erum bundin trúnaði sem við brjótum ekki.“

Starfsmannastefna í brennidepli

Uppsagnir starfsmanna sem allir höfðu starfað lengi í álverinu urðu kveikjan að töluverðri umræðu um starfsmannamál í fyrirtækinu. Samstarfsmenn þeirra sem sagt var upp störfum komu saman á fundi í Bæjarbíói í Hafnarfirði 12. október, samtals á þriðja hundrað manns af um 470 sem starfa í álverinu, og mótmæltu uppsögnunum.

Umtal vegna þessara uppsagna og viðbrögð starfsmanna við þeim, hljóta að hafa tekið nokkuð á þig sem forstjóra fyrirtækisins. Starfsmenn sýndu fyrrverandi vinnufélögum sínum stuðning sem var öllum ljós. Það er óhjákvæmilegt að spyrja í framhaldi af þessum atburðum; ertu harðstjóri? „Nei, ég hef að minnsta kosti aldrei litið þannig á sjálfa mig og ég vona að aðrir geri það ekki heldur. Ég leyfi mér að fullyrða að margt í okkar starfsmannastefnu sé til mikillar fyrirmyndar og í raun inni held ég að enginn deili um það. Við rekum til að mynda smiðju fyrir starfsmenn sem hafa lent í erfiðum veikindum eða hafa skerta starfsgetu. Þeir geta unnið léttari vinnu þar heldur en þeir gerðu áður og þetta starf hefur gengið afskaplega vel. Það er komið til móts við menn sem þarna starfa og þeim gefið svigrúm til þess að sinna sínum störfum á sínum hraða. Starfsmenn eiga kost á því að setjast í helgan

Staðreyndir um ÍSAL

- Í álverinu eru framleiddar um **200 tegundir** tegundir af áli. Það er meira heldur en algengast er í álverum víðast hvar erlendis.
- **Umhverfismat** vegna fyrirhugaðrar stækkunar hefur þegar farið fram og verið samþykkt. Gert er ráð fyrir 280 þúsund tonna framleiðsluaukningu á ári en ársframleiðslan nemur nú um **180 þúsund tonnum**. Veitt hefur verið heimild til að framleiða allt að **460 þúsund tonn á ári** en Hafnfirðingar koma til með að kjósa um hvort stækkunin verði að veruleika.
- Heildarframleiðsla álversins í Straumsvík hefur aukist umtalsvert síðustu tíu árin. Árið 1996 nam heildarframleiðslan 103.300 tonnum á ári en á **síðasta ári nam framleiðslan tæplega 180 þúsund tonnum**, sem var mesta framleiðsla frá stofnun fyrirtækisins hér á landi.
- **Bilunin í kerskála 3**, fyrr á árinu, olli umtalsverðu framleiðslutapi en þó er gert ráð fyrir að framleiðslan nemi 166.300 tonnum á þessu ári.
- Alcan á að hluta, eða öllu leyti, **22 álver á heimsvísu**. Álver Alcan í Straumsvík, ÍSAL, er **tólfta stærsta álverið** af þeim en þegar hefur verið tekin ákvörðun um að loka tveimur af þremur minnstu álverunum. Ef stækkunaráformin ná fram að ganga verður álverið það **þriðja stærsta á heimsvísu**, miðað við núverandi stöðu.
- Mikill meirihluti sumarstarfsmanna í álverinu í sumar voru konur. **Starfsmenn eru í heild um 470** talsins. Starfsmenn **verða í kringum 700** nái stækkunaráform fram að ganga og að sögn Rannveigar Rist er stefnt að mikilli **fjölgun á störfum fyrir konur**.

búa í Hafnarfirði

stein fyrr en almennt gerist á vinnumarkaði en halda engu að síður hálfum launum sínum, og einnig geta eldri starfsmenn valið að taka sér allt að þriggja mánaða frí á ári, til dæmis yfir sumartímann en fá jafnar launagreiðslur allt árið. Við tókum snemma upp jafnlaunasamninga þar sem sömu laun eru borguð óháð kyni. Hér er starfsmannavelta í algjöru lágmarki og hefur alltaf verið, hátt á annað hundrað starfsmenn hafa náð þrjátíu ára starfsaldri og þannig væri það ekki ef hér væri mikil óánægja. Vinnustaðurinn einkennist af mikilli samkennd og ég skil vel að vinnufélagar til margra ára styðji félaga sýna þegar kemur til einstakra uppsagna. Það er áfall fyrir hvern og einn að missa vinnuna og ég tel á þeim forsendum óviðeigandi að ég tjái mig um mál einstaklinga á opinberum vettvangi, jafnvel þótt ég þurfi að sitja undir ámæli vegna þess.“

Stýra í gegnum ólgusjó

Rannveig segist hafa þá trú að samsvörun fjölskyldugilda og akademískrar þekkingar sé best til þess fallin að stýra fyrirtæki í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi. Með það að leiðarljósi segist hún ná betri tengingu við starfsfólkið. „Það skiptir miklu máli að geta skilið starfsfólkið, gildi þess og viðmið svo að hægt sé að ræða við það á jafnréttisgrundvelli. Ég er fjölskyldukona og það breytist ekkert þótt ég sé í stjórnunarstörfum, hvort sem það er sem forstjóri ÍSAL eða stjórnarformaður Símans hf. Mér finnst vera mikilvægt fyrir stjórnanda að átta sig á þessum gildum. Þá finnst mér skemmtilegast af öllu að geta rætt við starfsfólkið í kaffiskúrunum um daginn og veginn. Það er minn bakgrunnur. Ég starfaði lengi í kerskálunum og þekki því starfið þar vel. Því miður hefur starf mitt breyst nokkuð og utanlandsferðir eru orðnar tíðar sem þýðir minni tími með fjölskyldunni, og einnig með starfsfólki í álverinu. Það er það sem mér finnst verst við starfið eins og það er núna, þótt ég sé ánægð í starfi.“

óvenjuleg og flókin bilun á rafmagnsbúnaði sem erfitt er að eiga við. Það var hins vegar stórkostlegt að sjá hvernig samhentur hópur starfsmanna vann við erfiðar aðstæður og ég hef sjaldnar verið stoltari af hópnum. Ég tók afgerandi ákvörðun um að nota ekki varahluti sem við gátum fengið að láni því við gátum ekki mælt nákvæmlega hvort þeir pössuðu inn í rafkerfið. Fyrirtækið notar við venjulegar aðstæður álíka mikla raforku og allt höfuðborgarsvæðið og því var full ástæða til að fara að öllu með gát. Við þurftum að hugsa hratt og taka stórar ákvarðanir á skömmum tíma en eftir á, þegar tími gafst til að fara af nákvæmni ofan í saumana á ástæðum, aðgerðum og afleiðingum bilunarinnar kom berlega í ljós að ákvarðanir sem teknar voru þessa nótt reyndust réttar og málið leystist farsællega. Við náðum skálanum í gang á algjörum mettíma og í ljósi þeirrar reynslu voru fjórir starfsmenn héðan sendir til Bretlands til þess hjálpa til við að koma kerum þar í gang eftir að þau höfðu dottið út í rafmagnsleysi sem varð þar. Hefur frammistaða okkar, bæði þegar bilunin varð og við gangsetninguna, vakið mikla athygli í áliðnaðinum um allan heim.“

Stóriðjuumræða í réttan farveg

Rannveig segist hafa fylgst náið með umræðu um stóriðju og álver, sem áberandi hefur verið á Íslandi undanfarin ár. Hún segir umræðuna þarfa en segir upphrópanir þurfa að víkja fyrir stefnu sem sé mótuð með yfirvegaðri umræðu. „Mikilvægast er að hlúa að þeim fyrirtækjum sem hafa staðið sig vel hér á landi. Það er þjóðhagslega hagkvæmt að tryggja þeim starfsumhverfi til þess að vaxa og dafna. Það verður að horfa til þess að það hefur náðst stórkostlegur árangur í umhverfismálum og það má aldrei slaka á í þeim málum. Að hluta má þakka almennri vakningu í umhverfismálum í landinu þann árangur sem við sem störfum hér í Straumsvík höfum náð enda hefur vakningin náð

RANNVEIG OG GUÐBJARTUR Á dögunum kvöddu starfsmenn Guðbjart Þormóðsson, vaktstjóra í kerskála 3, en hann var að hætta störfum í álverinu eftir áratuga starf. Rannveig sést hér með Guðbjarti áður en hann var kvaddur formlega, fimmtudaginn 9. nóvember. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> Ég sé ekki fyrir mér að ÍSAL verði flutt eitt eða neitt því það er ekki svo einfalt að flytja starfsemi álvera á milli landa eða landshluta. Þetta er hátækniiðnaður sem krefst flókinna lausna.

Hún stóð frammi fyrir sinni erfiðustu reynslu sem stjórnandi þegar alvarleg bilun kom upp í kerskála þrjú í álverinu á þessu ári.

Hún segir þá reynslu hafa gert hana að betri stjórnanda. „Það var hringt í mig að nóttu til og tilkynnt um að alvarleg bilun hefði komið upp. Ég kallaði saman Neyðarvarnastjórn og við unnum að því með yfirveguðum og skipulegum hætti að kortleggja vandamálið. Það er tvennt sem ég hafði að leiðarljósi þegar bilunin kom upp. Í fyrsta lagi að koma í veg fyrir slys á fólki og í öðru lagi að lágmarka það tjón sem við yrðum fyrir. Þetta var til fólks hér eins og annars staðar. Ég er alin upp við að aðstoða föður minn, sem var vatnamælingamaður, og ferðaðist með honum um allt hálendið og hef vaðið í öllum jökulám landsins. Mér þykir afskaplega vænt um landið eftir að hafa nánast alist upp á fjöllum öll sumur sem barn og unglingur. Ég er sannfærð um að það er hægt að ná almennri sátt á milli nýtingar- og verndunarsjónarmiða. Slík sátt næst hins vegar aðeins með því að forðast upphrópanir og einbeita sér að vandaðri og ábyrgri umræðu sem byggir á virðingu fyrir ólíkum sjónarmiðum.“ ■

Sunnudagurinn

Opið 12.00 til 18.00 í sunnudagsbúðum

Kílóbrauð
59 KR.

1 KÍLÓ
26 sneiðar

500 ml
49 KR.
Egils appelsín

500 ml
69 KR.
Bónus malt

500 ml
49 KR.
Pepsi Max

Ís 2 lítrar
149 KR.
Bónusís

Vistvæn lausn!

Burðartaska
99 KR.
VISTVÆN LAUSN!

Innkaupataska úr góðu efni

2 lítrar
98 KR.
Egils appelsín

2.5 kg
1598 KR.

Sjáðu verðið!

Stykkjaverð:
15 KR.
STJÖRNUEGG

...fyrir góðan dag!

EKKERT BRUDL

LAMBASVIÐ
kílóverð nú:
299 KR.
Merkt verð 399 KR.

KS lambasvið

byrjar í Bónus!
Hamborgarhryggur
framleiddur af Síld og Fisk
NÝREYKTUR HAMBORGARHRYGGUR
KÍLÓVERÐ NÚ:
798 KR.
Merkt verð 998KR.
2 lítrar
73 KR.
Coca-Cola light
Coca-Cola light.
Með þér um jólin
Pork Roast
helgarsteik frá ALI
PORK ROAST
Kílóverð nú:
899 KR.
MERKT VERÐ 1499KR.
40%
afsláttur
við kassann
Nýtt kortatímabil!
Kalli kartöflukóngur
mokar upp uppskerunni!
2 kíló!
39 KR.
Kartöflur
BRAGDGOTT
TUBORG
COPENHAGEN
DENMARK
GENUINE QUALITY
ENJOYED SINCE 1880
PILSNER BEER
500 ml
39 KR.
Tuborg léttöl
Súpukjöt
I. flokkur
LAMBASÚPUKJÖT
kílóverð nú:
399 KR.
Merkt verð 499KR.
...fyrir góðan dag!
www.bonus.is
BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Í minningu Eysteins Jónssonar

Þess er nú minnst að **Eysteinn Jónsson**, fyrrverandi ráðherra, alþingismaður og formaður Framsóknarflokksins, hefði orðið eitt hundrað ára á morgun. *Svavar Hávarðsson* leit til baka og kynnti sér hvað mótaði einn eftirminnilegasta stjórnmálamann þjóðarinnar. Málþing um Eystein er haldið í Þjóðmenningarhúsinu í dag.

Eysteins Jónssonar verður fyrst og fremst minnst sem dugandi og áhrifamikils stjórnmálamanns sem setti mörgum öðrum fremur svip á samtíð sína. Hann markaði spor í vegferð íslenskrar þjóðar á 20. öld. Ekki var hann einungis einn þeirra sem hvað mest mótaði flokkinn sem hann þjónaði dyggilega, heldur einnig framvindu þjóðmála sem alþingismaður og ráðherra um áratuga skeið. Sú saga Eysteins, Framsóknarflokksins og þjóðarinnar, hefur verið skráð af nákvæmni og verður ekki rifjuð upp hér. Það sem menn vita kannski minna um er uppruni Eysteins, og hvað hann sýslaði þegar tjöldin féllu á hinu pólitíska sviði.

Ferðast um á stórum steini

Eysteinn gekk frá unga aldri til þeirra verka sem til féllu á heimili foreldra sinna. Þetta var landsins siður á þeim tíma. Bæði vann hann við bústörf og mörg sumur stundaði hann sjóróðra eða vann í landi við beitningu, fiskaðgerð og saltfiskverkun.

Leikir barnanna á Djúpavogi báru svipmót umhverfis og aðstöðu og drógu dám af störfum hinna fullorðnu, sem þau sáu í kringum sig dagsdaglega. Því féllu þau fljótt og áreynslulaust inn í hin daglegu störf þegar á leið. Kannski segir það margt um mótunarárin á Djúpavogi að nokkrir stórir steinar í kirkjuholtinu eru hvað eftirminnilegastir þeirra leikfanga sem honum stóðu til boða á barnsaldri. Þeir voru reiðskjótar Eysteins og vina hans í þorpinu. Þótt þeir stæðu í stað „var samt verið að ferðast“, skrifaði Eysteinn á ævikvöldi sínu.

Gaman að dansa

Unglingsárum sínum á Djúpavogi lýsti Eysteinn á eftirfarandi hátt í viðtali við Jónínu Michaelsdóttur blaðamann fyrir helgarblað Vísis árið 1979. „Á Djúpavogi þar sem ég ólst upp var oft mikið dansað. Þá var ekki útvarp, sjónvarp eða kvikmyndahús. Skemmtanirnar voru dansinn, skautaferðir, boltaleikir, útreiðartúrar og starf í ungmennafélaginu, sem var með ýmsu móti, til dæmis fundum og leiksýningum. Lengi býr að fyrstu gerð, segir máltækið og hef ég því alltaf haft gaman af því að dansa.“

Yngstur allra

Eysteini er lýst sem duglegum og úrræðagóðum manni og til þess þarf þroskað hugmyndaflug og vinnusiðgæði. Vinnan og félagslífið á Djúpavogi mótaði skapgerð hans því greinilega á sama hátt og skólun í samvinnufræðum síðar. Hann var fenginn til ábyrgðarstarfa aðeins 21 árs að aldri og stóð í framlínu Framsóknarflokksins litlu seinna. Á þing var hann kosinn 1933, þá 26 ára og var orðinn ráðherra fjármála árið eftir, yngstur allra sem því embætti hafa gegnt.

Steinasafnari

Eysteinn hætti beinum afskiptum af stjórnmálum þegar hann hætti á þingi árið 1974. Hann hafði þá setið á þingi í rúm fjörutíu ár. Þá sneri hann sér að náttúruvernd og umhverfis- og útivistarmálum. Hann var manna fróðastur um allt sem að landafræði laut og nánast sérfræðingur um gönguleiðir í nágrenni Reykjavíkur, og var þess vegna eftirsóttur leiðsögumaður og fyrirlesari. Hann var afar vel að sér í landafræði og á mörgum og löngum gönguferðum sínum í íslenskri náttúru safnaði hann steinum og átti því ágætt steinasafn. Úrval þess geymdi hann í skáp á heimili sínu á Ásvallagötunni. Eysteinn hafði einnig fleiri áhugamál utan stjórnmálanna. Hann var vel að sér í íslenskri sögu og bókmenntum auk þess að fylgjast af skarpskyggni með heimsmálum í víðum skilningi.

Tapaðar stundir

Miklar annir í stjórnmálum höfðu komið niður á fjölskyldulífi hans. Hann og kona hans Sólveig áttu sex börn en þau voru tíðir gestir á heimili þeirra á Ásvallagötu eftir að stjórnmálaferli Eysteins lauk. Þannig var reynt að bæta upp tapaðar stundir. Fjölskyldan öll, oft þrjár kynslóðir saman, nutu oft samvista og þá oftar en ekki úti í náttúrunni sem átti hug Eysteins allan.

Að geta orðið reiður

Ef leitað er að kjarnanum í lífsspeki Eysteins þá gæti verið að hann hafi gefið hann upp við blaðakonuna Jónínu árið 1979. „Það er alveg nauðsynlegt að hafa skap og geta orðið reiður. Hins vegar er það höfuðatriði að aðhafast sem minnst í þeim ham. Þýðingarmikil lífsregla er að taka aldrei neina meiriháttar ákvörðun reiður og geta gleymt, en líka munað ef með þarf.“

Líf og starf Eysteins Jónssonar

1906: Fæddur á Hrauni á Djúpavogi 13. nóvember. Sonur hjónanna Sigríðar Hansdóttur Beck húsmóður og Jóns Finnssonar prests.

1922-1925: Stundaði verslunarstörf og sjómennsku á Djúpavogi, Stöðvarfirði og Siglufirði.

1925-1927: Nám í Samvinnuskólanum í Reykjavík og lauk samvinnuprófi. Stundaði einnig nám í Pittman`s College í Lundúnum sumarið 1929.

1927-1930: Starfar í Stjórnarráði Íslands við ýmis störf.

1932: Kvæntist Sólveigu Eyjólfsdóttur, fæddri í Reykjavík 1911. Þeim varð sex barna auðið. Sigríður (1933), Eyjólfur (1935), Jón (1937), Þorbergur (1940), Ólöf Steinunn (1947) og Finnur (1952).

1930-1934: Skattstjóri í Reykjavík.

1933: Kosinn til Alþingis sem þingmaður S-Múlasýslu, aðeins 26 ára að aldri.

1934-1939: Fjármálaráðherra.

1934-1962: Ritari Framsóknarflokksins.

1939-1942: Viðskiptaráðherra.

1943-1946: Framkvæmdastjóri Prentsmiðjunnar Eddu.

1944-1978: Í stjórn Sambands íslenskra samvinnufélaga. Formaður stjórnar 1975-1978.

1947-1949: Menntamálaráðherra.

1950-1958: Fjármálaráðherra.

1962-1968: Formaður Framsóknarflokksins.

1968-1971: Á sæti í Norðurlandaráði og formaður menningarmálanefndar þess 1969-1971.

1968-1974: Í Þingvallanefnd og formaður hennar 1971.

1972-1978: Formaður Náttúruverndarráðs.

1971-1974: Forseti sameinaðs Alþingis.

Eftir Eystein liggur fjöldi smárita og ritgerða ásamt óprentuðum handritum sem fjalla einkum um stjórnmál, útivistarmál, landnýtingarmál og náttúruvernd. Hann hlaut einnig fjölda viðurkenninga fyrir ævistarf sitt.

Eysteinn Jónsson andaðist í Reykjavík 11. ágúst 1993 á 87. aldursári. Sólveig eiginkona hans andaðist 29. júní 1995.

EYSTEINN Á HEIMILI SÍNU Þessi mynd var tekin af Eysteini vegna viðtals sem Jónína Michaelsdóttir tók við hann í maí 1979. Sólveig kona hans hafði gaman af og bað ljósmyndarann að taka mynd af vinstri vanga Eysteins því henni hafði verið sagt að hann væri talsvert betri en sá hægri. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vilhjálmur Hjálmarsson:

Var húmoristi inn við beinið

„Það fyrsta sem mér dettur í hug er hvað Eysteinn var traustur maður og þrautseigur“, segir Vilhjálmur Hjálmarsson, fyrrverandi alþingismaður og ráðherra, um samstarfsmann sinn og vin. „Það er sérstakt að Eysteinn var orðinn einn af forvígismaður Framsóknarflokksins áður en hann fékk kosningarétt. Árið 1931 hélt Eysteinn ræðu í fyrstu stjórnmálaumræðum í útvarpi. Hann varð landskunnur af þessari ræðu og eftir það var hann einn af forvígismönnum flokksins aðeins 24 ára gamall.“

Heimili Eysteins er Vilhjálmi einnig minnisstætt. „Ég var þar heimagangur áratugum saman. Hann var góður heim að sækja. Hann var heilmikill húmoristi inn við beinið en það bar meira á því á fundum þegar hann fullorðnaðist. Það kom fram í pólitískum snerrum.“ Vilhjálmur segir Eystein eftirminnilegan og að skoðanir þeirra hafi farið saman. „Við fengum sömu gildi í uppvextinum, því þó aðstæður hafi verið ólíkar hjá prestinum á Djúpavogi og bóndanum á Brekku þá voru grunngildin þau sömu.“

Steingrímur Hermannsson:

Virti manngildi ofar auðgildi

„Þegar ég minnist Eysteins stendur upp úr hvað hann var duglegur; iðinn og fljótur að mynda sér skoðun og afgreiða mál. Einnig að hann var laus við alla græðgi og auðgunarhugsjón. Það var ekki til í hans fari,“ segir Steingrímur Hermannsson, fyrrverandi forsætisráðherra. „Manngildi ofar auðgildi var ekki bara í orði heldur verki hjá Eysteini.“

Eysteinn var ágætur í samstarfi segir Steingrímur. „Hann hafði ákveðnar skoðanir en alltaf tilbúinn að hlusta og ræða um skoðanir annarra. Hann mætti gjarna á fundi til að tala við sér yngri menn.“

„Það situr einnig eftir hvað hann var mikill útivistarmaður og í einu skiptin sem hann neitaði að mæta á fundi var þegar gott var veður á sunnudögum,“ segir Steingrímur og bætir við að helsta framlag Eysteins til íslenskra stjórnmála hafi verið manngildisstefna hans og umhverfismálin. „Eysteinn var brautryðjandi þar og kannski stendur það helst eftir.“

Hjörleifur Guttormsson:

Var mikill persónuleiki

„Eysteinn var mikill persónuleiki og stjórnmálaforingi,“ segir Hjörleifur Guttormsson, fyrrverandi iðnaðarráðherra. „Hann var hógvær en mjög fylginn sér. Hann var fastur fyrir í skoðunum. Hann var ekki hávaðamaður heldur hlýr í viðmóti. Hann kunni að hlusta á fólk sem er ekki öllum gefið sem starfa á vettvangi stjórnmálanna.“ Hjörleifur segir Eystein hafa verið mjög góðan ræðumann. „Hann var kraftmikill og notaði ekki fyndni eins og óþarflega mikil eftirspurn er eftir í seinni tíð. Hann flutti mál sitt af sannfæringu og þrótti.“

Hjörleifur starfaði með Eysteini í Náttúruverndarráði þar sem Eysteinn var formaður í sex ár og telur að þá hafi árangur náðst sem þjóðin búi að um alla framtíð. Hann kynntist Eysteini líka í gegnum útivist. „Hann fór í útivist, sagði hann mér, til að sleppa undan dagsverkinu og bjarga heilsunni. Þannig tók hann að leita út eftir miðjan aldur á skíði og ferðalög og það glæddi örugglega áhuga hans á íslenskri náttúru.“

AUÐVELDAR FÓLKI AÐ TJÁ SIG

Sigríður Birna Valsdóttir er með próf í leiklistarmeðferðarfræði

ATVINNA 14

allt atvinna

Jarðvinnuverkstjóri

Vegna aukinna verkefna óskar Heimir og Þorgeir ehf. eftir að ráða jarðvinnuverkstjóra.

Upplýsingar veitir Geir Sæmundsson í síma 696-9936 og geir@hogth.is. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu félagsins www.hogth.is

Heimir og Þorgeir er ört vaxandi félag sem býður góða aðstöðu fyrir starfsmenn.

Heimir og Þorgeir ehf.
Dugguvogi 2, 104 Reykjavík sími. 554-6464.

KÓPAVOGSBÆR

Frá Kópavogsskóla

- **Óskum eftir að ráða starfsmann í 50% starf í Dægradvöl, vinnutími frá 13-17.** Um er að ræða skemmtilegt starf með börnum í 1. – 4. bekk. Það getur hentað vel með námi og er ekki síður fyrir karla en konur.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi SfK og Launanefndar sveitarfélaga. Nánari upplýsingar veitir skólastjóri í síma 570 4960. Fyrirspurnir má einnig senda á ***goa@kopavogur.is***

Hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

www.kopavogur.is - www.job.is

RADAR
grafísk hönnun

Vaxandi auglýsingastofa óskar eftir grafískum hönnuði.

Þekking á helstu umbrots- og myndvinnsluforritum skilyrði.

Reynsla af þrívíddar- og hreyfimyndagrafík, s.s. Flash eða sambærilegu, er kostur.

Vinsamlega sendið umsókn á **radar@radar.is**

allt hús
Alla mánudaga

Reykjavíkurborg

MENNTASVIÐ REYKJAVÍKUR

Laus störf í leikskólum

Aðstoðarleikskólastjóri

Leikskólinn Brákarborg, Brákarsundi 1, er lítill þriggja deilda leikskóli þar sem dvelja 51 barn samtímis. Unnið er með opinn efnivið og frjálsan leik.

Menntunar og hæfniskröfur:
- Leikskólakennaramenntun er áskilin
- Framhaldsmenntun í stjórnun er æskileg
- Stjórnunarhæfileikar og reynsla af stjórnun
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Tölvukunnátta
- Góð skipulagshæfni, frumkvæði og metnaður í starfi

Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf. Umsóknarfrestur er til 27. nóvember nk. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Umsóknir sendist til skrifstofu Menntasviðs Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 1. Upplýsingar veita Helga Ingvadóttir leikskólastjóri í síma 553-4748 og Auður Jónsdóttir í síma 4117000. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags leikskóla kennara og Launanefndar sveitarfélaga.

Deildarstjóri

- **Fellaborg,** Völvufelli 9, sími 557-2660.
- **Grandaborg,** Boðagranda 9, sími 562-1855.

Leikskólakennari/leiðbeinandi

- **Arnarborg,** Maríubakka 1, sími 557-3090.
- **Brákarborg,** Brákarsundi 1, sími 553-4748.
- **Brekkuborg,** Hlíðarhúsum 1, sími 567-9380.
- **Fífuborg,** Fífurima 13, sími 587-4515.
- **Garðaborg,** Bústaðavegi 81, sími 553-9680.
- **Gullborg,** Rekagranda 14, sími 562-2414 og 861-0341.
- **Heiðarborg,** Selásbraut 56, sími 557-7350.
- **Hraunborg,** Hraunbergi 12, sími 557-9770.
  Um er að ræða bæði fullt starf og 50% starf eftir hádegi.
- **Klambrar,** Háteigsvegi 33, sími 511-1125.
- **Klettaborg,** Dyrhömrum 5, sími 567-5970.
- **Kvarnaborg,** Árkvörn 4, sími 567-3199.
- **Laugaborg,** v/Leirulæk, sími 553-1325.
- **Njálsborg,** Njálsgötu 9, sími 551-4860.
- **Sólbakki,** Stakkahlíð 19, sími 552-2725 / 693-9822.
- **Sæborg,** Starhaga 11, sími 562-3664.
  Um er að ræða 50% stöðu fyrir hádegi.
- **Vesturborg,** Hagamel 55, sími 552-2438.
- **Völvuborg,** Völvufelli 7, sími 557-3040.
  Um er að ræða fullt starf frá 1. desember og einnig tvö störf frá 1. janúar 2007.

Sérkennsla

- **Gullborg,** Rekagranda 14, sími 562-2414 og 861-0341.
- **Holtaborg,** Sólheimum 21, sími 553-1440. Leitað er eftir leikskólasérkennara, þroskaþjálfa eða stuðningsfulltrúa vegna vinnu með einhverfu barni.

Yfirmaður í eldhúsi

- **Klettaborg,** Dyrhömrum 5, sími 567-5970.
- **Steinahlíð,** v/Suðurlandsbraut, sími 553-3280.
  Um er að ræða 75% stöðu.

Aðstoð í eldhúsi

- **Heiðarborg,** Selásbraut 56, sími 557-7350.
  Um er að ræða 75% stöðu frá 1. desember.
- **Klambrar,** Háteigsvegi 33, sími 511-1125.
  Staðan er laus frá 1. desember.
- **Sæborg,** Starhaga 11, sími 562-3664.
  Um er að ræða 50% stöðu eftir hádegi.

Nánari upplýsingar um þessi störf veita leikskólastjórar í viðkomandi leikskólum. Einnig veitir Starfsmannaþjónusta Menntasviðs upplýsingar í síma 411 7000. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög. Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar um laus störf er að finna á www.menntasvid.is

Laus störf í grunnskólum

Engjaskóli, sími 510-1300.
- Umsjónarmaður skóla/húsvörður.

Hamraskóli, sími 567-6300.
- Kennari óskast til vors á miðstig vegna forfalla.

Ingunnarskóli, sími 411-7828.
- Kennara vantar á miðstig vegna fæðingarorlofs
- Samfélagsfræðikennari á unglingastig
- Skólaliði

Korpuskóli, sími 411-7880
- Náttúrufræðikennari í 8.-10. bekk.
  Staðan er laus frá áramótum og er hlutastaða.

Melaskóli, sími 535-7500.
- Yfirmaður í mötuneyti frá 1. janúar 2007.

Réttarholtsskóli, sími 553-2720.
- Skólaliði í 50-100% stöðu. Aðalviðfangsefni er eftirlit með nemendum á göngum og í matsal.

Rimaskóli, Rósarima 11, sími 567-6464 / 664-8322.
- Námsráðgjafi í 100% stöðu frá áramótum.

Safamýraskóli, sími 568-6262
- Kennari óskast vegna forfalla á vorönn.

Sæmundarsel, v/Ingunnarskóla, sími 411-7848.
- Kennari til kennslu 3.-4. bekkjar.
- Skólaliði
- Ræstingar á kvöldin

Frekari upplýsingar um hverja stöðu og umsóknarfresti er að finna á heimasíðu Menntasviðs, www.menntasvid.is. Upplýsingar veita skólastjórar og aðstoðarskólastjórar í viðkomandi skólum. Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög.

Öll laus störf í leik-og grunnskólum eru auglýst á www.menntasvid.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar
um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

LEITAR ÞÚ NÝRRA TÆKIFÆRA

Rafvirki - rafeindavirki
Hátæknifyrirtæki óskar eftir að ráða rafvirkja eða rafeindavirkja til starfa sem fyrst. Starfið felst í uppsetningu og stillingu loftneta fyrir þráðlaust Internet og UHF sjónvarp hjá notendum sem og frágangi og stillingu á búnaði hjá hverjum notanda. Við leitum að rafvirkja eða rafeindavirkja sem hefur a.m.k. 2 - 4 ára starfsreynslu. Töluverð tölvuvinna er við uppsetningu á búnaðinum og stillingu hans þannig að starfsmaður þarf að hafa góða reynslu af tölvunotkun. Vinnan fer að hluta til fram úti við og starfsmaður þarf að geta farið upp á þak hjá notendum, sett upp loftnet og gengið frá festingum og lögnum. Starfsmaður þarf að vera tilbúinn að vinna utan Reykjavíkur þó einungis í nokkra daga samfellt í hvert skipti. Starf númer: 061110-07.

Skrifstofustjóri - aðalbókari
Traust innflutningsfyrirtæki í erlendri eigu óskar eftir að ráða drífandi einstakling í starf skrifstofustjóra/aðalbókara. Skrifstofustjóri ber ábyrgð á öllu bókhaldi fyrirtækisins þ.m.t. fjárhags-, birgða- og launabókhaldi sem og afstemmingum til endurskoðanda. Viðkomandi ber einnig ábyrð á allri skýrslugerð til framkvæmdastjóra og höfuðstöðva sem sér um greiðslumiðlun og innheimtu reikninga. Skrifstofustjóri/aðalbókari sinnir daglegum rekstri á skrifstofu. Næsti yfirmaður skrifstofustjóra er framkvæmdastjóri. Háskólamenntun á sviði viðskiptafræða eða menntun sem viðurkenndur bókari er mikill kostur. Mjög góð reynsla af bókhaldi, uppgjörum, launaútreikningum og skýrslugerð er skilyrði. Viðkomandi þarf að hafa getu til þess að vinna sjálfstætt og undir álagi, hafa mikið frumkvæði og drift í starfi og mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Starf númer: 061103-03.

Prentsmiður
Þekkt auglýsingastofa óskar eftir að ráða prentsmið í fjölbreytt og krefjandi framtíðarstarf. Starfið felst í frágangi prentverka fyrir prentsmiðjur og aðra framleiðsluaðila, eftirfylgni verkefna, umsjón með ljósmyndun og litstillingu fyrir prentun auk aðstoðar við framleiðslu á teiknistofu. Viðkomandi þarf að vera ljúfur í samskiptum og eiga auðvelt með að vinna hvort sem er sjálfstætt eða í hópi. Menntun á sviði prentsmíði er skilyrði. Þekking á Macintosh vinnuumhverfi, Illustrator, Photoshop, InDesign, Distiller og litstillingu ljósmynda skilyrði sem og þekking og reynsla af frágangi verka fyrir prentsmiðjur.
Starf númer: 061110-03.

Lögfræðingur
Traust lögfræðistofa óskar eftir að ráða lögfræðing til starfa sem fyrst.
Um mjög fjölbreytt verkefni er að ræða á sviði samkeppnisréttar, hlutafélagaréttar, stjórnsýslu, flutningaréttar, skattaréttar auk ráðgjafar við fyrirtæki. Leitað er eftir einstaklingi með cand.jur próf, kostur ef viðkomandi hefur starfsreynslu. Góðir samskiptahæfileikar, nákvæm og öguð vinnubrögð og metnaður til að ná árangri eru ákjósanlegir eiginleikar.
Starf nr: 061110-06

Aðstoðarmaður stjórnanda
Fjármálafyrirtæki í Reykjavík óskar eftir aðstoðarmanni stjórnanda í krefjandi og fjölbreytt verkefni. Leitað er að einstaklingi sem hefur afburða góða íslensku- og enskukunnáttu bæði í töluðu og rituðu máli. Viðkomandi þarf að búa yfir miklu frumkvæði, sjálfstæði í starfi, skipulagshæfileikum og hafa fágaða framkomu. Gerð er krafa um reynslu af sambærilegu starfi. Um fullt starf er að ræða. Starf númer: 061108-05.

Hátækni - Sölumaður í verslun
Hátækni hf. sem sérhæfir sig í sölu og þjónustu á fjarskiptatækjum, flatskjám, heimabíókerfum og ýmsum raftækjum, rekur jafnframt verslun að Ármúla 26. Leitað er að sölumanni til að sinna sölu, ráðgjöf og þjónustu í versluninni. Hæfniskröfur eru að viðkomandi sé þjónustulipur, jákvæður og sýni færni í mannlegum samskiptum. Vinnutími er kl. 9-18, unnið er á laugardögum kl. 11-15 eða skv. samkomulagi. Starf nr: 061110-05

Sérfræðingur
Öflugt rannsóknarfyrirtæki óskar eftir að ráða samviskusaman og metnaðarfullan einstakling í starf sérfræðings. Viðkomandi starfsmaður hefur umsjón með huldu- og þjónustukönnunum og sér um skipulag og framsetningu þeirra. Starfinu fylgir einnig skýrslugerð og innsláttur upplýsinga og uppgjör verkefna sem og samskipti við viðskiptavini. Stúdentspróf er skilyrði sem og reynsla / þekking af sambærilegum verkefnum. Gerð er krafa um mjög góða tölvukunnáttu og þekkingu á Microsoft umhverfi. Mikil hæfni í mannlegum samskiptum skilyrði, sem og nákvæmni og ögun í vinnubrögðum.
Starf nr: 061110-11.

Öflugur liðsmaður
Framsækið þekkingarfyrirtæki óskar eftir öflugum liðsmanni til starfa sem fyrst. Starfið felst í samskiptum við viðskiptavini, upplýsingaöflun, greiningu og túlkun á upplýsingum ásamt tilfallandi krefjandi verkefnum.
Leitað er að einstaklingi með háskólamenntun, brennandi áhuga á fólki, framúrskarandi þjónustulund, jákvæðni, hæfni til að vinna undir áreiti og í opnu vinnuumhverfi. Skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð skilyrði.
Starf nr: 061110-12.

Bókasafns- og upplýsingafræðingur
Fjármálafyrirtæki óskar eftir að ráða áhugasaman og metnaðarfullan einstakling til þess að taka að sér að byggja upp skjalastjórnunarkerfi og bókasafn fyrirtækisins. Starfið krefst mikilla skipulagshæfileika, metnaðar og driftar sem og getu til þess að vinna sjálfstætt. Viðkomandi mun heyra undir framkvæmdastjóra rekstrarsviðs. Starfið felur í sér uppbyggingu, skipulagningu og umsjón með skjalavistunarkerfi, þátttöku í áætlanagerð og stefnumótun um skjalamál, umsjón með bókasafni og kennslu og þjálfun starfsmanna. Háskólapróf í bókasafns- og upplýsingafræðum er skilyrði sem og þekking á skjalastjórnunarkerfi, reynsla af sambærilegum verkefnum er mikill kostur. Mjög góður skilningur á ferlum og verklagi skilyrði sem og geta til að hrinda þessu verkefni í framkvæmd. Starf númer: 061010-03.

Bókhald og umsjón með skrifstofu
Verktakafyrirtæki á sviði byggingaiðnaðar óskar eftir að ráða starfsmann í bókhald og umsjón með skrifstofu. Um er að ræða fyrirtæki með dótturfyrirtæki á öðru sviði. Mjög mikilvægt er að viðkomandi hafi haldgóða reynslu og færni við færslu bókhalds og innsýn í launa og kjaramál. Starfið fellst einnig í að sjá um skrifstofu fyrirtækisins, meðal annars starfsmannamálin, undirbúning funda, skjalavörslu, umsjón með vefsíðu ásamt tilfallandi verkefnum. Leitað er að öflugum, skipulögðum og sveigjanlegum aðila. Mjög góð bókhaldsreynsla algjört skilyrði. Menntun á sviði viðskipta og/eða reksturs kostur.
Kostur ef viðkomandi hefur reynslu af bókhaldi byggingafyrirtækis.
Starf nr: 061109-04.

Ráðgjafi á sviði gæða- og öryggismála
Öflugt og vaxandi ráðgjafafyrirtæki óskar eftir að ráða árangursdrifinn og metnaðarfullan einstakling í starf við ráðgjöf á sviði gæða- og öryggismála. Verkefni viðkomandi mun snúa að ráðgjöf við innleiðingu gæða- og öryggiskerfa, innri úttektir, ráðgjöf og þjálfun við undirbúning fyrir vottun, þátttöku í innri gæða- og ferlamálum og vöruþróun. Háskólapróf er kostur sem og mikil þekking og reynsla af ofangreindum verkefnum. Góð þekking á gæðamálum sem og reynsla af innleiðingu gæðakerfis mikilvæg. Reynsla af samskiptum við viðskiptavini og samningagerð mikill kostur. Mjög góð kunnátta í upplýsingatækni og þekking á viðskiptaferlum. Starf númer: 060428-01.

Forritari
Traust fyrirtæki óskar eftir að ráða forritara í spennandi starf. Æskilegt er að viðkomandi hafi háskólamenntun á sviði tölvunarfræði ásamt reynslu af forritun í C# og .NET. Einnig er reynsla af gagnagrunnstengdri vefforritun í ASP.NET æskileg ásamt þekkingu á HTML, CSS og XML. Óskað er eftir aðila sem er vandvirkur og býr yfir miklum samskiptahæfileikum.
Starf númer: 060725-03.

Móttökuritari - hlutastarf
Stéttarfélag óskar að ráða einstakling í starf móttökuritara. Helstu verkefni viðkomandi eru símsvörun, upplýsingagjöf, skjalavinnsla og skjalaumsjón auk ýmissa þjónustu- og skrifstofustarfa. Lögð er áhersla á hæfni í samskiptum, skipulögð vinnubrögð og sjálfstæðra vinnubragða. Góð enskukunnátta áskilin sem og almenn tölvufærni. Vinnutími er kl. 13-17. Starf nr: 061110-05

Hátækni hf. - Bókari
Hátækni hf. sérhæfir sig í sölu og þjónustu á fjarskiptatækjum, flatskjám, heimabíókerfum og ýmsum raftækjum. Fyrirtækið óskar að ráða bókara til að halda utan um viðskiptamannabókhald, reikningagerð, innheimtu og bókanir fjárhagsfærslna. Viðkomandi mun leysa skrifstofustjóra af. Gerðar eru kröfur um haldgóða bókhaldsþekkingu og -reynslu, skipulögð vinnubrögð, sveigjanleika og samstarfshæfni. Færni í Navision og Excel er kostur.
Starf nr: 061031-06

Söluráðgjafi
Traust og öflugt fyrirtæki á sviði fjármála og trygginga óskar eftir að ráða metnaðarfullan og árangursdrifinn söluráðgjafa til starfa. Í boði er spennandi starf fyrir réttan einstakling. Helstu verkefni eru sala, ráðgjöf og þjónusta á vörum fyrirtækisins og fundir með viðskiptavinum. Reynsla af sölumennsku og þjónustu ásamt þjónustulipurð og samskiptahæfni nauðsynleg. Metnaður og árangursdrifni algjört skilyrði. Í boði eru grunnlaun ásamt árangurstengdum bónus, ef viðkomandi er duglegur söluráðgjafi þá er hægt að vinna sér inn umtalsverð laun. Starf nr: 061109-03.

Símavarsla - móttaka afleysing
Leiðandi ráðgjafafyrirtæki óskar að ráða einstakling til afleysinga til að sinna símavörslu og móttöku viðskiptavina. Hæfniskröfur eru að viðkomandi sýni hæfni í mannlegum samskiptum, sé jákvæður, þjónustulundaður og geti unnið undir álagi og sé vanur áreiti. Góð enskukunnátta áskilin. Vinnutími er kl. 8:30-13:00. Starf nr: 061110-09.

Umsóknarfrestur er til og með 20. nóvember nk.
Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000 ı www.capacent.is

BLUE LAGOON ICELAND

VÖRUSTJÓRI

Bláa Lónið hf. er leiðandi fyrirtæki í uppbyggingu heilsu- og lækningatengdrar ferðaþjónustu á Íslandi og er vörumerki fyrirtækisins, Blue Lagoon Iceland, orðið þekkt um allan heim. Bláa Lónið óskar eftir að ráða vörustjóra til starfa sem fyrst.

Bláa Lónið rekur heilsulind á heimsmælikvarða auk þróunar og markaðssetningar á Blue Lagoon húðvörum og rekstrar lækningalindar, þar sem veitt er meðferð við húðsjúkdómum sérstaklega psoriasis. Fyrirtækið hefur fengið fjölda viðurkenninga fyrir starfsemi sína og nýsköpun. Hjá fyrirtækinu og dótturfyrirtækjum þess starfa nú 160 manns. Bláa Lónið er í örum vexti og við leitum eftir jákvæðum og kraftmiklum einstaklingum til starfa.

Starfssvið
- Vörustjórnun
- Samskipti og samningagerð við framleiðendur, birgja og flutningsaðila innanlands og erlendis
- Innleiðing gæðamiðaðs birgðastýringarkerfis

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfið
- Reynsla og þekking á vörustjórnun og birgðastýringarkerfum
- Reynsla af samningagerð við birgja- og flutningsaðila æskileg
- Mjög gott vald á íslensku og ensku bæði í töluðu og rituðu máli
- Góð tölvukunnátta einkum í Excel og Word, þekking á Navision Financials kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Nákvæm og öguð vinnubrögð

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfdanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 19. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

BLUE LAGOON ICELAND

VÖRUSTJÓRI

Bláa Lónið hf. er leiðandi fyrirtæki í uppbyggingu heilsu- og lækningatengdrar ferðaþjónustu á Íslandi og er vörumerki fyrirtækisins, Blue Lagoon Iceland, orðið þekkt um allan heim. Bláa Lónið óskar eftir að ráða vörustjóra til starfa sem fyrst.

Bláa Lónið rekur heilsulind á heimsmælikvarða auk þróunar og markaðssetningar á Blue Lagoon húðvörum og rekstrar lækningalindar, þar sem veitt er meðferð við húðsjúkdómum sérstaklega psoriasis. Fyrirtækið hefur fengið fjölda viðurkenninga fyrir starfsemi sína og nýsköpun. Hjá fyrirtækinu og dótturfyrirtækjum þess starfa nú 160 manns. Bláa Lónið er í örum vexti og við leitum eftir jákvæðum og kraftmiklum einstaklingum til starfa.

Starfssvið
- Vörustjórnun
- Samskipti og samningagerð við framleiðendur, birgja og flutningsaðila innanlands og erlendis
- Innleiðing gæðamiðaðs birgðastýringarkerfis

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun sem nýtist í starfið
- Reynsla og þekking á vörustjórnun og birgðastýringarkerfum
- Reynsla af samningagerð við birgja- og flutningsaðila æskileg
- Mjög gott vald á íslensku og ensku bæði í töluðu og rituðu máli
- Góð tölvukunnátta einkum í Excel og Word, þekking á Navision Financials kostur
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Nákvæm og öguð vinnubrögð

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfdanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 19. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

SPENNANDI MARKAÐSSTÖRF

Leiðandi fyrirtæki á matvælamarkaði óskar að ráða í eftirfarandi störf:

Í boði eru mjög spennandi störf í öflugu fyrirtæki með sterk viðskiptasambönd. Miklir möguleikar fyrir rétta aðila.

Sölu- og markaðsstjóri matvælaiðnaðarsviðs

Helstu verkefni
- Sölu- og markaðssetning hráefna og þjónustu til matvælaiðnaðar
- Uppbygging sölusviðs í samvinnu við framkvæmdastjóra
- Ákvörðun um vöruval
- Samskipti við erlenda birgja
- Samningagerð og eftirfylgni sölu
- Vöruþróun

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun/iðnmenntun á sviði matvæla
- Leiðtogahæfileikar
- Mikil reynsla af sölumálum skilyrði
- Þekking og reynsla á matvælaiðnaði
- Frumkvæði og dugur
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Sölu- og markaðsfulltrúi matvælaiðnaðarsviðs

Helstu verkefni
- Sölu- og markaðssetning afurða og þjónustu
- Samskipti við innlenda viðskiptavini
- Kynningar á nýjungum
- Frágangur samninga
- Þátttaka í vöruþróun

Menntunar- og hæfniskröfur
- Háskólamenntun/iðnmenntun á sviði matvæla.
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af sölumálum skilyrði
- Áhugi og þekking á matvælamarkaði
- Frumkvæði og dugur

Umsjón með störfunum hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfdanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 19. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Verkefnastjóri fiskimála

Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) óskar eftir að ráða verkefnastjóra fiskimála í Mósambík.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) er sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir undir utanríkisráðuneytið. Hún var stofnuð með lögum árið 1981 og er ætlað að vinna að tvíhliða samstarfi Íslands við þróunarlönd. Áhersla er lögð á samvinnu við þau lönd þar sem lífskjörin eru lökust og er aðstoðin einkum veitt á þeim sviðum þar sem Íslendingar búa yfir sérstakri þekkingu og reynslu.

www.iceida.is

Starf verkefnastjóra felst í því að hafa umsjón með verkefnum stofnunarinnar í fiskimálum í Mósambík, sem unnin eru þar í samstarfi við ráðuneyti og stofnanir svo og við frjáls félagasamtök. Hönnun og skipulag nýrra verkefna er einnig í umsjá verkefnastjórans. Verkefnin eru dreifð víða um landið og krefst starfið þess að verkefnastjórinn sé talsvert á ferðalagi, einn og við misjafnar aðstæður. Fjárhagsleg umsýsla og áætlanagerð eru hluti af starfinu sem og skýrslugerð og mat á þörfum fyrir þjálfun og sérfræðilega ráðgjöf. Verkefnastjóranum er einnig ætlað að vera umdæmisstjóri ÞSSÍ í landinu til aðstoðar og ráðgjafar.

Kröfur um menntun og reynslu
- Háskólamenntun er skilyrði, t.d. í sjávarútvegsfræði eða tengdum greinum
- Starfsreynsla á sviði fiskimála er mikilvæg
- Reynsla af verkefnastjórnun er æskileg sem og reynsla af sjálfstæðum verkefnum
- Reynsla af fjármálastjórnun er æskileg
- Þekking á þróunarmálum er kostur

Aðrar hæfniskröfur
- Sveigjanleiki og aðlögunarhæfni
- Góð íslensku- og enskukunnátta er mikilvæg
- Kunnátta í portúgölsku eða spænsku er kostur
- Góð tölvukunnátta

Nánari lýsingu á starfi verkefnastjóra og svör við fyrirspurnum má sjá á heimasíðu Hagvangs.

Umsóknir skulu fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 12. desember nk.
Aðrar upplýsingar um starfið veitir Albert Arnarson ráðgjafi hjá Hagvangi, albert@hagvangur.is

HAGVANGUR - við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík
Sími 520 4700 • www.hagvangur.is

ICELANDAIRHOTELS LOFTLEIÐIR

Matreiðslunemar

Matreiðslunema vantar í vaktavinnu.

Mjög fjölbreytt matreiðsla fer fram hér á hótelinu.

Upplýsingar gefur Reynir í síma 444-4052
eða e-mail reynirm@icehotel.is

KVÖLDVINNA

Rótgróið og traust markaðsfyrirtæki óskar eftir fólki á aldrinum 20-60+ til að safna áskriftum fyrir nýtt og glæsilegt tímarit.
Einnig vantar til starfa einstaklinga til að framkvæma landsafnanir fyrir mörg af stærstu félagasamtökum í landinu.
Vinnutími kl. 18-22 virka daga.

Hæfniskröfur:
Góð íslenskukunnátta (talað mál)
Góð samskiptahæfni.
Ath! að ekki er farið fram á reynslu í sölumennsku.

Áhugasamir hringið í síma 699-0005 milli kl. 10-21 daglega.

Freistandi atvinnutækifæri

KJÖTMEISTARI KRÓNUNNAR - HELGARVINNA

Krónan hefur opnað ferskustu lágvöruverðsverslun landsins í Mosfellsbæ.
Þar sem boðið er upp á eitt mesta úrval landsins af ferskum kjötvörum.

STARFSLÝSING
Viðkomandi mun leiða starfsemi kjötdeildarinnar um helgar og vera viðskiptavinum Krónunnar innan handar við val og ráðleggingar á kjötvörum.

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR
Menntun á sviði kjötgerðar eða matreiðslu
Jákvætt viðmót og þjónustulipurð
Góð hæfni í mannlegum samskiptum
Sjálfstæð vinnubrögð og metnaður

Nánari upplýsingar veitir Kristinn Skúlason rekstrarstjóri Krónunnar í síma 458-1100 og með tölvupósti, kristinn@kronan.is
Umsóknir berist til Krónunnar, bt/ Kristins Skúlasonar, Bildshöfða 20, 110 Reykjavík
eða með tölvupósti, kristinn@kronan.is

KRÓNAN

Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

Lausar stöður

Arnarberg (555 3493 arnarberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar
Almennt starfsfólk

Álfaberg (555 3021 alfaberg@hafnarfjordur.is)
Leikskóli fyrir 5 ára börn
Leikskólakennari í 70%

Álfasteinn (555 6155 alfasteinn@hafnarfjordur.is)
Myndlistakennsla v/forfalla
Leikskólakennari
Annað uppeldismenntað starfsfólk
Aðstoð í eldhúsi f. hádegi

Hlíðarberg (565 0556 hlidarberg@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennari
Aðstoð í elhúsi f. hádegi

Hvammur (565 0499 hvammur@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar
Sjá nánar á heimasíðu skólans www.leikskolinn.is/hvammur

Hörðuvellir (664 5845 horduvellir@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennari

Smáralundur (565 4493 smaralundur@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar/uppeldismenntað starfsfólk

Stekkjarás (517 5920/664 5862 stekkjaras@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar
Sérkennsla
Starfsmenn með aðra uppeldismenntun eða reynslu
Skilastöður/hlutastöður/heilsdagsstöður

Vesturkot (565 0220 vesturkot@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar
Starfsmenn með aðra uppeldismenntun

Víðivellir (555 2004 vidivellir@hafnarfjordur.is)
Leikskólakennarar

Áslandsskóli (585 4600 leifur@aslandsskoli.is)
Skólaliði

Hraunvallaskóli (590 2800 hraunvallaskoli@hraunvallaskoli.is)
Leikskólakennarar
Almennt starfsfólk skóla

Hvaleyrarskóli (565 0200 helgi@hvaleyrarskoli.is)
Enskukennsla e. áramót
Skólaliði (50%)

Víðistaðaskóli (595 5800 sigurdur@vidistadaskoli.is)
Skólaliði

Allar upplýsingar um störfin gefa skólastjórar viðkomandi skóla.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í sima 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

Skrifstofustarf Bókhald

Starfsmaður óskast til Sviðsmynda ehf í hlutastarf til að annast fjárhags-, verk- og launabókhald. Þekking og færni í Stólpa, Excel og Word skilyrði. Sveigjanlegur vinnutími. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Klaus Kretzer, framkvæmdastjóri í síma 824-8903 og netfangi smynd@svidsmyndir.is

Sviðsmyndir ehf
Skútuvogi 4, 104 Reykjavík

ÍSLANDSLYFTUR
ÞJÓNUSTU- OG EFTIRLITSAÐILI

Íslandslyftur óska eftir þjónustu- og eftirlitsaðila til starfa. Íslandslyftur var stofnað árið 2000 og býður upp á alla almenna lyftuþjónustu. Fyrirtækið er umboðsaðili fyrir Otis sem er langstærsti lyftuframleiðandi í heiminum.

Starfssvið:
- Eftirlit og þjónusta
- Almennar viðgerðir
- Samskipti við viðskiptavini

Hæfniskröfur:
- Almenn þekking á vélbúnaði
- Góð samskiptahæfni
- Sjálfstæði í starfi
- Áreiðanleiki og stundvísi
- Hreint sakavottorð skilyrði

Umsóknarfrestur er til og með 21. nóvember nk.

Áhugasamir eru beðnir um að hafa samband við Sigrúnu Eddu Eðvarðsdóttur, sigrunedda@radning.is varðandi frekari upplýsingar um starfið.

RÁÐNINGAR ÞJÓNUSTAN

Krókháls 5a • 110 Reykjavík • Sími: 588 7700 • Fax: 588 8700
www.radning.is • radning@radning.is

BETTER BUSINESS WORLD WIDE

Hefur þú gott auga?

Better Business hjálpar þjónustufyrirtækjum á Íslandi að bæta þjónustu sína. Þetta gerum við með með nafnlausum heimsóknum viðskiptavina (Mystery shopping). Vegna aukinar eftirspurnar á þjónustu okkar

Vantar okkur fólk á eftirfarandi stöðum:

Höfuðborgarsvæðið	> 20		
Akranesi	**< 5**	**Ísafjörður**	**> 5**
Akureyri	**>10**	**Keflavík**	**< 6**
Borgarnesi	**< 5**	**Sauðárkrókur**	**>4**
Egilstaðir	**< 7**	**Selfoss**	**> 10**
Húsavík	**>6**	**Vestmannaeyjar**	**> 5**
Höfn	**> 5**	**Færeyjar (þórshöfn)**	**> 5**

Umsækjendur verða að:
- vera eldri en 18 ára
- búa yfir nákvæmni
- hafa góða dómgreind
- geta tjáð sig og skrifað góða íslensku
- hafa góða þjónustulund
- vera sveigjanlegur
- vera áreiðanlegur
- hafa aðgang að PC-tölvu og hafa netfang

Gott væri ef umsækjendur hefðu bíl til umráða og hefðu reynslu af þjónustustörfum og/eða reynslu af markaðsrannsóknum eða sem nafnlausir viðskiptavinir.

Hægt er að fylla út umsókn og ná sér í frekari upplýsingar á www.betterbusiness.is eða senda á verkefnastjóra helga@betterbusiness.is

Fyrirtækjum er bent á að senda fyrirspurnir á info@betterbusiness.is.

Better Business ehf.

Better Business er fyrsta fyrirtækið á Íslandi til að gerast aðili að MSPA, Mystery Shopping Providers Association. Better Business hefur yfir 27.000 Mystery Shoppers á Norðurlöndum og hefur stjórnað Mystery Shopping könnunum í yfir 10 löndum. Better Business getur í gegnum eigið kerfi BAFF ONLINE gefið skýrslur út á rauntíma óháð tungumáli. Better Business getur stjórnað og framkvæmt verkefni hvar sem er í heiminum í gegnum samstarfsaðila sína í MSPA og The Internatoinal Mystery Shopping Alliance, IMSA.

LYFJA - Lifið heil

www.lyfja.is

Hjúkrunarfræðingur-spennandi starf

ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 34888 11/06

Við leitum að sjálfstæðum, skipulögðum og metnaðarfullum hjúkrunarfræðingi sem hefur áhuga á að ganga til liðs við framsækið og spennandi fyrirtæki.

Vegna ört vaxandi starfsemi í hjúkrunardeild okkar í Lyfju Lágmúla óskum við eftir **hjúkrunarfræðingi í 50-100% starf.**

Hjúkrunarfræðingur sér um pantanir, ráðgjöf og afgreiðslu á ýmsum sérvörum, svo sem stómavörum, þvagleggjum, sykursýkisvörum, næringardrykkjum, sjúkrasokkum o.fl. Hjúkrunarfræðingur hefur einnig umsjón með blóðþrýstings-, blóðsykurs-, beinþéttni-, öndunar- og kólesterólmælingum og skráningum þeim tengdum.

Hæfniskröfur:
Háskólapróf í hjúkrunarfræði ásamt reynslu af hjúkrun.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf í jan.-feb. 2007.

Nánari upplýsingar veita:
Unnur Björgvinsdóttir, lyfsali Lyfju Lágmúla, í síma 533-2300, (unnur@lyfja.is)
og Þorgerður Þráinsdóttir, starfsmannastjóri, í síma 530-3800 (thorgerdur@lyfja).

Hægt er að sækja um starfið með því að senda umsókn til starfsmannastjóra eða á vefsetri okkar, www.lyfja.is

Hlutverk Lyfju er að stuðla að góðri heilsu og vellíðan. Frá upphafi hefur Lyfja verið brautryðjandi í lækkun lyfjaverðs og boðið upp á ýmsar nýjungar í faglegri þjónustu. Fyrirtækið rekur apótek og heilsubúðir víðs vegar um landið ásamt því að starfrækja lyfjaskömmtun til einstaklinga og stofnana. Hjá fyrirtækinu starfa um 300 manns. Lykillinn að árangri er starfsfólkið okkar og því höfum við það að markmiði að fá hæft fólk til liðs við okkur, skapa eftirsóknarverða vinnustaði þar sem góður starfsandi ríkir og að starfsfólk fái tækifæri til að öðlast faglegan og persónulegan þroska í starfi. Einkunnarorð okkar eru áreiðanleiki, umhyggja og metnaður.

Fasteignadeild Orkuveitu Reykjavíkur óskar eftir að ráða:

Orkuveita Reykjavíkur er framsækið þjónustufyrirtæki sem aflar og dreifir vistvænni orku á sem hagkvæmastan hátt og í sátt við umhverfið.

Á þjónustusvæði fyrirtækisins býr meira en helmingur íslensku þjóðarinnar.
Stefna Orkuveitunnar er að veita viðskiptavinum sínum bestu mögulegu þjónustu og sjá þeim fyrir ódýrri orku sem framleidd er úr endurnýjanlegum íslenskum orkulindum. Þannig stuðlar fyrirtækið að aukinni notkun hreinnar innlendrar orku og leggur um leið sitt af mörkum til nýsköpunar og framfara í landinu.

Orkuveitan er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi og vinnuumhverfi og möguleika starfsfólks við að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð eins og kostur er.

Það er stefna Orkuveitu Reykjavíkur að auka hlut kvenna í stjórnunar- og ábyrgðarstöðum innan fyrirtækisins.

Fyrirtækið er:

Sveigjanlegt, það lagar sig að breyttum aðstæðum

Sýnir frumkvæði og er opið fyrir nýjungum

Sækir fram af eldmóði

Traust og starfar í sátt við umhverfið

Byggingaverkfræðing eða byggingatæknifræðing

Fasteignadeild ber ábyrgð á og annast allar fasteignir Orkuveitu Reykjavíkur, þ.m.t. lóðir og lendur. Umsýslan felst í viðhaldi og rekstri fasteigna og lóða í eigu Orkuveitunnar. Um er að ræða yfir 1300 fasteignir, t.d. við virkjanir, skrifstofuhúsnæði, dælustöðvar, aðveitu- og dreifistöðvar og aðrar eignir.
Orkuveitan notar forritið „Byggingarstjórinn" sem fasteignagrunn við umsýslu fasteigna sinna.

Starfs- og ábyrgðarsvið:
- Yfirumsjón og þróun fasteignagrunns
- Viðhaldsáætlanir fasteigna
- Önnur verkefni sem tengjast rekstri fasteigna

Menntun:
- Byggingaverkfræði eða byggingatæknifræði

Hæfniskröfur:
- Mjög góð tölvukunnátta
- Áhugi og metnaður
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Góðir samstarfs- og skipulagshæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 26. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**

capacent RÁÐNINGAR

Orkuveita Reykjavíkur

ÍSLENSKA/SIA.IS/ORV 34930 11/06

Leitum að forriturum eða hugbúnaðarsérfræðingum

dk hugbúnaður ehf. leitar að dugmiklum og úrræðagóðum forriturum eða hugbúnaðarsérfræðingum til að sinna viðhaldi og hugbúnaðarþróun.

Starfssvið:

Viðhald, þróun og nýsmíði í dk viðskiptahugbúnaðinum.
Forritun í Delphi og Pervasive SQL gagnagrunninum.

Menntunar- og hæfniskröfur:

Háskólapróf í tölvunarfræði eða tölvunarverkfræði æskilegt.
Reynsla af gagnagrunnskerfum og forritunarmálum (C++ eða Delphi).
Gott vald á ensku vegna samskipta við erlenda samstarfsaðila.
Grafísk þekking er kostur.

Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á netfangið hildur@dk.is fyrir 22. nóvember nk.

DK VIÐSKIPTAHUGBÚNAÐUR

Hröð, nákvæm og örugg meðhöndlun upplýsinga er stöðugt keppikefli dk-hugbúnaðar ehf. sem hefur haslað sér völl á sviði viðskiptahugbúnaðar fyrir allar stærðir fyrirtækja. Viðskiptavinir dk eru um 2800 talsins, úr nánast öllum atvinnugreinum, þar með talið félagasamtök og stofnanir, þverskurður af íslensku atvinnulífi. Hjá dk hugbúnaði ehf. starfa um 25 einstaklingar í skemmtilegu og frjálslegu starfsumhverfi að þróun, hugbúnaðarsmíð, viðhaldi, ráðgjöf og þjónustu. Hugbúnaður fyrirtækisins er einkar notendavænn, þægilegur í uppsetningu og hraður og aðgengilegur í framsetningum, auk þess sem er einfalt að byggja ofan á og bæta við eftir þörfum. Verkefnin eru fyrst og fremst hér á landi en einnig í Bretlandi, Svíþjóð og Danmörku.

dk hugbúnaður
Hlíðasmára 17
201 Kópavogur
Sími 510 5800
dk@dk.is
www.dk.is

Fíton/SÍA FI019172

Steypubílstjórar

BM Vallá er að leita að kraftmiklum, duglegum og samviskusömum bílstjórum með meirapróf.

Við erum að leita að steypubílstjórum til starfa á Akranesi. Starfsmönnum sem geta unnið sjálfstætt, eru nákvæmir, hafa gaman af mikilli vinnu og geta unnið undir álagi. Verið er að leita að starfsmönnum í framtíðarstörf. Bílstjórar eru í mörgum tilfellum í beinum samskiptum við viðskiptavini og þurfa því að hafa góða framkomu og þjónustulund.

Allar nánari upplýsingar getur Magnús Bakkmann Andrésson í síma 860 5015.

Sendið umsóknir og fyrirspurning á magnus@bmvalla.is

BM·VALLÁ
Bíldshöfða 7

LAUGAR

Við erum að leita að starfsfólki

… sem býr yfir framúrskarandi þjónustulund, er jákvætt, sýnir frumkvæði, tekur ábyrgð á starfi sínu og leitar bestu lausna fyrir viðskiptavini !

World Class® ICELAND

Leitar eftir starfsmanni í barnagæslu í Laugum frá áramótum. Vinnutími er frá kl. 8:30-12:30/13:00 og annan hvern laugardag.

Umsjón með ráðningu: Berglind Hreiðarsdóttir berglind@worldclass.is

Umsóknir þurfa að berast skriflega til viðkomandi ráðningaraðila, einnig er hægt að fylla út umsókn á heimasíðu okkar www.worldclass.is

Í Laugum eru starfrækt fimm fyrirtæki. Fjöldi gesta í Laugum er yfir 2000 daglega svo um líflegan vinnustað er að ræða.

Eimskip er alþjóðlegt flutningafyrirtæki með starfsemi í 21 landi. Hjá fyrirtækinu starfa um 8.500 manns í spennandi og fjölbreyttu vinnuumhverfi.

Þjónustunet Eimskips samanstendur af 157 skrifstofum félagsins í Evrópu, N-Ameríku, S-Ameríku og Asíu, tæplega 50 skipum, 1.350 flutningabílum og um 100 kæli- og frystigeymslum í Evrópu, N-Ameríku og Asíu, ásamt dótturfélögum og samstarfsaðilum.

Himinn og haf / SÍA

Rafvéla- eða rafvirki

Eimskip óskar eftir að ráða rafvéla- eða rafvirkja til framtíðarstarfa á rafmagnsverkstæði fyrirtækisins í Sundahöfn. Í boði er fjölbreytt og krefjandi starfsumhverfi hjá traustu fyrirtæki. Unnið er á tvískiptum vöktum alla virka daga. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Hæfniskröfur

- Sveinspróf í rafvélavirkjun eða rafvirkjun.
- Reynsla af viðgerðum á rafvélum og raflögnum (nýlögnum og viðhaldi) er æskileg.
- Reynsla af viðgerðum frystivéla er æskileg.
- Íslenskukunnátta er skilyrði.
- Færni í mannlegum samskiptum.
- Góð þjónustulund og jákvæðni.
- Nauðsynlegt að geta unnið undir álagi.
- Hreint sakavottorð er skilyrði.

Umsjón með ráðningunni hefur Heiðrún Helgadóttir, sérfræðingur á starfsþróunarsviði Eimskips, í síma 525 7363, netfang hhd@eimskip.is.
Við hvetjum áhugasama til að sækja um á heimasíðu okkar www.eimskip.is.

Umsóknarfrestur er til og með 22. nóvember 2006. Öllum umsóknum verður svarað og farið með þær sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Árni Pálsson, verkstjóri á rafmagnsverkstæði, í síma 525 7181/825 7181. Netfang: arp@eimskip.is.

MEMBER OF AVION GROUP

Korngörðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | Fax 525 7009 | www.eimskip.is

EIMSKIP

Smiðir

Byggingarfélag Gylfa og Gunnars óskar eftir smiðum til starfa við utanhúsklæðningar, innivinnu og mótauppslátt. Mikil mælingavinna framundan.

Nánari uppl. í síma 562-2991 eða 693-7310 Gunnar og 693-7305 Guðjón.

BYGG

Byggingarfélag Gylfa og Gunnars ehf.
Borgartún 31. 105. Reykjavík.
www.bygg.is

Ert þú öflugur liðsauki?

Sölu- og þjónustufulltrúi og starf við standsetningar

Hertz óskar eftir að ráða öfluga, hugmyndaríka, sjálfstæða og umfram allt skipulagða liðsmenn til starfa.

Starfssvið sölu- og þjónustufulltúra

- Almenn afgreiðsla til viðskiptavina
- Útleiga og móttaka á bílaleigubílum
- Uppgjör og frágangur reikninga
- Símsvörun
- Sala til viðskiptavina
- Önnur tilfallandi störf

Starf við standsetningar

- Frágangur og þrif á bílum fyrir útleigu
- Standsetning bílaleigubíla eftir verkferli fyrir hverja útleigu
- Þrif, eldsneytisáfyllingar, eftirlit með ástandi, viðhaldi og þjónustu
- Ferja bíla milli útleigustaða og aka viðskiptavinum til og frá gististöðum

Í báðum tilfellum er um vaktavinnu að ræða. Unnið er samkvæmt vaktakerfi 15-16 daga í mánuði frá 8.00-19.00. Um framtíðarstörf er að ræða.

Hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða önnur sambærileg menntun æskileg, ekki skilyrði
- Reynsla af störfum í ferðaþjónustu æskileg, ekki skilyrði
- Samviskusemi
- Stundvísi
- Frumkvæði
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Enskukunnátta
- Önnur tungumálakunnátta

Viðkomandi þurfa að geta hafið störf sem fyrst.
Umsóknum skal skila á netfangið umsoknir@hertz.is fyrir 21. nóvember nk.

Hertz á Íslandi hefur verið leiðandi bílaleiga í 35 ár. Viðskiptavinirnir eru erlendir ferðamenn og aðilar í viðskiptaerindum, íslensk fyrirtæki og einstaklingar. Hertz hefur náð góðum árangri vegna hás þjónustustigs, gæðabílaflota, góðs aðgengis á flugvöllum auk staðsetningar í Reykjavík. Hertz starfar í yfir 170 löndum með 5000 afgreiðslustaði. Hertz er þekktasta ferðatengda vörumerkið í heiminum og í 87. sæti yfir þekktustu vörumerkin almennt. Hertz á Íslandi starfar í nánum tengslum við Hertz International í þjónustu-, sölu- og markaðsmálum.

ÍSLENSKA/SÍA.S /HER 34939 11/06

Hertz

50 50 600 • www.hertz.is

LAUGAR

Við erum að leita að menntuðum þjálfara

… sem býr yfir framúrskarandi þjónustulund, er jákvæður, sýnir frumkvæði, tekur ábyrgð á starfi sínu og leitar bestu lausna fyrir viðskiptavini !

WorldClass ICELAND

Leitar eftir þjálfara sem kemur til með að hafa yfirumsjón með faglegri þjónustu við viðskiptavini og fyrirtæki.

Menntunar- og hæfniskröfur: Umsækjendur þurfa að vera menntaðir íþróttafræðingar eða með sambærilega eða meiri menntun á sviði næringarfræði, sjúkraþjálfunar eða læknisfræði.
Viðkomandi þarf að sjá um samskipti við fagfólk í heilbrigðisgeiranum ásamt því að geta haldið fyrirlestra og kynningar á vegum fyrirtækisins.

Við leitum að starfsmanni sem getur unnið á vöktum og byrjað 1. janúar 2007

Umsjón með ráðningu: Berglind Hreiðarsdóttir berglind@worldclass.is

Umsóknir þurfa að berast skriflega til viðkomandi ráðningaraðila, einnig er hægt að fylla út umsókn á heimasíðu okkar www.worldclass.is

Í Laugum eru starfrækt fimm fyrirtæki. Fjöldi gesta í Laugum er yfir 2000 daglega svo um jákvæðan og líflegan vinnustað er að ræða.

allt heimili

Alla fimmtudaga

HÉÐINN

VÉLTÆKNIFRÆÐINGUR/VERKFRÆÐINGUR

Héðinn hf. er rótgróið málmiðnaðarfyrirtæki frá árinu 1922 með víðtæka starfsemi í öllum þáttum innan vélvirkjunar og járnsmíði. Starfsemin er til húsa í 5.000 m^2 húsnæði búið öllum fullkomnustu vélum og tækjum sem völ er á. Fyrirtækið leggur metnað sinn í vönduð vinnubrögð í hvívetna og ábyrgð gagnvart bæði starfsmönnum sínum og viðskiptamönnum. Starfsmannaaðstaða er góð og mötuneyti er á staðnum.

Héðinn hf. óskar eftir að ráða véltæknifræðing/verkfræðing til starfa. Um fjölbreytt og krefjandi starf er að ræða.

Starfssvið
- Hönnun
- Tilboðsgerð
- Verkefnastjórnun

Menntunar- og hæfniskröfur
- Véltæknifræðingur eða verkfræðipróf
- Reynsla af sambærilegu starfi æskileg
- Reynsla eða þekking af þrívíddarhönnun, Autocat/Inventor
- Góð enskukunnátta og kunnátta í Norðurlandamáli kostur
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð
- Góðir samskiptahæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Sigurður J. Eysteinsson (sigurdur.eysteinsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 19. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Innkaupafulltrúi

Vegna vaxandi umsvifa óskar MEST eftir að ráða innkaupafulltrúa til starfa

Starf innkaupafulltrúa er fjölbreytt, en hann tekur þátt í daglegri starfsemi innkaupadeildar. Í því felst m.a. gerð innkaupaáætlana og frágangur flutningsmála.

Umsækjandi þarf að geta unnið sjálfstætt og undir álagi.

Enskukunnátta er skilyrði og reynsla af sambærilegum störfum kostur.

Umsóknarfrestur er til og með 17. nóvember. Vinsamlega sendið umsóknir ásamt starfsferilskrá á skrifstofu MEST, Malarhöfða 10, 110 Reykjavík, eða í tölvupósti á netfangið: umsoknir@mest.is.

Hrafnhildur Harðardóttir veitir nánari upplýsingar í síma 4 400 482.

mest
– allt til bygginga

PIPAR • SÍA • 60722

Fjölmiðlavaktin ehf.

Fjölmiðlavaktin ehf. er eitt af dótturfélögum Creditinfo Group hf. sem er með starfsemi í 25 löndum víðsvegar um heiminn. Fjölmiðlavaktin býður upp á fjölbreytta sérþjónustu. Vöktun á fjölmiðlaefni sparar stjórnendum dýrmætan tíma og auðveldar þeim að marka stefnu í málefnum sem snerta samskipti við fjölmiðla, markmiðasetningu, breytingu á áherslum eða ákvarðanatöku.

Sala og ráðgjöf

Við leitum að öflugum og hugmyndaríkum aðila í sölu og ráðgjöf á þjónustu fyrirtækisins til viðskiptavina. Fyrirtækið vaktar alla helstu fjölmiðla landsins, mælir og greinir umfjöllun og veitir auk þess víðtæka sérþjónustu vegna fjölmiðlaumfjöllunar. Um er að ræða líflegt og skemmtilegt starf sem krefst mikillar fagvinnu við tilboðs- og samningagerð auk almennrar þekkingar á frétta- og þjóðmálaumræðu.

HÆFNISKRÖFUR:

Æskilegast er að viðkomandi hafi reynslu af sölustarfi á fyrirtækjasviði eða sambærilegu. Farið er fram á góða tölvukunnáttu, gott vald á íslensku máli og enskukunnáttu. Við leggjum mikla áherslu á sjálfstæði, frumkvæði og hæfni í mannlegum samskiptum.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Í boði er

Metnaðarfullt og líflegt starfsumhverfi í ört vaxandi fyrirtæki.
Skemmtilegur vinnustaður í síbreytilegu umhverfi.

Umsóknir skulu sendar á **umsoknir@fmv.is** fyrir 20. nóvember.

Nánari upplýsingar:
Bryndís Alfreðsdóttir
Netfang: **bryndis@fmv.is**

Creditinfo Group var valið eitt af 500 framsæknustu fyrirtækjum Evrópu á árinu 2005.

FJÖLMIÐLAVAKTIN
VIÐ MÆLUM OG GREINUM UMFJÖLLUN FJÖLMIÐLA

Brautarholti 10-14, 105 Reykjavík • Sími 550 9660 • fmv@fmv.is • www.fmv.is

PIPAR • SÍA • 60722

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar

Viltu vinna með konum?

Vegna aukinna umsvifa leitum við að duglegu, skapgóðu og þjónustulunduðu fólki í eftirtalin störf:

- Barnagæsla
- Ræstingar

Umsóknir sendist á netfangið anna@jsb.is.
Nánari upplýsingar í síma 581 3730.

LOFTORKA BORGARNESI EHF

Loftorka Borgarnesi ehf. er alhliða verktakafyrirtæki á sviði byggingamannvirkja og sérhæfir sig í framleiðslu á forsteyptum hlutum úr steinsteypu, steinsteyptum einingum til húsbygginga og steinrörum í holræsi. Loftorka er fyrirtæki í örum vexti og leitar að liðsmönnum í sterka og skemmtilega liðsheild. Hvetjum við bæði kynin til þess að sækja um störf í okkar hópi. Loftorka Borgarnesi er starfsvettvangur þar sem metnaðarfullir einstaklingar njóta sín í umhverfi í mikilli þróun.

Loftorka Borgarnesi ehf. leitar eftir starfsfólki á eftirtaldar vinnuvélar;

- KOMASTU 340 -reynsla nauðsynleg
- MAN kranabíll með 50tonnmetra krana -reynsla æskileg

Mikil vinna framundan.

Nánari upplýsingar veita;
Áslaug Þorvaldsdóttir sími 860-9057 eMail aslaug@loftorka.is
Reynir Magnússon sími 860-9014 eMail reynir@loftorka.is

PIPAR • SÍA • 60716

Öryggisverðir

Viltu vinna við spennandi og ögrandi starf?
Þá er Öryggismiðstöðin með rétta starfið fyrir þig.

Starfið:

Öryggismiðstöðin leitar að öflugum liðsmönnum, konum jafnt sem körlum. Í boði er spennandi starf hjá öflugu og framsæknu þjónustufyrirtæki á sviði öryggismála. Um er að ræða bæði fullt starf og tímabundin störf.

Hæfniskröfur:

Skilyrði er að umsækjendur séu orðnir 20 ára og vel á sig komnir líkamlega og andlega. Farið er fram á stundvísi, snyrtimennsku, þjónustulund, heiðarleika og hreint sakavottorð.

Starfsumsókn:

Skriflegar umsóknir skulu sendast merkt: Atvinna, Öryggismiðstöðin, Borgartúni 31, 105 Reykjavík eða á netfangið atvinna@oryggi.is. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál. Ekki er tekið við fyrirspurnum í síma. Eldri umsóknir óskast endurnýjaðar.

Öryggismiðstöðin leggur áherslu á að hafa yfir að ráða hæfu starfsfólki sem býr yfir faglegri þekkingu og reynslu á sviði öryggismála. Allir öryggisverðir gangast undir þjálfun og sækja námskeið sem miða að því að gera þá sem hæfasta í starfi. Öryggismiðstöðin er alhliða öryggisfyrirtæki sem rekur sína eigin stjórnstöð sem er starfsrækt 24 tíma sólarhrings, allt árið um kring. Hjá Öryggismiðstöðinni starfa 150 manns.

ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN
BORGARTÚNI 31 • SÍMI 530 2400 • WWW.ORYGGI.IS

Öryggis- og aðgangsstýrikerfi • Myndavélakerfi • Brunavarnir
Fyrirtækjaöryggi • Heimaöryggi • Vöruverndarbúnaður
Áskrift að öryggi

Með skilningi á þörfum fólks, alúð og góðum vörum vex hagur Brimborgar hratt. Á aðeins fjórum árum hefur fyrirtækið þrefaldast að stærð og stefnir það á að verða vinsælasta bílaumboð landsins þar sem traust og öryggi í viðskiptum er haft að leiðarljósi. Í Reykjavík og á Akureyri starfa um 150 manns við að veita viðskiptavinum Brimborgar faglega ráðgjöf og þjónustu fyrir Ford, Volvo, Citroën, Lincoln, Daihatsu, Mazda, Volvo vörubíla, Volvo vinnuvélar, Volvo Penta bátavélar, Volvo strætisvagna og Volvo rútur. Hiab bílkrana, Pirelli og Nokian hjólbarða.

Brimborg leitar að einstaklingi sem hefur metnað til að láta hæfileika sína njóta sín í stórum hópi fráþærra fagmanna sem starfa undir fána Brimborgar.

Umsóknarfrestur er til 20. nóv. n.k.

Söluráðgjafi nýrra Ford bifreiða

Krefjandi starf og góðir tekjumöguleikar hjá sókndjörfu fyrirtæki

Stutt lýsing á starfi
- Ráðgjöf til viðskiptavina varðandi kaup & leigu á nýjum Ford bifreiðum
- Sala á nýjum Ford bifreiðum

Hæfniskröfur
- Almenna þekkingu og reynslu af bifreiðum
- Söluhæfileika og gott sjálfstraust
- Gilt bílpróf, meirapróf æskilegt
- Góða tölvuþekkingu
- Skipulagshæfileika

Nánari upplýsingar

Vinnutími er frá 9:00-18:00 alla virka daga og þriðja hvern laugardag frá 11:45-16:15.

Skelltu þér á netið www.brimborg.is og sæktu um starfið. Frekari upplýsingar veitir starfsmannasvið Brimborgar í símum 515-7088 og 515-7188.

Nú er tækifærið - við bíðum eftir þér.

Umsóknarfrestur er til 20. nóvember 2006.
Þú sækir um á netinu, www.brimborg.is. Núna.

brimborg
Öruggur staður til að vera á



Frá því Brimborg tók við Ford vörumerkinu á Íslandi fyrir 11 árum hefur það notið vaxandi vinsælda. Ford vörulínan hefur aldrei verið glæsilegri og gæðin aldrei verið meiri. Okkur vantar sterka liðsmenn í Ford liðið okkar og því leitum við að einstaklingi, karli eða konu, sem getur sýnt fram á góðan árangur í sölumennsku og ráðgjöf. Við leitum að afkastamiklum, duglegum, röggsömum og stundvísum einstaklingi með mikla trú á Ford vörumerkinu og möguleikum þess til enn frekari vaxtar á Íslandi.

VOLVO · Ford · CITROËN · LINCOLN · DAIHATSU · mazda · VOLVO PENTA · HIAB · Óvalsbílar · PIRELLI · nokian DEKK

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | www.brimborg.is | brimborg@brimborg.is

VÉLVIRKI ÓSKAST

Vélaverkstæði óskar eftir áhugasömum vélvirkja í framtíðarstarf. Snyrtileg aðstaða, góður andi og góð laun í boði.

Umsóknir berist á box@frett.is merkt "verkstæði".

Tæknihöfundur

Marel leitar að tæknihöfundi til starfa á útgáfusviði innan vöruþróunarferlis

Starfið:

- Ritun notendahandbóka og hjálpartexta fyrir tæki og hugbúnað Marel í náinni samvinnu við hönnuði.
- Umsjón með bókasafni.

Í boði er:

- Áhugavert og krefjandi starf.
- Mjög góð starfsaðstaða.
- Metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi þar sem lögð er rík áhersla á frumkvæði starfsmanna.

Hæfniskröfur:

- Háskólapróf.
- Mjög góð enskukunnátta (MA eða sambærilegt).
- Mjög góð ritfærni á íslensku og ensku.
- Hæfni til að miðla flóknu efni á skýran og einfaldan hátt.
- Reynsla af upplýsingamiðlun æskileg.
- Mjög góð tölvukunnátta.
- Tæknilegt innsæi og áhugi á tæknilegum málefnum.

Umsóknarfrestur er til og með 20. nóvember nk. Vinsamlegast sækið um starfið á heimasíðu Marel. Nánari upplýsingar veitir Lára Hallgrímsdóttir, sviðsstjóri Útgáfusviðs, í síma 563 8000.

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki sem er í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá okkur starfar fjöldi sérfræðinga með mikla reynslu. Við bjóðum upp á metnaðarfullt, fjölbreytt og faglegt vinnuumhverfi þar sem rík áhersla er lögð á liðsvinnu, símennt, góða starfsaðstöðu og starfsanda. Hjá fyrirtækinu starfa yfir 2000 starfsmenn í 5 heimsálfum.

Marel hf.
Austurhrauni 9
210 Garðabæ
Sími 563 8000
www.marel.is

Marel

VILT ÞÚ MÓTA FRAMTÍÐINA MEÐ OKKUR?

FLUGFREYJUR/FLUGÞJÓNAR

Icelandair óskar eftir að ráða flugfreyjur/flugþjóna til starfa næsta sumar. Félagið leitar eftir kraftmiklum og áhugasömum einstaklingum sem hafa reynslu af þjónustustörfum og góða þjónustulund.

Ætlast er til að umsækjendur hafi náð 21 árs aldri á næsta ári (fæddir ´86 eða fyrr). Stúdentspróf eða sambærileg menntun er nauðsynleg ásamt mjög góðri tungumálakunnáttu.

Umsækjendur þurfa að vera reiðubúnir að sækja námskeið í 6–8 vikur og taka próf að því loknu. Námskeiðin hefjast í janúar.

Eingöngu er hægt að sækja um á veffangi Icelandair **www.icelandair.is/umsokn** og er nauðsynlegt að mynd fylgi umsókn.

Netfang umsækjenda þarf að koma fram í umsókn. Vinsamlegast endurnýjið áður innsendar umsóknir og sendið á ofangreint veffang.

Umsóknarfrestur er til og með 24. nóvember.

Icelandair er kraftmikið ferðaþjónustufyrirtæki sem tekur þátt í harðri samkeppni á alþjóðamarkaði.

Icelandair er framsækið fyrirtæki, leiðandi í ferðaþjónustu á Íslandi, markaðssetningu á Internetinu og í fremstu röð í þróun upplýsingatækni.

Starfsmenn Icelandair eru lykillinn að velgengni félagsins. Hjá Icelandair starfa um þúsund manns af mörgum þjóðernum í tíu löndum.

Icelandair leggur áherslu á að starfsmenn félagsins séu þjónustusinnaðir og tilbúnir að takast á við krefjandi og spennandi verkefni í alþjóðlegu starfsumhverfi.

Icelandair leggur áherslu á þjálfun starfsmanna og símenntun, hvetur starfsmenn til heilsuræktar og styður við félagsstarf starfsmanna.

Icelandair er reyklaust fyrirtæki.

Við erum ein áhöfn með sameiginlegt, skýrt markmið, berum virðingu fyrir viðskiptavinum og samstarfsmönnum og höfum gaman að því sem við gerum.

Icelandair er fyrirtæki í forystu á alþjóðamarkaði í ferðaþjónustu. Við erum í öflugri sókn og sækjumst eftir einstaklingum til að taka þátt í uppbyggingu okkar á komandi árum.

WWW.ICELANDAIR.IS

sbarro

EKTA ÍTALSKUR MATUR!

Við erum að leita eftir duglegu og gefandi fólki sem vill vinnu hjá fyritæki með mikinn metnað.

SBARRO óskar eftir starfsfólki í eftirfarandi stöður:

- **Pizza bakari / Eldhús**
- **Starfsfólk í afgreiðslu**

Hægt er að sækja um á heimasíðu fyrirtækisins www.sbarro.is, eða senda umsóknir á skrifstofu Sbarro, Suðurlandsbraut 46, 108 Reykjavík.

Nánari upplýsingar gefur Steingrímur í síma 696-7021. netfang: steini@sbarro.is

sbarro

SBARRO ekta ítölsk skyndibitakeðja opnar í nóvember á Stjörnutorgi Kringlunni.

SBARRO er ein stærsta Ítalska skyndibitakeðja í heiminum í dag og telja yfir 1000 staði í 30 löndum. Í þau 50 ár sem Gennaro og Carmela SBARRO hafa átt og rekið SBARRO, þá hafa upprunalegu uppskriftirnar frá Napolí verið notaðar, og núna loksins fá Íslendingar að njóta SBARRO veitinga á Íslandi.

Með skilningi á þörfum fólks, alúð og góðum vörum vex hagur Brimborgar hratt. Á aðeins fjórum árum hefur fyrirtækið þrefaldast að stærð og stefnir það á að verða vinsælasta bílaumboð landsins þar sem traust og öryggi í viðskiptum er haft að leiðarljósi. Í Reykjavík og á Akureyri starfa um 150 manns við að veita viðskiptavinum Brimborgar faglega ráðgjöf og þjónustu fyrir Ford, Volvo, Citroën, Lincoln, Daihatsu, Mazda, Volvo vörubíla, Volvo vinnuvélar, Volvo Penta bátavélar, Volvo strætisvagna og Volvo rútur. Hiab bílkrana, Pirelli og Nokian hjólbarða.

Brimborg leitar að einstaklingi sem hefur metnað til að láta hæfileika sína njóta sín í stórum hópi fráhærra fagmanna sem starfa undir fána Brimborgar.

Umsóknarfrestur er til 20. nóv. n.k.

Vanur bókari óskast til starfa

Brimborg leitar að vönum bókara til starfa á fjármálasviði

Stutt lýsing á starfi

- Annast vinnslu á bókhaldi á fjármálasviði
- Innra eftirlit og afstemmingar

Hæfniskröfur

- Viðskiptamenntun og/eða a.m.k. 3ja ára starfsreynsla eða sambærileg reynsla úr atvinnulífinu við vinnslu bókhalds.
- Heiðarlegur/áreiðanalegur
- Góða þjónustulund
- Góða þekkingu á PC tölvum (PC/Windows umhverfi)
- Góð íslenskukunnátta
- Almenn enskukunnátta
- Fingrasetning

Nánari upplýsingar

Brimborg býður uppá fyrirtaks starfsumhverfi, góða vinnuaðstöðu og samkeppnishæf laun með hressum og kátum vinnufélögum.

Vinnutími er sveigjanlegur frá 8:00-16:00 eða 9:00-17:00 alla virka daga.

Skelltu þér á netið www.brimborg.is og sæktu um starfið. Frekari upplýsingar veitir starfsmannahald Brimborgar í símum 515-7088/7188
Nú er tækifærið - við bíðum eftir þér.

Umsóknarfrestur er til 20. nóvember 2006.
Þú sækir um á netinu, www.brimborg.is. Núna.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

VOLVO Ford CITROËN LINCOLN DAIHATSU mazda VOLVO PENTA HIAB notaðir Úrvalsbílar PIRELLI nokian DEKK

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6 - 8, sími 515 7000 | www.brimborg.is | brimborg@brimborg.is

Áhugaverð framtíðarstörf

Pípulagnaverslunin Skútuvogi

- **Sölu- og afgreiðslumenn**

Starfið felst í sölu, ráðgjöf og þjónustu við viðskiptavini.
Menntun eða einhver reynsla af pípulögnum kostur
Reynsla úr sambærilegu starfi kostur.

Verslun Grafarholti

- **Sölu- og afgreiðslumenn í timbursölu**

Starfið felst í sölu, og þjónustu við viðskiptavini og almenn lagerstörf.
Lyftarapróf væri kostur.

- **Afgreiðslufólk á kassasvæði**

Hlutastörf koma til greina

Verslun Fiskislóð

- **Sölu- og afgreiðslumann**

Starfið felst í sölu, og þjónustu við viðskiptavini
Pantanir og birgðastýring.

- **Afgreiðslufólk á kassasvæði**

Umsóknir berist til starfsmannastjóra Húsasmiðjunnar Guðrúnar Kristinsdóttur, **gudrunk@husa.is**. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Húsasmiðjunar **www.husa.is**

› Húsasmiðjuskólinn:
Í skólanum okkar eru haldin um 100 námskeið á ári fyrir starfsmenn og námsvísir er gefinn út á vor- og haustönn.

› Starfsmannafélag:
Hjá okkur er öflugt starfsmannafélag sem sér m.a. um skemmtanir fyrir starfsmenn og fjölskyldur þeirra, íþróttaviðburði og útleigu sumarhúsa.

› Heilsuefling:
Húsasmiðjan og starfsmannafélagið styðja við heilsurækt fastráðinna starfsmanna.

› Viðskiptakjör:
Við bjóðum starfsmönnum góð kjör.

› Fyrir alla:
Húsasmiðjan hvetur alla, á hvaða aldri sem er og vilja starfa hjá traustu og góðu fyrirtæki til að sækja um.

Húsasmiðjan hf. er stærsti söluaðili byggingarvara á Íslandi og eitt af 25 stærstu fyrirtækjum landsins. Húsasmiðjuverslanir eru tuttugu og ein á landsvísu. Í verslunum okkar höfum við á boðstólnum yfir 80 þúsund vörutegundir.

Hjá Húsasmiðjunni starfa að jafnaði um 750 manns á öllum aldri. Við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi.

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

UMSJÓNARMAÐUR HÚSEIGNA

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu umsjónarmanns húseigna lausa til umsóknar.
Um er að ræða fullt starf.

Umsóknarfrestur er til og með 17. nóvember 2006.
Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: http://iceland.usembassy.gov/vacancies.html

Enginn í heimi selur fleiri fasteignir

Sölufulltrúar óskast

RE/MAX Esja óskar eftir að ráða til sín sölufulltrúa.

Kvenfólk sérstaklega velkomið í hópinn.

Áhugasamir sendi umsóknir á netfangið: *sh@remax.is* fyrir 15 nóvember

RE/MAX Esja
Laugavegi 170 - 105 Reykjavik - Sími: 414 4600

Gott starf í boði

Leitað er að duglegum og röskum einstaklingi sem getur hafið störf sem fyrst.

Rafvirki, rafeindavirki eða vélvirki

Viðkomandi þarf að hafa reynslu af viðgerðum á vélum og tækjum. Rík þjónustulund og áhugi á sölumennsku eru nauðsynlegir kostir. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsóknum skal skila fyrir 20. nóvember, merktum „Verkstæði" til A. Karlsson, Brautarholti 28, 105 Rvk eða larus@akarlsson.is

A. Karlsson ehf. var stofnað 1975 og er meginstarfsemi fyrirtækisins annarsvegar á heilbrigðissviði og hinsvegar á fyrirtækjasviði. Hjá A. Karlssyni vinna nú 55 starfsmenn.

A. KARLSSON

VSB
VERKFRÆÐISTOFA

Hönnun rafkerfa

VSB Verkfræðistofa ehf, Hafnarfirði auglýsir eftir verk-, tækni- eða iðnfræðingum til starfa að eftirtöldum meginverkefnum:

- Hönnun rafkerfa í byggingar, lág- og smáspennu
- Hönnun raflýsingar innan- og utanhúss

Reynsla af hönnun og þekking á AutoCAD og helstu hönnunarforritum er æskileg en ekki skilyrði.

Leitað er að einstaklingi þar sem fagmennska og metnaður er í fyrirrúmi við lausn verkefna. Hæfni og áhugi viðkomandi hefur áhrif á þróun í starfi.

Frekari upplýsingar gefur Ragnar Viktor Karlsson í síma 585 8634, einnig má senda fyrirspurnir á netfangið ragnar@vsb.is

VSB Verkfræðistofa ehf. sinnir faglegri ráðgjöf og umsjón framkvæmda á fjölbreyttu sviði verkfræði. Starfseminni er skipt í 2 svið, byggingasvið og umhverfis- og framkvæmdasvið. Boðnar eru heildarlausnir við umsjón verklegra framkvæmda, frá forsögn og frumathugunum að lokaúttekt. Starfsmenn eru 29. VSB er aðili að FRV (Félagi ráðgjafarverkfræðinga). Nánari upplýsingar á heimasíðu www.vsb.is.

Vélamenn

Vegna aukinna verkefna á höfuðborgarsvæðinu óskar Heimir og Þorgeir ehf. eftir að ráða vélamenn. Starfsmönnum utan höfuðborgarsvæðisins býðst frítt húsnæði hjá félaginu.

Upplýsingar veitir Geir Sæmundsson í síma 696-9936 og geir@hogth.is. Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu félagsins www.hogth.is

Heimir og Þorgeir er ört vaxandi félag sem býður góða aðstöðu fyrir starfsmenn.

Heimir og Þorgeir ehf.
Dugguvogi 2, 104 Reykjavík sími. 554-6464.

» Ráðningarþjónusta

Ert þú í atvinnuleit?

Fjöldi starfa í boði.

- » Skrifstofustörf
- » Lagerstörf
- » Verslunarstörf
- » Bókhaldsstörf
- » Ræstingarstörf
- » Sérfræðistörf
- » Útkeyrslustörf
- » Sölustörf
- » Stjórnunarstörf
- » Störf við kerfisstjórn
- » Störf við forritun
- » Framleiðslustörf
- » Iðnstörf
- » Þjónustustörf

» Kannaðu málið á
www.hhr.is

HH RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík
Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

Ingvar Helgason

Ingvar Helgason ehf. er fyrirtæki sem starfað hefur í nær 50 ár við sölu og þjónustu á bifreiðum. Ingvar Helgason býður upp á mjög breitt vöruúrval, bíla sem henta við allar aðstæður. Fyrirtækið hefur umboð fyrir þekkt og vönduð vörumerki sem sannað hafa ágæti sitt til fjölda ára; Subaru, Nissan, Opel, Saab og Isuzu. Hjá fyrirtækinu starfa rúmlega 100 manns og lögð er áhersla á að bjóða gott starfsumhverfi í þessu vaxandi fyrirtæki.

Ingvar Helgason

ÞJÓNUSTUDEILD INGVARS HELGASONAR EHF.

Uppbygging þjónustustarfssemi fyrirtækisins stendur yfir og mun aðstaða verða fyrsta flokks. Bjóðum uppá skemmtilegt starf í góðu starfsumhverfi. Á verkstæðinu er góður starfsandi og gott vinnuumhverfi. Þekking starfsmanna er okkur mikils virði og eru starfsmenn þjálfaðir og sækja námskeið til að ná þeirri þekkingu sem til þarf. Taktu þátt í uppbyggingu í vaxandi fyrirtæki. Reyklaus vinnustaður.

Aðstoðarrekstrarstjóri í þjónustudeild
Starfið felur í sér:
- Þátttaka í mótun og uppbyggingu gæðaþjónustu
- Ábyrgð á úrvinnslu ábyrgðarkostnaðar og samskiptum við viðskiptavini
- Uppbyggingu og viðhald fastverðakerfis
- Viðhaldi þjónustubóka
- Samskipti við erlenda birgja

Hæfniskröfur:
- Reynsla af stjórnunarstörfum mjög æskileg.
- Þekking á bílum er augljóslega kostur.
- Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi gott vald á ensku auk íslensku.
- Þarf að vera sjálfstæður í vinnubrögðum og vinna skipulega.
- Færni í mannlegum samskiptum mjög mikilvæg

Verkstjórn á verkstæði:
Starfið felur í sér:
- Umsjón með verkum og verkferlum
- Ábyrgð á verkskráningum og frágang verkbeiðna
- Samskipti við móttöku og viðskiptavini

Hæfniskröfur:
- Reynsla af stjórnunarstörfum mjög æskileg.
- Hafa stundað nám í iðn og/eða tæknimenntun
- Þekking á bílum er augljóslega kostur.
- Þarf að vera sjálfstæður í vinnubrögðum og vinna skipulega
- Færni í mannlegum samskiptum mjög mikilvæg

Starfsmaður á verkstæði:
Starfið felur í sér:
- Almennar bílaviðgerðir

Hæfniskröfur:
- Hafa stundað nám í bifvélavirkjun og/eða reynsla af bíla viðgerðum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Nákvæmni í vinnubrögðum
- Stundvísi

Bilanagreining! -Bifvélavirkjar með reynslu-
Starfið felur í sér:
- Bilanagreiningu
- Námskeiðshald
- Tæknileg aðstoð

Hæfniskröfur:
- Hafa lokið námi í bifvélavirkjun og/eða rafeindavirkjun
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð tungumálakunnátta
- Nákvæmni í vinnubrögðum
- Stundvísi

Laus störf í verkstæðismóttöku
Starfið felur í sér:
- Forgreining á ástandi bíla
- Gerð kostnaðaráætlana
- Móttaka og þjónusta við viðskiptavini verkstæðis
- Reikningagerð
- Afhending nýrra bíla

Hæfniskröfur:
- Framúrskarandi þjónustulund.
- Góð almenn þekking á bílum
- Stundvísi og nákvæmni í vinnubrögðum.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af sambærilegum störfum er kostur

Nánari upplýsingar um störfin veitir Ásgrímur Víðir Reynisson í síma 822 8071

Vinsamlegast sendið umsóknir á heimasíðunni www.ih.is

Almenna verkfræðistofan veitir víðtæka þjónustu á sviði bygginga-, véla-, og umhverfisverkfræði. Almennu verkfræðistofunni er skipt í fimm fagsvið: virkjana- og samgöngusvið, byggingasvið, véla- og rafmagnssvið, verkefnastjórnunarsvið og umhverfissvið.
Almenna verkfræðistofan er traust fyrirtæki sem var stofnað 1971 en á rætur að rekja til ársins 1941. Almenna verkfræðistofan leggur metnað sinn í að vera framsækið, markaðsdrifið og jafnréttissinnað félag og starfsvettvangur metnaðarfullra starfsmanna. Starfsmenn fyrirtækisins eru um 70 talsins.
Unnt er að afla sér nánari upplýsinga á **www.almenna.is.**

Almenna verkfræðistofan
FRÁ MÓTUN AÐ MANNVIRKI

VOTTAÐ GÆÐAKERFI ÍST ISO 9001

BYGGINGARVERKFRÆÐINGUR/TÆKNIFRÆÐINGUR AKRANES

Almenna verkfræðistofan hf. leitar eftir byggingarverkfræðingi / tæknifræðingi á skrifstofu sína á Akranesi.
Starfið felst m.a. í hönnun, eftirliti með framkvæmdum og öðrum almennum byggingarfræðistörfum.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólapróf í byggingarverkfræði/tæknifræði
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði, metnaður og frumkvæði í starfi

BYGGINGARFRÆÐINGUR - AKRANES

Almenna verkfræðistofan hf. leitar eftir byggingarfræðingi á skrifstofu sína á Akranesi. Starfið felst m.a. í hönnun, eftirliti með framkvæmdum og öðrum almennum byggingarfræðistörfum.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólapróf í byggingarfræði
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæði, metnaður og frumkvæði í starfi

Leitað er eftir metnaðarfullum einstaklingum, með reynslu af byggingarframkvæmdum sem eru reiðubúnir að taka þátt í fjölbreyttum og spennandi verkefnum.
Æskilegt er að umsækjendur hafi búsetu á Akranesi.

Nánari upplýsingar veitir Helgi Valdimarsson,
hv@almenna.is eða í síma 580 8100.
Umsóknir óskast sendar á hv@almenna.is fyrir 24. nóvember n.k.

Almenna verkfræðistofan hf. • Suðurgötu 57 • 300 Akranesi • Sími: 431 1785
Almenna verkfræðistofan hf. • Fellsmúli 26 • 108 Reykjavík • Sími: 580 8100 • www.almenna.is • av@almenna.is

Reykjavíkurborg
íþrótta- og tómstundasvið

ÍTR

Starfsfólk óskast í unglingastarf í félagsmiðstöðvar Tónabæjar

Félagsmiðstöðvar í Reykjavík eru 18 og heyra undir starfsemi frístundamiðstöðva ÍTR í hverfum borgarinnar. Í starfi félagsmiðstöðva er helsti markhópurinn 13-16 ára unglingar. Rannsóknir sýna að þátttaka í skipulögðu frítímastarfi hefur mikið forvarnargildi og styrkir unglinga til virkari þátttöku í samfélaginu.

Frístundaráðgjafa í félagsmiðstöðina Tónabæ
Fullt starf frá og með áramótum.
Umsóknarfrestur er til 30. nóvember 2006

Frístundaráðgjafa í félagsmiðstöðina Þróttheima
Fullt starf frá og með áramótum.
Umsóknarfrestur er til 30. nóvember 2006

Verksvið:
- Umsjón með félagsmiðstöðvarstarfi fyrir unglinga
- Skipulagning starfs í samráði við unglinga og starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar
- Samskipti og samstarf við foreldra sem og starfsfólk sem kemur að starfi með unglingum
- Ýmiss konar upplýsinga-, forvarnar- og kynningarstarf

Einnig vantar frístundaráðgjafa í hlutastarf í félagsmiðstöðvarnar Tónabæ og Þróttheima
Umsóknarfrestur er til 24. nóvember 2006

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Háskólamenntun á sviði uppeldis og/eða sambærilega menntun æskileg
- Reynsla af vinnu með börnum og/eða unglingum
- Hæfni í mannlegum samskiptum, jákvæðni, frumkvæði og framtakssemi
- Almenn tölvukunnátta auk skipulags- og stjórnunarhæfileika

Nánari upplýsingar um þessi störf veitir Dagbjört Ásbjörnsdóttir, deildarstjóri unglingastarfs í Tónabæ í síma 510-8800, netfang: dagbjort.asbjorndottir@reykjavik.is.

Hægt er að sækja um störfin á www.itr.is. Einnig er hægt að skila umsóknum til frístundamiðstöðvarinnar Tónabæjar, Safamýri 28, 105 Reykjavík.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar
um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.**

ÞJÓNUSTUFULLTRÚI TÖLVUMÁLA Í BRETLANDI

Glitnir leitar að metnaðarfullum og ábyrgum einstaklingi til að starfa með öflugu teymi starfsmanna á skrifstofu bankans í Bretlandi.

Hann þarf að vera tilbúinn að takast á við krefjandi og fjölbreytt starf sem felst í þjónustu við starfsmenn bankans.

Helstu verkefni
- Almenn þjónusta við notendur
- Dagleg umsjón og rekstur búnaðar
- Samskipti við þjónustuaðila í Bretlandi

Reynsla
Kunnátta og reynsla gagnvart almennum þjónustuverkum á sviði:
- Vinnustöðva
- Netþjóna og netkerfa
- Microsoft og ýmissa annarra hugbúnaðapakka

Menntun
Kerfisfræði, rafeindavirkjun með eitthvað af eftirfarandi: MCDST, MCP, MCSA, MCSE – eða sambærileg þekking. Mikla reynsla af rekstri og umsjón netkerfa og þá sérstaklega Microsoft umhverfis.

Hæfni
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg
- Sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð
- Frumkvæði og drifkraftur
- Rík þjónustulund og samskiptahæfni
- Nákvæmi og samviskusemi
- Jákvæðni

Nánari upplýsingar veitir Torfi Ólafur Sverrisson, deildarstjóri kerfisþjónustu, sími 8444322, netfang torfi.sverrisson@glitnir.is.

Umsóknir óskast fylltar út á www.glitnir.is og sendar ásamt ítarlegri ferilskrá fyrir 20. nóvember nk. Tengiliður í starfsmannaþjónustu er Hafsteinn Bragason, sími 440 4267, netfang hafsteinn.bragason@glitnir.is.

GLITNIR

KÓRSTJÓRI

Metnaðarfullt söngfólk í kór, óskar eftir áhugasömum, jákvæðum og drífandi kórstjóra til starfa í janúar n.k.

Umskóknir sendist á box@frett.is fyrir 1.des n.k.
merkt KÓRSTJÓRI.

KÓPAVOGSBÆR

LAUS STÖRF

Bókasafn Kópavogs:
- Bókavörður

Íþróttamiðstöðin Versalir:
- Afgr./baðvarsla kvenna

Félagsþjónusta Kópavogs:
- Starfsm. þjónustuíbúðak. geðfatlaðra
- Aðstoð við heimilisstörf
- Liðveisla, tilsjón og persónul. ráðgjöf
- Stuðningsfjölskyldur
- Matráður Roðasölum 80-100%

GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:

Hjallaskóli:
- Stundakennari/forföll
- Umsjónarkennari á yngsta stig

Kársnesskóli:
- Dægradvöl/stuðningsfulltrúi 50%
- Dægradvöl/starfsmaður 50%
- Tónmenntak. yngsta st. til áram. 14 st.
- Umsjónark. 4. bekk til áramóta

Kópavogsskóli:
- Dægradvöl/starfsmaður 50%

Lindaskóli:
- Íslenskukennari v/forfalla
- Starfsmaður í Dægradvöl 50%

Salaskóli:
- Starfsmaður í Dægradvöl
- Aðstoð í eldhús
- Stuðningsfulltrúi

Vatnsendaskóli:
- Kennari í árgangateymi í 3. - 6. bekk
- Kennari í árgangateymi í 7. – 8. bekk
- Heimilisfræðikennsla v/forfalla
- Smíðakennsla v/forfalla frá áramótum
- Starfsmaður í Dægradvöl 50%
- Stuðningsfulltrúi 50-80%

LEIKSKÓLAR KÓPAVOGS:

Álfatún: 564 6266
- Leikskólak. /þroskaþjálfi
- Deildarstjóri

Dalur: 554 5740
- Deildarstjóri 50%
- Leikskólakennari 100%

Efstihjalli: 554 6150
- Leikskólakennari
- Sérkennsla

Fagrabrekka: 554 2560
- Leikskólakennari

Kópasteinn: 564 1565
- Leikskólakennari/leiðbeinandi
- Leiksk.kenn/leiðbeinandi tímabundið
- Starfsfólk tímabundið í desember

Núpur: 554 7020
- Leikskólakennarar

Rjúpnahæð: 570 4240
- Leikskólakennarar
- Starfsmaður í sérkennslu

Nánari upplýsingar á:
www.kopavogur.is
og www.job.is

RAFVIRKJAR RAFEINDAVIRKJAR

Ert þú að leita að skemmtilegu og lifandi starfi í fjölbreyttu umhverfi? Góð laun í boði.
Áhugasamir hafi samband við Ómar í síma **696 5606** eða **omar@rafsol.is**

RAFSÓL

Skipholti 33 • 105 Reykjavík • Sími 553 5600
www.rafsol.is • rafsol@rafsol.is

Poszukujemy pracowników!

W zakres pracy wchodzi zarządzanie finansami oraz usługi ubezpieczeniowe dla osób z Europy Wschodniej osiedlonych na Islandii.

Proponujemy pracę w jednej z najlepszych firm w kraju w dziedzinie handlu i doradztwa.

Naszym celem jest zapewnienie , aby osobom pochodzenia obcego zagwarantowano taką samą obsługę jak Islandczykom.

*Ciekawa i wydajna praca w dobrym zespole.
*Ciekawa praca z dobrą perspektywą na przyszłość.
*Dobre zarobki w przyjaznym otoczeniu.

Kwalifikacje / Wymogi:

Osoba ubiegająca się musi mieć czyste zaświadczenie o niekaralności.

Wnioski (english or íslensku) prosimy wysyłać na adres á **wnioski@wnioski.is**

PÓSTURINN
allur pakkinn

Framtíðar- og jólastörf

við móttöku og afgreiðslu

Íslandspóstur hf. óskar eftir afgreiðslufólki til starfa á pósthús víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu nú fyrir jólin og til frambúðar. Við leitum að sjálfstæðu, úrræðagóðu og þjónustulunduðu starfsfólki sem þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar gefur Heiða í síma 580-1263.

Umsóknum skal skilað til: Íslandspóstur hf, Stórhöfða 29, 110 Reykjavík, merkt „afgreiðslustarf". Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Íslandspósts: www.postur.is

SKJÓL

Viltu bætast í okkar góða hóp?

Við leitum að áhugasömum einstaklingum sem vilja starfa við umönnun heimilisfólksins í Skjóli.

Hjúkrunarfræðingar.

Hjúkrunarfræðingar óskast til starfa, ýmsir vaktamöguleikar.

Frá áramótum er laus 40% staða hjúkrunarfræðings á næturvöktum í húsinu.

Sjúkraliðar.

Sjúkraliðar sem hafa áhuga á að vinna við umönnun aldraða, óskast til starfa. Vinnuhlutfall samkomulagsatriði.

Gott starfsumhverfi þar sem góður starfsandi er í heiðri hafður. Bjóðum traust, jákvætt og duglegt fólk velkomið til starfa strax og/eða eftir samkomulagi.

Áhugasamir vinsamlegast leitið upplýsinga sem fyrst hjá Aðalheiði Vilhjálmsdóttur hjúkrunarforstjóra, (alla@skjol.is) virka daga í síma 522 5600.

SUBWAY

Ertu handlag[illegible]n?

á aldrinum 40 til 65 ára?

Subway leitar að starfsmanni til að sjá um létt viðhald og vera liðtækur við breytingar og uppsetningar á Subway stöðum. Um er að ræða 100% starf. Umsækjendur þurfa að hafa mikla þjónustulund og hafa gaman að vinna með fólki.

SUBWAY

Nánari upplýsingar veitir Sigfús í síma 696 7002. Umsóknum er hægt að skila inn á netinu www.subway.is, sigfus@subway.is eða á skrifstofu Subway Suðurlandsbraut 46, 108 Reykjavík.

Reykjavíkurborg

Leikskólastjóri Foldakoti

Foldakot, Logafold 18, er tveggja deilda leikskóli þar sem dvelja 46 börn samtímis.

Lögð er áhersla á Hjallastefnuna, leikinn og skapandi hugsun. Unnið hefur verið með heildtæka skólastefnu. Starfsmannastefna leikskólans byggir á jákvæðni og gleði. Foreldrasamstarfið er mjög öflugt.

Helstu verkefni:
- Ábyrgð á mótun heildarstefnu í uppeldis- og menntamálum leikskólans
- Ábyrgð á rekstri leikskólans

Menntunar og hæfniskröfur:
- Leikskólakennaramenntun er áskilin
- Framhaldsmenntun í stjórnun er æskileg
- Stjórnunarhæfileikar og reynsla af stjórnun
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Tölvukunnátta og þekking á rekstri
- Góð skipulagshæfni, frumkvæði og metnaður í starfi

Umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf.

Umsóknarfrestur er til 27. nóvember nk. Æskilegt er að viðkomandi geti hafi störf sem fyrst.

Umsóknir sendist til skrifstofu Menntasviðs Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 1. Upplýsingar veita Hildur Skarphéðinsdóttir skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu **(hildur.skarphedinsdottir@reykjavik.is)** eða Ingunn Gísladóttir starfsmannastjóri **(ingunn.gisladottir@reykjavik.is)** í síma 411 7000. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Félags leikskólakennara og Launanefndar sveitarfélaga.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni.
Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar
um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Bifreiðaumboðið B&L

...leitar að starfsmanni

Þjónustufulltrúi í verkstæðismóttöku

Starfssvið
Móttaka viðskiptavina verkstæða
Símsvörun í verkstæðismóttöku
Ráðgjöf til viðskiptavina
Reikningagerð
Frágangur á varahlutapöntunum

Hæfniskröfur
Þjónustulund
Öguð vinnubrögð
Þekking á bílum
Æskilegt að viðkomandi sé reyklaus
Hæfni í mannlegum samskiptum

Umsækjendur verða að geta hafið störf sem allra fyrst. Áhugasömum er bent á að senda greinargóðar upplýsingar um menntun og fyrri störf til B&L, annað hvort í pósti eða tölvupósti á netfangið bjarnib@bl.is. Umsóknir þurfa að berast fyrir 20. móvember nk. Umsækjendum er heitið fullum trúnaði og verður öllum starfsumsóknum svarað.

B&L er eitt stærsta og virtasta bifreiðaumboð landsins, stofnað árið 1954.
Fyrirtækið er umboðsaðili fyrir bílaframleiðendurna Hyundai, Renault, BMW, Land Rover og einnig Arctic Cat vélsleða. B&L er einn stærsti söluaðili atvinnubíla á landinu. Meginmarkmið B&L er að veita vandaða og trausta þjónustu á öllum sviðum bifreiðaviðskipta og rekur fyrirtækið í því skyni öfluga starfsmannastefnu.
Alls starfa 128 manns hjá fyrirtækinu.

Með bílinn handa þér

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2006

B&L var í 9. sæti í Fyrirtæki ársins, árlegri könnun sem VR gerir meðal félagsmanna sinna og er því meðal fyrirmyndarfyrirtækja ársins 2006. B&L, sem er í flokki stærri fyrirtækja, var í 14. sæti í síðustu könnun og hefur því hækkað sig um 5 sæti á milli ára. **Þá reyndist B&L jafnframt vera með bestu niðurstöðuna, í samanburði við önnur bílaumboð í flokki stærri fyrirtækja. Það umboð sem kom næst B&L var í 16. sæti.**

B&L, Grjóthálsi 1, 110 Reykjavík, sími: 575 - 1200, www.bl.is

HYUNDAI - RENAULT - BMW - LAND ROVER - RENAULT TRUCKS - IRISBUS - ARCTIC CAT

allt bílar
Alla laugardaga

Forritarar óskast

Óskað er eftir tveimur öflugum tölvunarfræðingum/kerfisfræðingum.

Mikilvægt er að umsækjendur þekki vel til vefforritunar og hafi reynslu í ASP, .net þróunarumhverfinu og MS SQL.
Starfsmenn þurfa bæði að geta greint þarfir og leyst þær.
Hugsanlega munu starfsmenn einnig taka þátt í margvíslegum ráðgjafaverkefnum eftir atvikum.
Góð laun í boði fyrir rétta aðila

Sölustjóri óskast

Óskað er eftir viðskiptafræðingi í markaðs, sölu- og ráðgjafastarf.

Mikilvægt er að umsækjendur séu fljótir að skilja og tileinka sér ný tölvukerfi. Þekking á markaðs- og sölustörfum er mikilvæg. Starfsmaðurinn mun hljóta töluverða þjálfun við notkun þeirra vara sem fyrirtækið er að þróa, auk þess sem hann mun taka þátt í spennandi ráðgjafaverkefnum.
Góð laun í boði fyrir réttan aðila.

BETRI LAUSNIR

MySchool webthor

Betri lausnir er traust fyrirtæki sem býður upp á notalegt vinnuumhverfi þar sem starfsmenn njóta töluverðs sjálfstæðis. Við leggjum áherslu á gott samstarf á vinnustað og mikilvægi þess að hafa gaman í vinnunni. Nánari upplýsingar um fyrirtækið er hægt að sjá á vefsíðu þess: www.betrilausnir.is.

Við erum að þróa og þjónusta tvö megin kerfi.
Þau eru **MySchool** skólaumhverfið og **WebThor** vefumsjónarkerfið. Í dag eru yfir 12.000 manns skráðir notendur í MySchool og mörg af öflugustu fyrirtækjum landsins eru að nota WebThor sem vefumsjónartól.

Umsóknir berist fyrir 1. desember til:
Ingimars Þórs Friðrikssonar, framkvæmdastjóra Betri lausna (ingimar@betrilausnir.is) og veitir hann nánari upplýsingar um störfin.

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun

Hefur þú metnað til að starfa á öflugri og nútímalegri lögfræðistofu?

Fulltingi ehf. er í fremstu röð fyrirtækja á sviði lögfræðiþjónustu hérlendis. Vegna aukinna umsvifa óskum við að ráða nokkra lögmannsfulltrúa til fjölbreytilegra framtíðarstarfa.

Í hverju felast störfin?

Væntanleg störf taka fyrst og fremst til þjónustu og ráðgjafar við fyrirtæki og opinbera aðila, hérlendis sem erlendis.

Hvaða kröfur gerum við?

Við leitum sérstaklega eftir lögfræðingum með framhaldsmenntun og málflutningsréttindi en umsóknir frá öðrum verða einnig teknar til skoðunar. Lifandi áhugi á lögmennsku, góð hæfni í samskiptum og dugnaður eru skilyrði.

Hvað veitum við?

Við bjóðum áhugaverð og krefjandi störf í hvetjandi starfsumhverfi. Lögð er áhersla á símenntun og miklir möguleikar eru á að vaxa í starfi fyrir þá sem eru þess maklegir.

Umsókn

Áhugasamir sendi umsókn sína ásamt upplýsingum um menntun og starfsferil til Fulltingis ehf., b.t. framkvæmdastjóra, Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík, fyrir 18. nóvember næstkomandi.

Fullkomnum trúnaði er heitið við umfjöllun umsókna og öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar veita:

Kristinn Hallgrímsson hrl., kristinn@fulltingi.is og Óskar Norðmann hdl., oskar@fulltingi.is.

Fulltingi er framsækin og traust lögfræðistofa sem veitir einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum alhliða sérfræðiþjónustu, hérlendis sem erlendis, og gætir hagsmuna þeirra í hvívetna. Hlutverk Fulltingis er að leysa vel úr málum viðskiptavina sinna og ráða þeim heilt. Fulltingi er í örum vexti og sækist eftir starfsfólki sem býr yfir metnaði og atorku til að gera spennandi framtíðarsýn að veruleika.

FULLTINGI
lögfræðiþjónusta
www.fulltingi.is

Sigríður Birna vill fara með leiklistarmeðferðina út í samfélagið.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Auðveldar fólki að tjá sig

Sigríður Birna Valsdóttir er leiklistarkennari í Hagaskóla en hún er kennaramenntuð með meistarapróf í leiklistarmeðferðarfræði.

Sigríður Birna lærði leiklistarmeðferðarfræði úti í Bandaríkjunum og kláraði námið árið 2002. „Leiklistarmeðferðarfræði snýst í stuttu máli um að nýta aðferðir úr leikhúsinu til þess að hjálpa fólki," segir hún.

Sigríður Birna segir að oft eigi fólk mjög erfitt með að tjá sig og koma tilfinningum sínum í orð. „Við vitum ekki alltaf hvernig okkur líður en með leiklistarmeðferð eru farnar aðrar leiðir að líðaninni. Við notum alls konar hjálpartæki eins og grímur, hlutverkaleiki og spuna eða bara það sem hentar hverju sinni. Skjólstæðingurinn varpar því tilfinningum sínum á eitthvað annað og þá ert oft auðveldara að nefna þær og vinna úr þeim."

Í Bandaríkjunum og víðar er leiklistarmeðferð til dæmis notuð í skólum, á sjúkrahúsum og í fangelsum en Sigríður Birna segir að hún henti jafnt börnum, unglingum og fullorðnum eða bara öllum sem eiga í einhverjum vandræðum. „Leiklistarmeðferð getur farið fram í hópum eða með einstaklingum og fólk getur víða valið að vinna með leiklistarmeðferðarfræðingi í stað þess að fara til sálfræðings," segir hún.

Auk þess að kenna leiklist vinnur Sigríður Birna hjá Nýrri leið ráðgjöf í verkefni sem heitir Lífslistin og er meðferðarúrræði fyrir ungt fólk þar sem unnið er með myndlist, tónlist og leiklist. „Námið nýtist mér mjög vel í því sem ég er að gera því ég hef verið að vinna með einstaklingum og hópum og nota þessar aðferðir þó að ég fari kannski ekki í djúpa meðferðarvinnu." Draumur Sigríðar Birnu er samt að fara meira út í samfélagið með leiklistarmeðferðina. „Mig langar til þess að kynna leiklistarmeðferð betur og mér finnst ég vera tilbúin til þess að gera meira með hana núna. Ég held að það sé mikil þörf í samfélaginu fyrir meðferð af þessu tagi sem getur auðveldað fólki að opna sig og tjá tilfinningar sínar." *emilia@frettabladid.is*

Starfslok fyrir sextugt

STJÓRNENDUR Á ALMENNUM MARKAÐI KJÓSA HELDUR STARFSLOK FYRIR SEXTUGT EN STJÓRNENDUR HJÁ HINU OPINBERA.

Rúmlega tveir af hverjum tíu stjórnendum stefna á starfslok fyrir sextugt. Þetta kemur fram í könnun VR meðal stjórnenda á almennum og opinberum vinnumarkaði. Stærstur hluti stjórnendanna ætlar að setjast í helgan stein milli sextugs og sjötugs.

Í niðurstöðum könnunarinnar má sjá töluverðan mun á viðhorfum stjórnenda á almennum og opinberum markaði. 25 prósent stjórnenda á almennum markaði hyggja á starfslok fyrir sextugt en einungis 7% stjórnenda hins opinbera. Einnig voru viðhorf stjórnenda ólík eftir aldri. Því yngri sem stjórnendur voru því fyrr stefndu þeir á starfslok. 40 prósent stjórnenda 35 ára og yngri kjósa starfslok fyrir sextugt en 22 prósent stjórnenda á aldrinum 36 til 50 ára.

2.750 stjórnendur tóku þátt í könnuninni sem fram fór í maí og júní á þessu ári. Svörun var 46 prósent.

Heildarniðurstöður könnunarinnar verðar kynntar um miðjan mánuð.

Frétt fengin af www.vr.is. *- jóa*

Ungir stjórnendur stefna á starfslok fyrr en þeir sem eldri eru. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Fasteignablað

97. Tölublað - 4 Árgangur - 12. Nóvember 2006

Allar **RE/MAX** fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign.

RE/MAX
ENGINN Í HEIMI SELUR FLEIRI FASTEIGNIR

www.remax.is
Einn öflugasti fasteignavefur landsins

FRAMÚRSKARANDI ***SÖLUFULLTRÚAR***

RE/MAX Borg

RE/MAX Búi

RE/MAX Esja

RE/MAX Fasteignir

RE/MAX Heimili & Jarðir

RE/MAX Heimili & Skip

RE/MAX Lind

RE/MAX Mjódd

RE/MAX Senter

RE/MAX Stjarnan

FRAMÚRSKARANDI ***ÁRANGUR***

10 sölu***skrifstofur***

RE/MAX®

RE/MAX MJÓDD

Ásdís Ósk
lögg. fasteignasali
863 0402
asdis@remax.is

Tungusel 6

109 Reykjavík
Opið hús í dag kl.14.00-14.30

Verð: 17,4 M
Stærð: 88 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 1978
Brunabótamat: 11 M

Frábært fermetraverð !!! Mjög björt og stílhrein 3ja herbergja íbúð með miklu og fallegu útsýni á vinsælum og barnvænum stað í Seljahverfinu. 2 mjög rúmgóð herbergi bæði með skápum. Eldhús er með nýlega uppgerðri innréttingu og nýlegum tækjum, glæsilegt útsýni yfir Esjuna. Baðherbergi er með baðkari og sturtuaðstöðu og tengi fyrir þvottavél. Stofan er rúmgóð og útgengt á suðursvalir. Göngugata liggur fyrir aftan húsið. Beint fyrir framan húsið er leikskóli og grunnskóli og einnig er Bónus við hliðina.
Frábær fyrstu kaup.

Hafdís
Sölufulltrúi
895 6107
hafdis@remax.is



RE/MAX MJÓDD

Ásdís Ósk
lögg. fasteignasali
863 0402
asdis@remax.is

Kársnesbraut 92

200 Kópavogur
Opið hús í dag kl 15:00-15:30

Verð: 49.000.000
Stærð: 264 fm
Fjöldi herbergja: 7
Byggingarár: 1968
Brunabótamat: 28.700.000
Bílskúr: Já

Fallegt 2ja íbúða hús með bílskúr, grónum garði og frábæru sjávarútsýni. Efri hæð er 132fm, aukaíbúð 91fm og bílskúr 41fm. Efri hæð: Forstofa, sjónvarpshol og rúmgóð stofa og eldhús. 3 svefnherbergi og flísalagt baðherbergi. Aukaíbúð: forstofa, stórt flísalagt baðherbergi, stofa, svefnherbergi og eldhús. Lítil hitakompa nýtt sem vinnuherbergi. Nýleg verönd er við húsið með heitum nudd potti. Skemmtileg eign þar sem hægt er að láta neðri hæðina borga stóran hluta af íbúðarlánum.

Hafdís
Sölufulltrúi
895 6107
hafdis@remax.is



RE/MAX MJÓDD

Ásdís Ósk
lögg. fasteignasali
863 0402
asdis@remax.is

Gullengi 9

112 Reykjavík
Opið hús í dag kl. 16:00-16:30

Verð: 24,9M
Stærð: 105fm
Fjöldi herbergja: 4ja
Byggingarár: 1994
Brunabótamat: 15,8M

Falleg 4ra herbergja íbúð á 3ju hæð í 6 íbúða fjölbýli. Góður fataskápur er í forstofu. Svefnherbergin 3 eru öll með fataskápum og parketlögð. Baðherbergi er bæði með baðkari og sturtuklefa, innréttingu með halogenlýsingu og flísum á gólfi. Stofan er björt með parketi á gólfi og þaðan er útgengt á svalir. Eldhúsið er með maghony/sprautulakkaðri innréttingu og borðkrók. Þvottahús og geymsla er innan íbúðar. Þetta er falleg eign á barnvænum stað í Grafarvogi þar sem örstutt er í alla þjónustu.

Hafdís
Sölufulltrúi
895 6107
hafdis@remax.is

RE/MAX MJÓDD

Ásdís Ósk
lögg. fasteignasali
863 0402
asdis@remax.is

Logafold 69

112 Reykjavík
Opið hús í dag kl 17:00-17:30

Verð: 65.500.000
Stærð: 293,7 fm
Fjöldi herbergja: 5
Byggingarár: 1987
Brunabótamat: 38.350.000
Bílskúr: Já

Mjög fallegt og gott fjölskylduhús á 2 hæðum með mjög stórum innbyggðum bílskúr. Húsið stendur ofan götu við lítinn botnlanga með fallegu útsýni frá húsinu. Lýsing, neðri hæð: Forstofa, gestasalerni, sjónvarpsherbergi, 2 geymslur og vinnuherbergi. Steyptur stigi með plexigleri er milli hæða. Efri hæð: 4 svefnherbergi, baðherbergi, eldhús með alnoinnréttingu, þvottahús og falleg stofa með mikilli lofthæð og þaðan er útgengt á svalir með fallegu útsýni. Falleg eign á grónum og góðum stað í Grafarvogi.

Hafdís
Sölufulltrúi
895 6107
hafdis@remax.is



RE/MAX MJÓDD

Ásdís Ósk
lögg. fasteignasali
863 0402
asdis@remax.is

Fljótasel 13

109 Reykjavík
Opið hús í dag kl. 14:00-14:30

Verð: 43.9M
Stærð: 260,5 fm
Fjöldi herbergja: 8
Byggingarár: 1978
Brunabótamat: 30,1M
Bílskúr: já

Gott endaraðhús með bílskúr og aukaíbúð með sérinngangi á góðum stað í Seljahverfi. Aðalíbúðin, Forstofa, eldhús, borðstofa og stofa með fallegum arni, svefnherbergi og gestasalerni, efri hæð: 3 svefnherbergi, baðherbergi og hol. Aukaíbúðin er björt með sérinngangi, stofa og eldhús samliggjandi 2 svefnherbergi og baðherbergi. Bílskúr með geymslulofti. Þetta er góð eign þar sem leigutekjur aukaíbúðar bera góðan hluta af afborgunum hússins

Hafdís
Sölufulltrúi
895 6107
hafdis@remax.is

RE/MAX MJÓDD

Ásdís Ósk
lögg. fasteignasali
863 0402
asdis@remax.is

Strandvegur 4

210 Garðabær
Opið hús í dag kl. 15:00-15:30

Verð: 49.7M
Stærð: 159,5fm
Fjöldi herbergja: 4ja
Byggingarár: 2004
Brunabótamat: 28,7M
Bílskúr: bílskýli

Kynnum hér eina af glæsilegustu íbúðum Sjálandsins. Um er að ræða íbúð á efstu hæð með 3 rúmgóðum svefnherbergjum og mjög stórri stofu með mikilli lofthæð og stórfenglegu útsýni. Íbúðinni fylgir stæði í bílahúsi. Mjög fallegt plankaparket er á gólfum en flísar á baðherbergi og þvottahúsi. Innréttingar eru úr eik og hvíttaðri eik. Vönduð tæki eru í eldhúsi og ísskápur og uppþvottavél geta fylgt með. Þetta er lúxusíbúð í algjörum sérflokki þar sem engu hefur verið til sparað.

Hafdís
Sölufulltrúi
895 6107
hafdis@remax.is

RE/MAX MJÓDD

Ásdís Ósk
lögg. fasteignasali
863 0402
asdis@remax.is

Kristnibraut 29

113 Reykjavík
Opið hús í dag kl. 16:00-16:30

Verð: 21,9M
Stærð: 96,8fm
Fjöldi herbergja: 3ja
Byggingarár: 2001
Brunabótamat: 14,6M
Bílskúr: já bílskýl

Falleg, stílhrein 3ja herb. Íbúð á 3juhæð með stæði í bílgeymslu og 14fm geymslu í sameign, tilvalið sem hobbýherbergi. Góður fataskápur er í holi. Í eldhúsi er kirsuberja eldhúsinnrétting frá HTH ásamt AEG helluborði og rúmgóðum borðkrók. Borðstofa og stofa eru samliggjandi með rauðeikarparketi á gólfi. Svefnherbergin eru bæði rúmgóð með fatskápum og parketi á gólfi. Baðherbergi er flísalagt í hólf og gólf með baðkari og innréttingu. Þvottahús er innan íbúðar. Þetta er virkilega falleg eign með miklu útsýni.

Hafdís
Sölufulltrúi
895 6107
hafdis@remax.is



RE/MAX MJÓDD

Ásdís Ósk
lögg. fasteignasali
863 0402
asdis@remax.is

Krókabygg[illegible]14

270 Mos[illegible]

Verð: 29.5
Stærð: 108
Fjöldi herbergja: 4ra
Byggingarár: 1989
Brunabótamat: 17.8

SELD

Fallegt endaraðhús á einni hæð með millilofti. 3 rúmgóð svefnherbergi með skápum og parketi. Nýendurnýjað baðherbergi með baðkari og tengi fyrir þvottavél og þurrkara og góðu skápaplássi. Eldhús er opið inn í borðstofu og stofu, u-laga eikarinnréttting með fallegum mosaíkflísum á milli efri og neðri skápa. Milliloft er mjög rúmgott og nýtist vel sem t.d. vinnuherbergi. Frá stofu er útgengt á pall og þaðan út í afgirtan garð. Mjög falleg og skemmtileg eign á rólegum og fjölskylduvænum stað.

Hafdís
Sölufulltrúi
895 6107
hafdis@remax.is

www.remax.is

Allar RE/MAX fasteignasölur eru sjálfstætt reknar og í einkaeign

RE/MAX®

RE/MAX MJÓDD

Álfkonuhvarf 47

203 Kópavogur

Opið hús mánudag kl. 18:30-19:00

Verð: 22,3 M

Stærð: 90.5 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 2006
Brunabótamat: 15.3 M
Bílskúr: Bílskýli

Kynnum til sölu tvær fallegar 3ja herbergja íbúðir við Álfkonuhvarf. Þær eru báðar fullbúnar með gólfefnum. Önnur íbúðin er á jarðhæð með hellulagðri verönd. Hin íbúðin er á efstu hæð með miklu útsýni. Báðar með stæði í bílskýli og lausar til afhendingar. Viltu hafa garð eða útsýni? Þitt er valið. Stutt í fallegar gönguleiðir og óspillta náttúruna við Elliðavatn

Ásdís Ósk
lögg. fasteignasali
863 0402
asdis@remax.is

Hafdís
Sölufulltrúi
895 6107
hafdis@remax.is

RE/MAX MJÓDD

Básbryggja 2

110 Reykjavík

Opið hús mánudag kl. 19:30-20:00

Verð: 24.3 M

Stærð: 97.2 fm
Fjöldi herbergja: 3
Byggingarár: 2003
Brunabótamat: 15,2 M
Bílskúr: Bílskýli

Glæsileg 3ja herbergja íbúð á 1 hæð. í fallegu fjölbýli í Bryggjuhverfi Grafarvogs. Kirsuberja innréttíng í eldhúsi með dökkum borðum og stáltækjum. Bæði svefnherbergin eru með hvítttuðu eikarplastparketi og fataskápum úr kirsuberjavið. Baðherbergið er með hornbaðkeri með glerskilrúmi, upphengdu salerni og flísum í hólf og gólf. Eldhús og stofa í opnu rými. Stæði í bílskýli tilheyrir íbúðinni.
** FALLEG EIGN Á EFTIRSÓTTU SVÆÐI**

Ásdís Ósk
lögg. fasteignasali
863 0402
asdis@remax.is

Hafdís
Sölufulltrúi
895 6107
hafdis@remax.is



RE/MAX MJÓDD

Hjallabraut 60

220 Hafnarfjörður

Opið hús Mánudaginn kl.17:30-18:00

Verð: 44,5 M

Stærð: 296.6 fm
Fjöldi herbergja: 6-7
Byggingarár: 1977
Brunabótamat: 38,6 M
Bílskúr: já

„Ég vona ekki en maður veit aldrei. Bond-stelpurnar hafa margar verið fyrirsætur og hafa kannski ekki haft neinn áhuga á að verða leikkonur. Þær hafa ef til vill ekki heldur tekið þetta alvarlega, án þess að ég vilji vera að gagnrýna þær, ekki síst þar sem ég hef ekki séð allar myndirnar. Þá megum við ekki gleyma því að margir líta þessa rullu hornauga og leikkonur verða að vera við því búnar að illar tungur hrópi: „Guð minn góður, hún er Bond-gella. Hún getur ekki leikið!" Maður verður bara að vera ákveðinn og ég veit að ég vil halda áfram að leika eftir þessa mynd. Við höfum líka alveg dæmi um alvöru leikkonur eins og Halle Berry og Sophie Marceau sem hafa verið Bond-gellur og lifað það af. Sumar hafa aldrei náð þessum stimpli af sér, jafnvel ekki áratugum eftir að þær léku í Bond-mynd. Það er kannski ekki það besta sem kemur fyrir mann að festast í Bond-píu hlutverkinu en það er bara þessi merkimiði sem fer í taugarnar á mér. Annars finnst mér þetta allt bara skemmtilegt."

Breytir Bond í skíthæl

James Bond féll fyrir Tracy Di Vicenzo í On Her Majesty's Secret Service og gekk í heilagt hjónaband sem fékk óvæntan og sorglegan endi á brúðkaupsdaginn þegar erkifjandinn Blofeld myrti brúðina skömmu eftir athöfnina. Annars hefur Bond ekki verið þekktur fyrir að láta djúpar tilfinningar í garð kvenna rugla sig í ríminu og Vesper er líklega sú eina sem hann elskaði af öllu hjarta.

„Bond er hrárri og viðkvæmari í Casino Royale en fólk á að venjast," segir Eva en myndin fjallar um fyrsta verkefni hans sem 007 og byggir á fyrstu skáldsögunni um hann.

„Hann er hrokafullur en í samskiptum sínum við Vesper er hann ekki alger karlremba. Hún stendur uppi í hárinu á honum, gerir grín að honum og töffarastælunum í honum og þau verða ástfangin. Hann er tilfinningaríkur og mannlegur og er alls ekki að spila með hana."

Vesper fer frekar illa með Bond og Eva vill ekki útiloka að þau miklu áhrif sem hún hefur á sálarlíf hans ráði miklu um framkomu hans við konur seinna meir. „Samband hans og Vesper hefur djúpstæð áhrif á hann og hegðun hans síðar meir, eða það hlýtur að vera þar sem við höfum séð það í hinum myndunum að hann er alger skíthæll."

Eva segist hafa hraðlesið Casino Royale eftir Flemming. „Mér fannst hún mjög ólík handritinu og Bond er meiri remba þar. Þegar hann sér Vesper þar fyrst hefur hann strax orð á því að hann langi til að sofa hjá henni en svo verður hann ástfanginn af henni þannig að þetta er líkt að því leyti. Vesper er í báðum tilfellum bæði hörð og auðsæranleg og í myndinni reynir hún að standast Bond og vill ekki falla fyrir honum."

Ómögulegt að búa með Bond

Það er hins vegar ekki ofsögum sagt af Bond að allar falla konurnar fyrir honum áður en yfir lýkur. „Hún reynir en ræður ekki við sig. Ég veit ekki hvað það er við hann sem konur falla fyrir. Þetta er galdur sem ekki er hægt að útskýra. Kannski er það vegna þess að hann er hættulegur, getur drepið konu og elskað hana og lifir spennandi lífi. En þetta er auðvitað ævintýri og ég held að það væri ekki eftirsóknarvert hlutskipti í raunveruleikanum að vera með James Bond. Það væri of krefjandi og maður væri með stöðugar áhyggjur af því hvar hann væri og hvað hann væri að gera. Uppvaskið myndi hlaðast upp og lífið færi allt úr skorðum. Þetta er ómögulegt."

Er ekki femínisti

Þó Eva hafni Bond-gellu stimplinum og telji sig og sína persónu vera annað og meira en barmfagran hasarkropp á strönd og hún hafi tekið hlutverk Vesper að sér á sínum forsendum þá getur hún ekki skilgreint sig sem femínista.

„Nei. Ég er ekki femínisti. Fyrir mér er þetta hugtak klisja um reiðu, bitru konuna og sterku lesbíuna. Þær hafa samt unnið mikið og gott starf í gegnum tíðina, við höfum kosningarétt og stöndum jafnfætis körlum. Femínismi er svo sterkt orð. Æi, ég veit það ekki. Ég er ekki nógu klár til að svara þessu af einhverju viti."■

VESPER LYND Eva ætlar ekki að láta Bond-stúlkuna verða sér fjötur um fót og mun láta til sín taka í ævintýramyndinni Gyllti áttavitinn á næsta ári. Daniel Craig fer einnig með viðamikið hlutverk þar en þau deila þó engum senum þar sem persónur þeirra búa í ólíkum heimum.

Valkyrjur í kvennabúri 007

Bond-stúlkan er sérstakt fyrirbæri í kvikmyndasögunni og þær eru orðnar ansi margar konurnar í lífi njósnarans þar sem hann lætur sér yfirleitt ekki nægja eina í hverri mynd. **Ursula Andress** er sú fyrsta en hún náði augum **Seans Connery** í **Dr. No** þegar hún steig upp úr hafinu eins og Afródíta í hlutverki Honey Rider. Þá varð Bond svo um að hann brast í söng og heillaði hana með Under the Mango Tree.

Daniela Bianchi fylgdi í kjölfar Ursulu þegar hún sendi Bond ástarkveðju frá Rússlandi í From **Russia with Love**. Daniella var fyrrverandi Ungfrú Róm og hafnaði í öðru sæti í keppninni um titlinn Ungfrú heim 1960 og þykir enn þann dag í dag ein þokkafyllsta Bond-stúlkan.

Þær hafa ekki allar verið eins og smjör í höndum Bonds stúlkurnar og þannig stóð **Pussy Galore** heldur betur upp í hárinu á Connery í **Goldfinger**, **Fiona Volpe** komst nálægt því að kála honum í **Thunderball** og **Grace Jones** tuskaði **Roger Moore** til í **A View to a Kill** í hlutverki May Day.

Aðþrengda eiginkonan **Teri Hatcher** snerti taug í **Pierce Brosnan** í **Tomorrow Never Dies** en galt fyrir ást sína með lífinu. **Barbara Bach**, eiginkona Ringo Starr, koms sér hins vegar notalega í mjúkinn hjá Bond í **The Spy who Loved Me** og sömu sögu er að segja um fyrrum eiginkonu Peter Sellers, **Britt Ekland**, í **The Man with the Golden Gun**.

Bondgellurnar hafa verið meiri hörkutól í seinni tíð og þannig gaf **Michelle Yeoh Brosnan** ekkert eftir í slagsmálum í **The World is not Enough** og **Halle Berry** stóð föst á sínu sem njósnarinn Jinx í **Die Another Day**.

Spennandi íslensk tónlist væntanleg í nóvember

14. nóvember
Friðrik Karlsson og Þórunn Lárusdóttir
Álfar og fjöll

16. nóvember
Megas – Endurútgáfur
Drög að upprisu
Þrír blóðdropar
Hættuleg hljómsveit & glæpakvendið Stella
Greinilegur púls

17. nóvember
Selma og Hansa
Sögur af konum

17. nóvember
Stóra stundin ykkar CD+DVD

17. nóvember
Sálin & Gospel
Lifandi í Laugardalshöll CD+DVD

21. nóvember
Ampop
Sail To The Moon

21. nóvember
Baggalútur
Jól & blíða

21. nóvember
Sinfóníuhljómsveit Íslands og Elín Ósk Óskarsdóttir
Aríur

21. nóvember
Friðrik Karlsson
Móðir og barn

24. nóvember
Björg
Himnarnir opnast: Jólaperlur

24. nóvember
Todmobile
Ópus :: 6

24. nóvember
Björgvin ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands CD+DVD

Góða skemmtun! ►

sena



STUÐ MILLI STRÍÐA Raunveruleiki eða firring

ÁLFRÚN PÁLSDÓTTIR SKILUR EKKI ALVEG NETHEIMINN

Ég er rosalega lítil tölvumanneskja og hef alltaf verið. Þegar ég byrjaði að vinna fyrir framan tölvu allan daginn hefur kunnátta mín á þessi flóknu fyrirbæri aukist til muna. Ég er farin að geta klórað mig fram úr hinum ýmsu vandamálum sem hefðu áður hefðu látið mig svitna og fá pirringskast.

Þótt að ég gorti mig af fábrotinni tölvukunnáttu er ég samt sem áður ekki orðin nógu góð í þessum netheimi sem kenndur er við „myspace“ sem virðist vera að tröllríða öllu um þessar mundir. Þar virðast myndast hin ýmsu vinasambönd og fólk sem stundar þessa netmenningu virðist vera gjörsamlega fallið inn í þennan heim. Maður er farinn að vera útundan í kaffihúsahjali ef maður er ekki á„myspace“ eins og hinir. Það má eiginlega segja að þetta sé hin mesta nauðsyn í dag.

Ég kalla þetta sér heim því mér finnst einhver veruleikafirring vera falin í þessu. Fólk er að senda sæt skilaboð til „vina“ sinna sem þeir kannski bara kinka kolli til í raunveruleikanum. Einnig getur fólk séð myndir af viðkomandi og lesið um manneskjuna frá a-ö.

Ég hef það eftir einni vinkonu minni sem er forfallinn notandi „myspace“ að mörg ástarsambönd hafi tapast í baráttunni um „myspace“. Ég get alveg ímyndað mér það að afbrýðisemin láti ásér kræla ef kærastinn er farinn að fá klúr skilaboð frá hinum og þessum stúlkukindum úti í bæ og öfugt. Eiginlega er þetta svolítið svipað og að senda einhverjum sms, nema þarna geta allir lesið skilaboðin.

Mér skilst hins vegar að þessar síður séu mjög sniðugar fyrir hljómsveitir til að koma sér á framfæri og það eru flestir tónlistarmenn búnir að koma sér upp síðum með tónlistinni sinni. Sem er mjög gott og hressandi að uppgötva nýja tónlist á „myspace“-flakki.

Einhverra hluta vegna er ég farin að hallast að því að þessi netheimur sé leið fólks frá veruleikanum svo að það geti lifað sig inn í annan heim þar sem allt er leyfilegt.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Overli

Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnabækur
á 25-30% afslætti!

Fullt verð kr. 2.490
Tilboðsverð kr. 1.860

Fullt verð kr. 2.690
Tilboðsverð kr. 1.990

Fullt verð kr. 2.290
Tilboðsverð kr. 1.690

Fullt verð kr. 2.290
Tilboðsverð kr. 1.690

Fullt verð kr. 2.990
Tilboðsverð kr. 2.240

Fullt verð kr. 2.990
Tilboðsverð kr. 1.990

Fullt verð kr. 2.690
Tilboðsverð kr. 1.990

Fullt verð kr. 2.290
Tilboðsverð kr. 1.690

Fullt verð kr. 2.490
Tilboðsverð kr. 1.860

Fullt verð kr. 2.690
Tilboðsverð kr. 1.990

Fullt verð kr. 2.290
Tilboðsverð kr. 1.690

Fullt verð kr. 2.490
Tilboðsverð kr. 1.860

Stórglæsilegt kaffihús opnar í dag í Eymundsson Austurstræti.

Tilboðið gildir til og með 20.11.2006

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872

„Ég horfði á eftir þessum stúlkum fara út í frímínútur í þröngu buxunum, glansjökkunum og þriggja kílóa kuldaklossunum. Þær þrömmuðu yfir lóðina eins og risaeðlur án þess að líta til hægri eða vinstri.
Svo hétu þær Fjóla og Sóley.
Öllu má nú nafn gefa.
Ég bjó mig undir harðan vetur.“

Úr skáldsögu Kristínar Marju Baldursdóttur Kular af degi sem kom út hjá Máli og menningu árið 1999.

bækur

menning@frettabladid.is

Framsækin bókagerð

Ungskáldafélagið Nýhil og Prentsmiðjan Oddi hafa gert með sér þriggja ára samkomulag um samstarf í þágu framsækinnar bókagerðar. Í samstarfinu felst að framsæknar bókmenntir og prentverk haldist hönd í hönd – viðurkenning á því að bókgripurinn í heild sinni sé listaverk, í sköpun textans jafnt sem í hönnun og vinnslu gripsins.
Oddi vill með samningnum staðfesta þann ásetning sinn að vera frumkvöðull í prentverki á Íslandi, en um leið undirstrika að framtíð prentverks sem skarar fram úr er nátengd vexti og viðhaldi ritaðs máls, þar sem Nýhil er í hlutverki grasrótarinnar.
Samstarfinu er ýtt úr vör með prentun þriggja skáldsagna sem Nýhil gefur út fyrir jólin 2006: Fenrisúlfur eftir Bjarna Klemenz, Svavar Pétur & 20. öldin eftir Hauk Má Helgason og Eitur fyrir byrjendur eftir Eirík Örn Norðdahl en bækurnar eru allrar bundnar inn á fremur óhefðbundinn hátt. Kjölurinn er klæddur með sérprentuðu strigaefni en spjöldin eru höfð óklædd og blandað er saman hefðbundinni prentun og fóliuþrykkingu á spjöld og kjöl.

LUKKULEGIR MEÐ SAMSTARFIÐ Útgáfustjóri Nýhils, Viðar Þorsteinsson, og Jón Jósafat Björnsson, framkvæmdastjóri Odda, með fyrstu bókina.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

>Bók vikunnar

Vesalingarnir eftir Victor Hugo kom út í Frakklandi árið 1982 en á árunum 1925-27 birtist þýðing Einars H. Kvaran, Ragnars E. Kvaran og Vilhjálms Þ. Gíslasonar á verkinu í Lögréttu.

HLJÓÐFÆRI HUGANS

Njörður P. Njarðvík skrifar um íslenskt mál

Leikur að orðum
Það er skemmtilegt að sjá þegar menn beita hugarflugi sínu til að leika sér að orðum og reyna þannig á þanþol tungunnar. Skáld eru þarna oftast í fararbroddi eins og þegar Þórarinn Eldjárn hélt erindi fyrir sagnfræðinga með heitinu „Ljúgverðugheit“ og Hallgrímur Helgason birti grein í Lesbók Mbl. um landdrekkingu á Austurlandi með fyrirsögninni „Yfir síðustu forvöð“. En sem betur fer eru það ekki einungis skáld sem bregða á þennan leik. Nýlega sá ég fataframleiðanda auglýsa dúnúlpu með yfirskriftinni „Dúnalogn“ og hvatningarorðunum „Spjaraðu þig“. Auglýsing til hreinnar fyrirmyndar. Og 25. okt. birtist svo grein hér í Fréttablaðinu eftir Þorvald Gylfason með titlinum „Hvalalosti“. Þar hittir hann líklega naglann á höfuðið. Helst er að sjá að sjávarútvegsráðherra og Kristján Loftsson séu haldnir miklum „hvalalosta“! Ég hvet fólk eindregið til þátttöku í þessum orðaleikjum.

Að glata kúlinu?!
„Sá sem glatar kúlinu er einskis virði“, segir í fyrirsögn í Fréttablaðinu 27. okt. Í greininni er þetta orðskrípi haft eftir viðmælanda, en blaðamaðurinn lyftir því upp í fyrirsögn til að auka vægi þessi – öðrum til eftirbreytni eða hvað? Í ensku merkir lo. cool m.a. svalur, kuldalegur, óuppnæmur, ófyrirleitinn. Hér er skýrt dæmi um málfarslega ábyrgð blaðamanna – eða öllu heldur skort. Svona gera menn ekki, eins og ónefndur stjórnmálamaður sagði forðum.

Fara fleygboga
Ég hef gaman af frumlegu orðfæri, og met mikils þegar menn færa sig úr farvegi hins steingelda hversdagslega orðaflaums. Stundum verð ég þó að játa, að ég á erfitt með að fylgja eftir hugarfluginu. „Vef-Þjóðviljinn fer fleygboga í fyndni sinni í gær...“ segir í klausu í Blaðinu 27. okt. Skv. Íslenskri orðabók er orðið fleygbogi merkt stærðfræði og skýrt sem „fleygmyndaður, aflangur bogi“. Þótt ég skilji orðið, skil ég ekki hvernig á að fara fleygboga í fyndni.

Fjóran og hálfan!
„...greiddi fjóran og hálfan milljarð,“ sagði fréttamaður í hádegisfréttum Stöðvar tvö 31. okt. Hvernig skyldi fjóran vera í nefnifalli? Ekki fjórir. Hvað hugsar sá sem skrifaði þessa frétt? Ekki vil ég hlusta á mann sem leikur svona á hljóðfæri hugans.

Aftur að – af
Nýlega vék ég að ruglingi á þessum smáorðum, að og af. Í Fréttablaðinu 31. okt. segir: „Gerður var góður rómur af einleikstónleikum Mustonen...“ Og í Bændablaðinu 7. nóv.: „Þarna verða stór hús á stórum lóðum og rjúka út af sögn seljanda.“ Hér á auðvitað að standa að á báðum stöðum. Gáum að því, eins og Árni Bergmann segir stundum í lok blaðagreina.

Braghenda
Upp af hlíðum hugarangurs hatur flýgur.
Þar á milli er þröngur stígur
þar sem mætast heift og rígur.

Vilji menn senda mér braghendu eða góðfúslegar ábendingar: npn@vortex.is

Utangarðsfólk í leit að ást

Sænska leikskáldið Michael Druker er höfundur leikritsins Patrekur 1,5 sem Þjóðleikhúsið sýnir um þessar mundir. Druker er ástríðufullur leikhúsmaður og ansi góður í borðtennis.

Michael Druker hefur skrifað og leikstýrt fimmtán leikritum en Patrekur 1,5 er hans vinsælasta verk til þessa. Uppfærsla þess hér á landi er sú nítjánda í röðinni en verkið var frumsýnt í Kaupmannahöfn árið 1996. „Ég byrjaði að skrifa kvikmyndahandrit og leikstýrði meira að segja einni mynd,“ segir Druker og upp úr dúrnum kemur að hann hefur aukinheldur starfað sem leikari og uppistandari. „Ég gerði það nú reyndar bara til að ögra sjálfum mér aðeins. Svo gekk það bara ágætlega líka,“ segir hann og hlær. Honum finnst mikilvægt að fást við fjölbreytt verkefni og því hefur hann unnið jöfnum höndum verk fyrir stór og smá leikhús, tilraunakennd verk í bland við hefðbundnari stykki og dregið margvíslegan lærdóm af vinnu sinni.

Sinn harðasti gagnrýnandi
„Maður verður að sökkva sér gjörsamlega ofan í verkefnin sín. Það tekur tíma að verða góður í einhverju,“ segir hann spekingslega. „Það tengist til dæmis borðtennisleiknum, ég er orðinn djöfull góður í honum.“ Reyndar missti leikskáldið af íslensku frumsýningunni í október því hann var að keppa í þeirri tignarlegu íþrótt.

„Í skriftunum lærir maður smátt og smátt að leyfa sér að hafa rangt fyrir sér,“ segir leikskáldið. „Það mikilvægasta er ekki að ná hlutunum réttum heldur að ná þeim niður á blað eða eins og í frasanum: „Don‘t get it right – get it written.“ Maður má ekki gefast upp heldur leitast alltaf við að bæta sig,“ segir Druker alvarlegur.

Hann viðurkennir með semingi að hann sé með dálitla fullkomnunarárátttu. „Ég held að ég sé minn harðasti gagnrýnandi. Ég breyti oft línum þremur dögum fyrir frumsýningu en þá er það til þess að styrkja söguna. Leikararnir verða alveg brjálaðir en það tekur tíma að fá verk til þess að renna eins og vatn. Innblásturinn er bara tvö prósent, restin er agi og vinnusemi. Oft langar mig ekkert til að skrifa en ég geri það samt.“

Ekki nóg með að leikskáldið leikstýri flestum sínum verkum, í það minnsta fyrstu uppfærslum þeirra, þá er hann einnig sinn eigin umboðsmaður, útgefandi og lögfræðingur. „Jú, það er dálítið vesen en sú vinna hefur líka kennt mér margt,“ segir hann. Druker kveðst þó ekki eins duglegur að fara í leikhús eins og hann ætti að vera. „Ég vil næstum frekar lesa leikrit heldur en fara og sjá þau,“ útskýrir hann.

LEIKSKÁLDIÐ MICHAEL DRUKER Hreifst af íslensku uppfærslunni á Patreki 1,5 og íhugar hvort það verk hans eigi sér mögulega framhaldslíf.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Persónur utangarðs
Leikritið Patrekur 1,5 fjallar um óvenjuleg kynni félaganna Sveins og Jörundar, pars í staðfestri sambúð sem dreymir um að eignast barn, við orkubúntið Patrek sem hefur töluverða fordóma gagnvart samkynhneigðum. Vegna gloppu í kerfinu ættleiða þeir félagar ekki eins og hálfs árs Patrekssnáða heldur 15 ára vandræðaungling og þá æsast leikar með eftirminnilegum afleiðingum.

Druker útskýrir að persónur verka hans séu oftar en ekki utangarðsfólk eða einhvers konar gestir. „Ég hef skrifað mikið um minnihlutahópa, um fólk sem er að krefjast stöðu eða leita viðurkenningar.“ Það á bæði við um Patrek og félagana tvo því allir hafa þeir þurft að glíma við skilningsleysi og fordóma.

Hann óraði þó aldrei fyrir velgengni verksins sem hefur nú til dæmis verið sett upp í sex leikhúsum í Finnlandi og gengið fyrir fullu húsi mánuðum saman í sumum þeirra. „Í einu leikhúsanna var samt leikhússtjóri rekinn fyrir að vilja setja það upp,“ segir Druker og bendir á að verkið hafi haft mikil áhrif á umræðu um samkynhneigð í Finnlandi.

Óvíst með framhaldið
Druker er duglegur að fylgja verkum sínum eftir en hann var einkar hrifinn af uppfærslu Þjóðleikhússins. „Þetta eru frábærir leikarar sem standa saman eins og einn maður. Gunnar Helgason leikstjóri hefur unnið frábæra sýningu,“ segir hann. Margoft hefur verið leitað til höfundarins með að skrifa framhaldssögu Patreks og félaga en hann hefur ávallt neitað því alfarið þar til nú, því hann viðurkennir í það minnsta að hugmyndin sé spennandi þó hann vilji ekkert láta uppi með framhaldið.

Druker segist hafa fundið sína hillu í leikhúsinu, það er hans miðill. „Það er svo mikið hjarta í leikhúsinu. Mér verður oft hugsað til myndlistarmannsins – hans þarna Christofs sem pakkar inn heilu húsunum. Það er rosalegt sjónarspil, en síðan er það allt horfið daginn eftir. Leikhúsið er þannig, það er hér og nú – dálítið eins og lífið.“

Nýjasta verkið hans fjallar um strúta og hann kveðst hafa varið þremur mánuðum í rannsóknarvinnu. „Ég veit allt um strúta núna, vissir þú til dæmis að þeir stinga ekki höfðinu í sandinn vegna hræðslu? Þetta eru í raun mjög hugrakkir fuglar – strútar stinga bara hausnum í sandinn þegar þeir þurfa að snúa eggjunum sínum við.“ – Þar höfum við það.

kristrun@frettabladid.is

Þunnur þrettándi

BÆKUR

Spennið beltin: til Asíu með Andreu Róberts

Andrea Róbertsdóttir
JPV útgáfa
★★

Ferðasaga Andreu Róbertsdóttur er forvitnileg bók fyrir margra hluta sakir. Höfundurinn pakkaði saman og seldi efnislegar eigur sínar og lagði upp í ferð um framandi slóðir. Andrea ferðaðist ein til Indlands, Taílands, Kambódíu og Laos. Sú ákvörðun hennar er virðingarverð og til eftirbreytni því ekki hafa allir hugrekki til þess að skora eigin fordóma á hólm og „viðra sig á röngunni“ eins og hún kallar það.

Í bókinni lýsir Andrea upplifun sinni af stöðum og fólki. Fjölmargar skondnar vísanir og hugdettur er að finna í henni og ljóst að þetta ferðalag hefur verið talsvert ævintýri fyrir hana en mér er til efs að það þýðist vel yfir á bókarformið.

Í fyrsta lagi er Andrea á ferð um frekar óskilgreindar slóðir, það er lítið um landfræði- eða sögulegar skýringar í þessari bók sem rýrir gildi hennar sem eiginleg ferðasaga. Stöðugar vísanir til Lonely Planet-ferðahandbókanna fannst mér einnig hvimleið áréttíng þess að bók Andreu er mjög langt því frá tæmandi upplýsingarit um Asíuferðir.

Ferðin sjálf er svolítil þeysireið og erfitt að fylgja Andreu eftir, það er vaðið úr einu í annað, persónulegar hugleiðingar hennar um eins ólík efni og Johnny Cash, tegerð og jafnréttismál renna saman við lýsingar á staðháttum og samferðafólki. En textinn flæðir samt ekki, hann er brotinn upp í litla kafla, ítrekað rofinn með myndum og fróðleiksmolum. Sárlega finnst mér vanta myndatexta í bókina og svo var eins og það ætti eftir að brjóta um aðra texta hennar.

Andrea útskýrir í bókinni að hún vilji gæta trúnaðar við samferðafólk sitt og nafngreini það því ekki. Fyrir vikið er öll frásögnin, allar 170 síðurnar eins og inni í höfðinu á henni einni. Þetta er persónuleg bók en ekki mjög djúpvitur og tilviljanakenndur stíllinn er lýjandi þótt bókin sé fljótlesin.

HEIMILISLÍF Í UPPNÁMI Rúnar Freyr Gíslason og Jóhannes Haukur Jóhannesson í hlutverkum sínum í verkinu Patrekur 1,5 .
MYND/ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Íslenskir tónlistardagar

Afnemum virðisaukaskatt af öllu skemmtiefni, þ.e. tónlist, DVD og tölvuleikjum. Tónlistarmenn flytja lög og árita geisladiska sína.

TAX FREE SKEMMTIEFNI

100 íslensk jólalög - Ýmsir flytjendur

Raggi Bjarna - Vel sjóaður

Regína Ósk áritar í dag:
Smáralind kl. 16:00

Bubbi áritar og spilar í dag:
Smáralind kl. 14:00
Kringlunni kl. 16:00

Papar - Á balli

Bubbi - Lögin mín

Bríet Sunna áritar í dag:
Kringlunni kl. 14:00
Smáralind kl. 16:00

Friðrik Ómar áritar í dag:
Kringlunni kl. 14:00
Smáralind kl. 16:00

ALLAR DVD MYNDIR án VSK

Nýtt í Hagkaupum

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT

ALLIR TÖLVULEIKIR án VSK

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT

Gildir til 30. nóvember eða á meðan birgðir endast.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður fullan virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Spjallað um málverkið

Myndlistarmennirnir Georg Guðni Hauksson og Jón Óskar Hafsteinsson leiða gesti Listasafns Íslands um sýninguna Málverkið eftir 1980 í dag kl. 14.

Báðir eiga þeir verk á sýningunni og tóku virkan þátt í þeirri gerjun sem átti sér stað í tengslum við „nýja málverkið“ um og eftir árið 1983. Á löngum ferli hafa þeir farið hvor sína leið og þróað afar persónulegt myndmál þar sem Georg Guðni kannar samband okkar við náttúru Íslands en maðurinn og manngert umhverfi fyllir flötinn í verkum Jóns Óskars.

Í spjalli sínu um sýninguna munu þeir fara yfir þróun í sögu málverksins á Íslandi með hliðsjón af því sem átti sér stað í Bandaríkjunum og Hollandi, sem tengja má ýmsum hræringum og listamönnum sem þeir hrifust af.

GEORG GUÐNI HAUKSSON MYNDLISTARMAÐUR Á listamannaspjalli í Listasafni Íslands í dag.

NÝJAR BARNABÆKUR

Molly Moon er komin aftur. Og hefur aldrei verið öflugri, sem betur fer, því indverskur fursti tekur hana og Petulu, tíkina hennar, í gíslingu. Furstinn, sem er hvorki meira né minna en fyrsta flokks dáleiðandi og tíma-flakkari, gerir allt sem í hans valdi stendur til að ræna Molly dáleiðsluhæfileikanum til að geta vaðið uppi með illsku sína. Molly og Petula verða að beita allri sinni kænsku til þess að koma í veg fyrir illvirki furstans, sleppa úr gæslu hans og komast burt frá Indlandi og aftur heim. Molly Moon og indverski furstinn er sjálfstætt framhald bókanna Molly Moon og dáleiðslubókin (2002) og Molly Moon stöðvar heiminn (2004) sem slógu rækilega í gegn hjá krökkum á öllum aldri. Þýðandi: Ragnar Nói Snæbjörnsson. Bjartur gefur út.

Út er komin hjá Sölku myndskreytta barnabókin Bína bálreiða eftir Ásthildi Bj. Snorradóttur. Hér segir frá Bínu sem veit stundum ekki hvernig hún á að hegða sér og er því oft pirruð og reið. Eftir að hún lærir betri siði líður henni mun betur. Skemmtileg og gagnleg bók fyrir foreldra að lesa með fjörkálfunum sínum á aldrinum tveggja til sex ára. Höfundur er talmeinafræðingur að mennt og hefur unnið með börnum og foreldrum í áraraðir. Bjarni Þór Bjarnason sá um myndskreytingar.

Hver étur ísbirni? eftir Kristínu Steinsdóttur með myndskreytingum Höllu Sólveigar Þorgeirsdóttur. Rissa rituungi og fjölskylda hennar hafa vetursetu úti fyrir vesturströnd Grænlands. Þar er líf og fjör og fjöldi dýra - selir, hvalir, rostungar og alls kyns fiskar - en því miður engir ísbirnir. Því leggja Rissa og Skegla systir hennar upp í langa ferð til að leita að ísbjörnunum sem þær langar svo mikið til að sjá. Hver étur ísbirni? er skemmtileg saga sem gefur jafnframt innsýn í lífsmáta dýra og manna á Grænlandi um vetur. Bókin er sjálfstætt framhald sögunnar Rissa vill ekki fljúga sem kom út í fyrra. Vaka-Helgafell gefur út.

Artemis Fowl – Eyjan týnda er komin út. Enn á ný þarf Artemis Fowl að glíma við vandasöm verkefni. Annar ungur glæpasnillingur, hin bráðsnjalla Mínerva, hefur uppgötvað tilvist huldu-veranna og er staðráðin í að klófesta eina slíka – demón – til að nota í vísindalegum tilraunum. Demónarnir, sem er afar illa við mannfólkið, voru í fyrndinni skildir frá Fólkinu og nú kemur það í hlut Artemis og félaga að hindra endurkomu þeirra í samfélag siðaðra vera. Bækurnar um Artemis Fowl eru eftir Írann Eoin Colfer sem hefur hlotið fjölda viðurkenninga og verðlauna fyrir bækur sínar, m.a. bresku bókmenntaverðlaunin fyrir barnabækur. Þær hafa farið sigurför um heiminn og notið vinsælda jafnt hjá börnum sem fullorðnum en því hefur verið haldið fram að bækurnar séu eins konar samblanda af Harry Potter og James Bond. Guðni Kolbeinsson þýddi en JPV útgáfa gefur út.

CUVILLIÉS-KVARTETTINN leikur á vegum Kammermúsíkklúbbsins í sautjánda sinn.

Góðir gestir

Cuvilliés-kvartettinn frá München leikur ásamt Sigurði I. Snorrasyni, klarínettuleikara á vegum Kammermúsíkklúbbsins í dag. Kvartettinn var stofnaður árið 1995, eftir minningarkonsert um Ingo Sinnhoffer. Eftirlifandi félagar Sinnhoffer-kvartettsins, Aldo Volpini, Roland Metzger og Peter Wöpke, fengu Florian Sonnleitner, fyrsta konsertmeistara Sinfóníuhljómsveitar bæverska útvarpsins, til að gerast eftirmaður Sinnhoffer sem forystumaður og listrænn stjórnandi hins nýja kvartetts. Nafnið var valið í ljósi þess hve oft Sinnhoffer-kvartettinn hafði komið fram í hinu aldna og virðulega Cuvilliés-Theater í München. Auk hefðbundinnar kammertónlistar leitast kvartettinn við að flytja tónlist samtímatónskálda.

Samvinna kvartettsins og Kammermúsíkklúbbsins stendur á gömlum merg enda eru þetta sautjándu tónleikar þeirra hér síðan árið 1977.

Á efnisskránni í dag eru klarínettukvintett eftir Mozart og strengjakvartett eftir Beethoven. Tónleikarnir eru haldnir í Bústaðakirkju og hefjast kl. 20.

Einsöngslög Sigvalda Kaldalóns

Í kvöld verða haldnir útgáfutónleikar vegna seinni helmings sönglagasafns Sigvalda Kaldalóns. Erfingjar Sigvalda hafa sett sér það takmark að koma öllum verkum hans á hljóðrit og urðu sönglögin fyrst til útgáfu, en væntanlega fylgja á eftir aðrar tónsmíðar hans fyrir kóra og hljómsveitir.

Seinna söngvasafnið kalla útgefendur Ég lít í anda liðna tíð, en fyrri hluti útgáfunnar, Svanasöngur á heiði, kom út haustið 2004.

Á tónleikunum verður flutt úrval af þekktustu einsöngslögum Sigvalda Kaldalóns. Þar er að finna saman komin öll lög tónskáldsins: margar af þekktustu perlum Sigvalda sem og lög sem sjaldan eða aldrei hafa verið flutt áður. Jónas Ingimundarson píanóleikari hafði umsjón með útgáfunni, vali á flytjendum og lögum. Með hljómdiskunum fylgir veglegur bæklingur með öllum söngtextunum, á íslensku og í enskri þýðingu, ásamt fjölda ljósmynda úr fjölskyldualbúmi Sigvalda Kaldalóns. Hugmyndina að útgáfu á einsöngslögum Sigvalda Kaldalóns áttu afkomendur tónskáldsins. Minningarsjóður Sigvalda Kaldalóns var stofnaður 1998 og er ætlað að standa straum af heildarútgáfu á tónsmíðum Sigvalda en auk þess styrkja fjölmargir útgáfuna.

ÚTGÁFUTÓNLEIKAR Í SALNUM Jónas Ingimundarson ásamt fríðum flokki söngvara sem flytja lög Sigvalda Kaldalóns í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Á tónleikunum koma fram þau Auður Gunnarsdóttir sópran, Hulda Björk Garðarsdóttir sópran, Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir messósópran, Eyjólfur Eyjólfsson tenór, Gunnar Guðbjörnsson tenór og Bergþór Pálsson baritón. Listrænn stjórnandi og undirleikari er Jónas Ingimundarson. Tónleikarnir hefjast kl. 20.

pbb@frettabladid.is

Fim. Aukas. upps. 9. nóv
Fös. 10. nóv
Lau. 11. nóv
Lau. 18. nóv
Sun. 19. nóv
Fös. 24. nóv
Lau. 25. nóv

Sýnt í Iðnó

Miðasala virka daga frá kl. 11–16 og 2 tímum fyrir sýningar.
Sími 5629700
www.idno.is
Sýningar kl. 20

MIÐAPANTANIR:
GSM: 694 8900 / midasala@einleikhusid.is

Sun. 12. nóv. kl.20 -nokkur sæti laus.
Fös. 17. nóv. kl.20 -nokkur sæti laus.
Sun. 19. nóv. kl.20
Fim. 23. nóv. kl.20 -Næstsíðasta sýning!

"Stórkostleg sýning í stórbrotnu umhverfi"
Birgir Páll Hjartarson framkvæmdastjóri.

ATH. hlaðborð fyrir hópa í veislusal hússins
Nánari upplýsingar á: einleikhusid.is.

Sýnt í Reiðhöll Gusts, Álalind 3, Kópavogi

Britney til Vegas?

Poppprinsessan Britney Spears mun hugsanlega eiga endurkomu sem söngkona í Las Vegas. Britney ætlar sér að koma sér aftur í fremstu röð á næsta ári. Hefur hún þegar rætt við náunga sem þekkir til í Vegas um hugsanlegan samning. Myndi Britney syngja í borginni í nokkuð langan tíma og þannig koma sér í gang á nýjan leik.

Bæði Britney og eiginmaðurinn fyrrverandi, Kevin Federline, ættu að þekkja vel til í Vegas. Britney giftist þar æskuvini sínum Jason Alexander áður en hún kynntist Federline en hjónabandið var gert ógilt eftir aðeins tvo sólarhringa. Skömmu eftir að Britney eignaðist annað barnið sitt sást Federline skemmta sér í Vegas með nokkrar þokkadísir upp á arminn. Var Britney vitanlega ekki skemmt þegar hún frétti af þessu uppátæki eiginmannsins.

BRITNEY OG FEDERLINE Britney og Federline ættu að kannast við sig í Las Vegas, þar sem þau hafa bæði skemmt sér í góðum félagsskap.

Bara tveir eftir í múm

Aðeins tveir meðlimir eru eftir í hljómsveitinni múm, sem hitar upp fyrir Sykurmolana í Laugardalshöll 17. nóvember, eða þeir Örvar Þóreyjarson Smárason og Gunnar Tynes.

Söngkonan Kristín Anna Valtýsdóttir hætti í múm fyrir um það bil ári og hefur dvalið mest í New York síðan þá. „Hana langaði að prófa nýja hluti og skoða heiminn," segir Gunnar, sem hefur einnig komið fram undir nafninu Illi Vill. Áður hafði tvíburasystir hennar Gyða hætt í sveitinni árið 2002.

Múm hefur lokið við gerð nýrrar plötu sem var tekin upp í Finnlandi. Var Kristín ekki með á henni. Gunnar játar að erfitt hafi verið að missa hana úr sveitinni eftir mörg ár í framlínunni. „Það voru mikil viðbrigði en hlutirnir breytast og þróast. Hún var hætt áður en við gerðum þessa nýju plötu. Þetta var náttúrulegt ferli. Við vorum ekkert að láta einhvern herma eftir henni," segir hann.

Tónlistarkonan Sigurlaug Gísladóttir, betur þekkt sem Mr. Silla, söng töluvert á plötunni, auk þess sem þær Hildur Guðnadóttir og Ólöf Arnalds ásamt Eika koma við sögu. Finnskur trommari hefur spilað töluvert með múm að undanförnu og mun hann koma fram á tónleikunum í Höllinni. „Við erum rosaspenntir. Ég hlakka mikið til enda verður þetta í fyrsta skipti sem við spilum saman með nýtt „line-up"," segir Gunnar.

Þetta verða fyrstu tónleikar múm á árinu en sveitin hélt síðast tónleika í Tapei, höfuðborg Taívans, fyrir rúmu ári. Síðast spilaði sveitin hér á landi í ágúst í fyrra á Snæfellsnesi. **freyr@frettabladid.is**

MÚM Hljómsveitin múm hefur gengið í gegnum miklar mannabreytingar að undanförnu.

Udo á Íslandi!
28. nóvember

Udo Erasmus heldur fyrirlestur á Grand hótel Reykjavík 28. nóvember kl. 10:00 - 12:00 fyrir fagfólk og kl.19:30 - 22:00 fyrir áhugafólk.

Udo Erasmus er alþjóðlegt nafn í umræðunni um Omega-3 fitusýrur, kólesteról, meltingu og almennt heilbrigði. Hann er í hópi helstu næringarfræðinga heims og keppast vísindamenn um að vitna í rannsóknir hans. Einna þekktastur er hann fyrir framlag sitt og þróun á Omega fitusýrum. Hann hefur ritað fjölda greina og bóka um þessi viðfangsefni. Þekktastur er hann fyrir bókina: „Fats that Heal Fats that Kills"

Hjartasjúkdómar og of há blóðfita - Ein helsta meinsemd samtímans?

Þú færð Udo's Choice í Heilsuhúsinu, Lyfju og flestum heilsubúðum

Þetta er fyrirlestur fyrir alla þá sem glíma við of háa blóðfitu, þá sem er umhugað um meltingarstarfsemi sína og alls áhuga- og fagfólks um þessi málefni.

Nánari upplýsingar hjá Heilsu í síma 533 3232 eða heilsa@heilsa.is

heilsa
–hafðu það gott

Sálarsöngleikur á Nesinu

Skólalúðrasveit Seltjarnarness hefur sett upp söngleikinn Sálsveitin Skuldbinding í leikstjórn leikarahjónanna Atla Þórs Albertssonar og Bryndísar Ásmundsdóttur.

SÁLSVEITIN SKULDBINDING Fjölmargir koma að uppsetningu söngleiksins Sálsveitin Skuldbinding sem er byggður á kvikmyndinni vinsælu The Commitments.

Söngleikurinn er byggður á kvikmyndinni The Commitments sem naut mikilla vinsælda í byrjun tíunda áratugarins, meðal annars vegna þeirrar skemmtilegu sálartónlistar sem í henni var.

BRYNDÍS ÁSMUNDSDÓTTIR
Leikstýrir sálarsöngleik á Seltjarnarnesi.

Söngleikurinn var fyrst settur upp í vor við miklar vinsældir og nú hefur fjórum sýningum verið bætt við. Var Páll Óskar Hjálmtýsson einn þeirra sem var hrifinn af söngleiknum og sagðist sjaldan hafa skemmt sér eins vel á áhugasýningu.

Söngleikurinn fjallar um náunga sem vill setja saman hljómsveit og reynir allt sem hann getur til að taka ætlunarverkið. Lendir hann í ýmsum uppákomum á leiðinni að því takmarki. Fyrri hluti söngleiksins er að mestu leikinn en eftir hlé er farið í tónleikaferðalag.

„Þetta eru að mestu elstu krakkarnir í lúðrasveitinni úti á Nesi. Þetta eru eiginlega faldir lúðrasveitartónleikar og í raun eins óhefðbundnir lúðrasveitartónleikar og hægt er að hafa þá," segir tónlistarstjórinn Kári Húnfjörð. „Krakkarnir taka þetta af lífi og sál og búa til þessa karaktera og pæla í fötunum. Þeir áttu líka þátt í hugmyndasmíðinni," segir hann. „Þetta er búið að vera voða gaman en þetta er ofboðsleg vinna og erfitt að koma öllum saman. En þegar viðbrögðin eru svona góð er þetta rosalega gaman."

Sýningarnar verða í Félagsheimili Seltjarnarness dagana 13. til 15. nóvember, þar af aukasýning þann fimmtánda klukkan 18 vegna þess að þegar er uppselt á þrjár fyrstu sýningarnar.

freyr@frettabladid.is

Uppselt á Tinu

ÁSAMT BJÖRGVINI Sigríður Beinteinsdóttir og Bryndís Ásmundsdóttir munu feta í fótspor Tinu Turner á Broadway.

Uppselt er á allar sýningar söngleiksins Tina Turner - Tribute fram að jólum. Í söngleiknum syngja þær Sigríður Beinteinsdóttir og Bryndís Ásmundsdóttir lög Tinu á sinn hátt og var frumsýningin á Broadway á föstudagskvöld.

„Við syngjum með okkar stíl og okkar nefi en það er líka settur smá húmor í þetta og nokkur Tinu-spor tekin, enda hefur hún mjög sérstakan stíl," segir Sigga og bætir því við að það hafi verið æðislegt að feta í fótspor þessarar „ömmu" rokksins. „Tina er mitt idol og ég hef pælt hana mikið út og hvað hún gerir. Það er frábært að syngja þessi lög og ég er alveg að fíla mig í tætlur."

Sigga játar að lögin hennar Tinu séu þrælerfið. „Hún er með hrikalega góða rödd en það er æðislega gaman að takast á við þetta og frábært að fá að rokka svolítið og þenja sig virkilega," segir hún.

Sigga gerðist svo fræg að fara á tvenna tónleika með Tinu á sínum tíma. Fór hún meðal annars að sjá hana í Osló þar sem Tina var á sinni næstsíðustu tónleikaferð. „Þetta er upplifun sem maður gleymir ekki. Ég sat á fjórða bekk fyrir miðju og var fjóra til fimm metra frá henni. Þetta var alveg æðislegt og krafturinn í þessari konu er alveg ótrúlegur." **- fb**

Félagsfundur

EFLING stéttarfélag — Stendur með þér!

verður haldinn fimmtudaginn 16. nóvember kl. 18:00 í Kiwanishúsinu við Engjateig.

Dagskrá:
1. Félagsmál
2. Niðurstöður Gallup könnunar
3. Önnur mál.

Félagar mætum vel og stundvíslega.

Stjórn Eflingar - stéttarfélags

> Óðinn í Fram

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær reyndist það svo að Óðinn Árnason gekk frá samningi við Fram en hann hefur undanfarin þrjú ár leikið með Grindavík sem féll úr Landsbankadeildinni í haust. Óðinn bætist þar með í hóp þeirra leikmanna sem fara frá liðinu við þessi tímamót en hann er uppalinn á Akureyri þar sem hann lék með Þór. Óðinn er 27 ára gamall.

sport

sport@frettabladid.is

60 SEKÚNDUR MEÐ RÖGNU INGÓLFSDÓTTUR

Badminton er... Félagsíþrótt.

Hvert er stefnan sett? Á Ólympíuleikana 2008.

Erfiðasti andstæðingurinn? Mia Audina, Hún er fyrrverandi Ólymíumeistari.

Ef ekki badminton, hvað þá? Golf.

Fyrirmynd þín í badminton? Ég sjálf.

Af hverju er badmintonfólk alltaf í hvítu? Það var eitt sinn í reglum að leikmenn ættu að vera í hvítu.

Broddi Kristjánsson er... Goðsögn.

Sálin hans Jóns míns eða Maus? Sigurrós.

Bold eða Neighbours? Hvorugt.

Te eða kaffi? Te.

Hvernig viltu hafa pylsuna þína? Með öllu.

Uppáhaldsíþróttamaður? Ronaldinho.

OG ÞAÐ VAR MARK Fannar Friðgeirsson skorar hér annað af tveimur mörkum sínum í leiknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Markverðir Vals afgreiddu botnlið ÍR í öruggum sigri:

Valsmenn á toppinn

HANDBOLTI Valur náði toppsæti DHL-deildar karla í gær þegar liðið vann öruggan sigur á ÍR-ingum í Laugardalshöllinni í gær. Lokatölur urðu 31-25 en jafnræði var með liðunum framan af leik. Valsmenn höfðu þó yfir í hálfleik, 14-10. Markverðir Vals reyndust ÍR-ingum erfiðir í leiknum en þeir Pálmar Pétursson og Ólafur Gíslason vörðu samtals 25 skot.

„ÍR-ingar eru með ungt og skemmtilegt lið og þeir berjast alltaf. Ég er bara mjög sáttur við þessi tvö stig. Við gerðum of mörg tæknimistök í hraðaupphlaupum en ég er svona þokkalega ánægður með vörnina og sóknina í leiknum. Við viljum vera í toppsætinu og náðum því núna," sagði Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Vals og hann var mjög ánægður með markverðina, Pálmar og Ólaf.

„Þeir eru duglegir að vinna heimavinnuna sína og stúdera hvern andstæðing fyrir sig," bætti Óskar við.

„Sóknarnýting okkar er engan veginn nógu góð og við þurfum bara að fara að hysja upp um okkur, allir sem einn, og menn þurfa að taka ábyrgð á því sem þeir eru að gera inni á vellinum" sagði Erlendur Ísfeld eftir leikinn.

- dsd



Fram stigalaust úr leik

Fram tapaði í gær fyrir norsku meisturunum í Sandefjord á heimavelli sínum í Safamýrinni. Þar með fór Fram í gegnum riðil sinn í meistaradeildinni stigalaust og er úr leik í Evrópukepninni í ár. Leikurinn í gær var afar slakur.

HANDBOLTI Fram tapaði í gær sínum sjötta leik í röð í F-riðli meistaradeildar Evrópu í handbolta og situr því eftir í fjórða sæti í riðlinum, án stiga. Leikurinn í gær, gegn norsku meisturunum í Sandefjord, var upp á þriðja sæti riðilsins sem veitir þátttökurétt í EHF-keppninni. Norðmennirnir sigruðu að vísu Fram stórt á sínum heimavelli og þurftu Íslandsmeistararnir að ná níu marka sigri til að ná í þriðja sætið. En svo fór að Sandefjord fagnaði sigri, 31-28.

Fram hefur átt ágæta leiki gegn Gummersbach og Celje Lasko sem eru án efa miklu sterkari lið en þau sem áttust við í Safamýrinni í gær. En leikir Fram gegn Sandefjord hafa verið þeir slökustu af hálfu Framaranna og tók Sigfús Sigfússon, leikstjórnandi Fram, undir það í gær.

„Leikurinn í Noregi var enn verri en hér í kvöld. Við fórum illa með mörg færi, gerðum mörg mistök eins og í flestum leikjum okkar í vetur. Það mátti búast við því að fáir áhorfendur kæmu hingað í kvöld eins og raunin varð enda búnir að standa okkur illa bæði í deild og meistaradeildinni. Við verðum að laga þetta," sagði Sigfús.

Þó svo að erfitt yrði að vinna upp forskot Sandefjord úr fyrri leiknum ætluðu Framarar sér að minnsta kosti sigur í gær. Liðin skiptust á um að halda forystunni allan leikinn en sigur Norðmannanna kom þó ekki á óvart. Staðan var jöfn í hálfleik, 12-12, en þegar Fram tókst ekki að skapa sér strax forskot í upphafi síðari hálfleiks var öllum ljóst í hvað stefndi og einungis spurning um að klára leikinn.

RAUTT Í FYRRI HÁLFLEIK Brjánn Bjarnason fékk þrjár brottvísanir í fyrri hálfleik og var því útilokaður frá leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Markvörður Sandefjord, Sven Medhus, var besti maður leiksins en hann varði 22 skot og reyndist Fram afar erfiður. Heimamenn létu hann til að mynda verja frá sér í þrígang áður en fyrsta mark Fram í leiknum leit dagsins ljós.

Zoltán Belanyi og Sigfús Páll voru bestu menn Fram í leiknum en sóknarleikur liðsins var þó afar slakur og áttu þeir í vandræðum með sterka vörn Sandefjord.

„Þetta var mikil reynsla og nú veit maður hvernig það er að spila á móti þeim bestu," sagði Sigfús. „Ég bjóst við að það yrði erfiðara en með skipulögðum leik, krafti og einbeitingu hefðum við getað náð meiru úr leikjum okkar. Við spiluðum ágætlega í fyrri hálfleik flestra leikjanna en náðum ekki að fylgja því eftir."

eirikur.asgeirsson@frettabladid.is

Fram sótti ekki gull í greipar Vals í DHL-deild kvenna:

Öruggur sigur Vals

HANDBOLTI Valsstúlkur áttu í töluverðum erfiðleikum með að hrista Framara af sér í leik liðanna í gær en svo fór að Valur fór með sigur af hólmi. 28-20. Fyrri hálfleikur var mjög jafn og spennandi og í hálfleik stóðu leikar 11-10, Val í vil.

Eins og svo oft áður voru það hraðaupphlaupin sem gerðu gæfumuninn og Valsstúlkur skoruðu ellefu mörk úr hraðaupphlaupum. Þær náðu undirtökunum í síðari hálfleik og á endanum verður sigur þeirra að teljast nokkuð öruggur þrátt fyrir að hið unga lið Fram hafi veitt Valsstúlkum harða keppni í fyrri hálfleiknum.

„Við vorum ekki tilbúin til að byrja með í leiknum. Við tókum okkur svo taki í síðari hálfleiknum og sýndum hvað í liðinu býr. Við þurftum bara að vinna aðeins í okkur sjálfum og ná því besta fram í okkur og gera það sem við gerum best, spila góða vörn og fá mörk úr hraðaupphlaupum. Það vantaði líka leikgleði, það var mjög þungt yfir okkur í fyrri hálfleik. Við náðum að breyta því og unnum mjög góðan sigur. Ég er mjög ánægður með það," sagði Ágúst Jóhannsson, þjálfari Vals, eftir leikinn.

BRÝST Í GEGN Sigurlaug Rúnarsdóttir, leikmaður Vals, er hér að brjótast í gegnum vörn Fram. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

„Sóknarleikurinn hjá okkur sprakk bara í síðari hálfleik. Við áttum mjög erfitt með að skora og þær skoruðu mjög mikið úr hraðaupphlaupum sem við réðum ekkert við. Vörnin hélt mjög vel og það er ekkert út á það að setja. Í sjálfu sér er ég ekkert ósáttur við leikinn í heild sinni og lokatölurnar gefa kannski ekki alveg rétta mynd af leiknum en þetta endaði illa," sagði Magnús Kári Jónsson, þjálfari Fram.

- dsd

ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

DHL-deild karla

VALUR-ÍR 31-25

Mörk Vals: Markús Mikaels. 7/1 (13/2), Davíð Höskulds. 5 (7), Arnór Gunnars. 5 (8), Hjalti Pálma. 4 (6), Ernir Arnar. 3 (7), Elvar Friðriks. 2 (2), Fannar Friðgeirs. 2 (5/1), Gunnar Harðar. 1 (1), Ingvar Árna. 1 (1), Sigurður Eggerts. 1 (1).
Varin skot: Pálmar Péturs. 15/1, Ólafur Gísla. 10/2.
Mörk úr hraðaupphlaupum: 5 (Davíð 3, Arnór 2).
Fiskuð víti: 3 (Ingvar 3).
Utan vallar: 6 mínútur.
Mörk ÍR: Davíð Georgs. 8/5 (13/7), Björgvin Hólmgeirs. 5 (12), Brynjar Steinars. 4 (5), Jón Gunnars. 2 (4), Linas Kalasavskas 2 (8), Andri Núma. 1 (1), Ólafur Sigurjóns. 1/1 (2/2), Ragnar Helga. 1 (4), Sigurður Magnús. 1 (4).
Varin skot: Jacek Koval 12/1.
Mörk úr hraðaupphlaupum: 2 (Jón 2).
Fiskuð víti: 9 (Jón 2, Davíð 2, Andri 2, Hjörleifur, Sigurður, Björgvin).
Utan vallar: 8 mínútur.

DHL-deild kvenna

VALUR-FRAM 28-20

Mörk Vals: Ágústa Björns. 9/4 (14/5), Alla Georgíus. 5/1 (11/2), Hafrún Kristjáns. 4 (5), Kartín Andrés. 3 (3), Arna Gríms. 3 (5), Sigurlaug Rúnars. 2 (3), Brynja Steinsen 2 (4).
Varin skot: Jólanta Slapikiene 12/1, Pavla Skavronkova 6/2.
Mörk Fram: Ásta Gunnars. 5/3 (17/6), Hildur Knúts. 3 (3), Eva Harðar. 3 (3), Karen Knúts. 3/2 (10/3) Hekla Daða. 2 (3), Marthe Sördal 2 (5), Þórey Stefáns. 1 (1), Guðrún Hálfdáns. 1 (2).
Varin skot: Karen Einars. 16/1, Krisina Matuze. 1

AKUREYRI-HAUKAR 21-27

HELGARTILBOÐ

~~2.199~~
1.999

Regína Ósk
Í djúpum dal

~~2.199~~
1.999

Magga Stína
Syngur Megas

~~2.199~~
1.999

Friðrik Ómar
Annan dag

~~2.199~~
1.999

Justin Timberlake
Future Sex/LoveSounds

~~2.199~~
1.999

Toggi
Puppy

NÝTT

~~2.199~~
1.999

JJ Cale & Eric Clapton
The Road to Escondido

~~2.199~~
1.999

Óskar Pétursson
Ástarsól-Lög Gunnars Þórðar

NÝTT

~~3.299~~
2.999

100 íslensk jólalög

NÝTT

~~2.199~~
1.999

Damien Rice
9

NÝTT

~~2.199~~
1.999

Stebbi og Eyfi
Nokkrar notalegar ábreiður

~~2.199~~
1.999

Deftones
Saturday Night Wrist

NÝTT

~~1.999~~
1.799

Óskalögin 10

30 ÁRA
SKÍFAN Í 30 ÁR

SUNNUDAGSVIÐTALIÐ ERLENDUR ÍSFELD

Stoltur af því að vera Breiðhyltingur

Handknattleiksdeild ÍR er enn eitt árið að byggja upp nýtt lið og arkitekt þess er gallharður ÍR-ingur, Erlendur Ísfeld, sem hefur þjálfað hjá félaginu í 20 ár. *Henry Birgir Gunnarsson* heyrði hljóðið í Erlendi og spurði hann spjörunum úr um handboltann og ástæðuna fyrir því af hverju hann sé svona harður ÍR-ingur sem og Breiðhyltingur.

Handknattleikslið ÍR varð bikarmeistari fyrir tveim árum síðan. Liðið missti í kjölfarið nánast alla sína bestu leikmenn og varð að byggja upp. Það lið kom strax á óvart í fyrra og um sumarið lenti liðið aftur í því að missa sína sterkustu menn. ÍR-ingar horfðu því enn og aftur fram á uppbyggingu og til að byggja upp nýtt afrekslið í Breiðholtinu var fenginn Erlendur Ísfeld. Maður með 20 ára reynslu í þjálfun og þar að auki með risastórt ÍR-hjarta. Stefna ÍR er sú sama og venjulega – að byggja upp á heimamönnum í stað þess að sækja útlendinga til liðsins í stórum stíl.

„Neyðin kennir naktri konu að spinna og svo er það okkar stefna og hefur alltaf verið að spila á uppöldum leikmönnum. Ef okkur vantar styrk þá förum við ekki þá leið að kaupa dýrar stórstjörnur," sagði Erlendur sem er búinn að þjálfa síðan hann var tvítugur. Öll tuttugu árin hefur hann þjálfað hjá ÍR fyrir utan tvö er hann þjálfaði kvennalið Stjörnunnar sem hann gerði að bikarmeisturum.

Miklir hugsjónamenn

„1966-árgangurinn á að mörgu leyti heiðurinn að því að starfið er eins öflugt og það er í dag. Þessir menn eru flestir enn að starfa fyrir ÍR að einhverju leyti. Við vorum allir miklir hugsjónamenn og það vantar annan slíkan árgang því við erum að verða gamlir," sagði Erlendur og hló dátt.

Það vekur óneitanlega mikla athygli hversu mikill félagsmaður Erlendur er en mörgum eru minnisstæð viðbrögð hans er ÍR varð bikarmeistari fyrir tveimur árum en Erlendur vann kvennaleikinn sama dag. Hann missti sig í gleðinni og ljóst að ÍR-hjarta slær hjá honum.

„Það er gríðarlega sterkt ÍR-hjartað og ÍR hefði ekki lifað af ef þetta hjarta væri ekki til staðar hjá mér og fleiri góðum mönnum. Ég er með svona stórt ÍR-hjarta því það fer í taugarnar á mér hversu mikið er alltaf talað niður til Breiðholtsins í fjölmiðlum til að mynda.

Gert grín að stolta Breiðhyltingnum

Ég hef alltaf verið gríðarlega stoltur af því að vera Breiðhyltingur. Það hefur verið gert grín að mér fyrir það og ég verið kallaður skrítinn. Meðan aðrir forðast að segja að þeir séu úr Breiðholti reyni ég að koma því að," sagði Erlendur sem hefur einnig barist á pólitískum vettvangi um aðstöðu og innflytjendastefnu en það hefur ekki farið vel í alla Breiðhyltinga hversu mikið af félagslegu húsnæði sé í hverfinu samanborið við önnur hverfi í borginni.

„Það var mjög gaman að fara til Stjörnunnar enda hafði ég nær eingöngu verið að þjálfa yngri flokka fram að þeim tíma. Þetta var spennandi tækifæri sem ég sé ekki eftir að hafa tekið. Ég kynntist mikið af góðu fólki sem er enn vinir mínir. Það eru ekki margir þjálfarar í kvennaboltanum sem eru lengur en tvö ár og líftíminn í kvennaboltanum er ekki langur. Hætta skal hverjum leik þá hæst hann stendur og við skildum í góðu. Það var svo gott að koma heim í grasrótarstarfið á ný," sagði Erlendur.

HEITT Í HAMSI Erlendur Ísfeld er gríðarlegur keppnismaður og gustar af honum á hliðarlínunni. Hann sést hér rífast við Miglius Astrauskas, þjálfara HK, á dögunum en þeir féllust í faðma skömmu síðar. Erlendur segir ekki víst að það hefði gerst fyrir tíu árum þegar hann var meiri skapmaður. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

HAMINGJA Erlendur er hér hreinlega í losti eftir bikarsigur Stjörnunnar fyrir tveimur árum en hann hætti með liðið í kjölfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Forréttindi að starfa hjá ÍR

Þegar heim var komið fór Erlendur að þjálfa yngri flokka á ný og sá um yngri flokka félagsins frá 14 ára aldri og upp úr. Strákarnir sem eru í meistaraflokki hjá honum núna hafa fylgt Erlendi lengi og hann þekkir þá vel.

„Það eru forréttindi að starfa hjá ÍR og ég nýt starfans þó það geti verið erfitt stundum út af fjölskyldunni. Maður vill stundum gefa þeim meiri tíma en þetta er líka hugsjónastarf sem gefur mér mikið.

Ég get einfaldlega ekki slitið mig frá þessu. Þetta er mitt fólk í mínu hverfi og mér finnst mikilvægt að hverfið eigi úrvalsdeildarlið í einhverri íþrótt," sagði Erlendur sem hefur haft það orð á sér að vera mikil skapmaður enda gustar af honum á hliðarlínunni.

„Ég hef róast mikið en var ansi oft heitur á mínum yngri árum. Þó mér hafi lent aðeins saman við Astrauskas um daginn þá var það búið fljótt. Hefði okkur lent saman fyrir tíu árum þá er ekki víst að við hefðum fallist í faðma eftir leik. Þótt ég hafi róast þá er ég enn mikill keppnismaður sem vill sigra."

Stöndum ekki í vegi fyrir leikmönnum

Margir vilja meina að íslenskur handbolti hafi verið í lægð undanfarin ár og ekki að ástæðulausu þar sem flestir bestu leikmennirnir fara utan mjög ungir. Hvaða augum lítur Erlendur stöðuna?

„Maður vonar að þetta sé á uppleið en maður hefur líka miklar áhyggjur enda finnst mér deildin ekkert áberandi sterkari en í fyrra. Við sjáum það á árangrinum í Evrópukeppninni að liðin eru ekkert sérstaklega sterk," sagði Erlendur sem hefur aldrei séð á eftir þeim fjölda leikmanna ÍR sem hefur farið erlendis.

„Við lítum á það sem viðurkenningu fyrir okkar starf að koma mönnum í atvinnumennsku. Á meðan önnur lið reyna að halda sínum mönnum þá styðjum við okkar menn og hjálpum þeim á allan hátt að komast utan."

Liðið sem Erlendur hefur í höndunum í dag er mjög ungt og óreynt. Það kom því ekki á óvart að liðinu var spáð neðsta sætinu í úrvalsdeild. Strákarnir hans Erlends blésu á allar hrakspár í fyrstu umferð er þeir lögðu Hauka sannfærandi. Síðan töpuðu strákarnir fjórum leikjum í röð.

„Þetta eru eðlilegar kröfur sem eru gerðar á liðið. Það mun taka tíma að búa til lið enda er einn eftir úr byrjunarliðinu síðan í fyrra. Ég þarf tíma til að slípa liðið og það eru batamerki í hverjum leik og ég er þessu fullviss að sigrarnir fara að koma hjá okkur. Við erum ekki af baki dottnir enda naglar í liðinu sem eru klárir í baráttuna," sagði Erlendur Ísfeld, þjálfari ÍR.

SUNNUDAGSPENNINN EINAR LOGI VIGNISSON

Serie B fær A í einkunn

Fótboltinn á Ítalíu er þversagnakenndur. Ekki ný tíðindi en í haust hafa þversagnirnar verið meiri en oftast áður. Leikið hefur verið á allan tilfinningaskala hinna næmgeðja Ítala. Sigurinn á HM veitti mikið sjálfstraust og allir aðrir en aðdáendur liðanna sem lentu í Calciopoli-skandalnum gengu teinréttir og keikir til upphafs leiktíðar. En fljótlega kom í ljós að HM víman var skammvinn.

Harðir dómar í Calciopoli náðu ekki að milda óbragð í munni þeirra sem eru þreyttir á síendurteknum spillingarmálum sem enn sér ekki fyrir endann á. Aðbúnaður á leikvöllum er langtum verri en í öðrum höfuðdeildum Evrópu og ólæti og subbuskapur til vansa.

Langvinnandi vera margra helstu stórliða Ítalíu í neðri deildum hafa jafnframt gert stóran hluta þjóðarinnar áhugalausan um keppni í Serie A. Þessir þættir hafa ásamt ýmsu öðru valdið því að aðsókn hefur minnkað og ekki verið jafn lítil í Serie A í næstum 40 ár. Samt hefur fótboltinn verið stórskemmtilegur og spennan í keppninni um meistaratitilinn og sæti í meistaradeildinni ekki verið meiri í háa herrans tíð.

Stemning hjá Juve

Hvað sem vandræðagangi í Serie A líður hefur tíðin í Serie B aldrei verið betri, þökk sé Calciopoli og stórliðum í niðurnívslu. Juventus, Napoli, Genoa og Bologna eru í hópi best studdu liða landsins og Bari, Brescia, Piacenza og Vicenza draga að á góðum degi. Niðurstaðan er besta aðsókn og mesta fjölmiðlaathygli í sögunni. Má vart á milli sjá hvor deildin heitir A og hvor B.

Eins og vænta mátti vinnur Juventus næstum alla leiki og hefði vart þurft á sárabótunum að halda sem liðið fékk á dögunum er mínusstigunum sem liðið byrjaði með var fækkað úr 17 í 9. Þökk sé afslættinum er Juve nú komið í þriðja sæti aðeins þremur stigum á eftir toppliði Genoa.

Ekkert getur stöðvað framganginn og það hefði sennilega bara verið meira töff hjá þeim að una dómnum og vinna deildina samt! Juve leikur nú á gamla bæjarvellinum, flúði af hinum sálarlausa Delle Alphi. Aðsókn er giska góð á heimaleiki og á útileikjum mæta stjörnuþyrstir aðdáendur andstæðinga og slá aðsóknarmet.

Gríðarleg baráttustemning er í klúbbnum. Keyrir stundum um þverbak í kjánalegum uppslætti í nafni endurreisnar gömlu frúarinnar sem þykist svívirt af strengum dómum.

Þannig var 32 ára afmæli fyrirliðans Del Piero fagnað með blaðamannafundi og sérstökum hátíðarbálki á heimasíðu liðsins.

Del Piero skoraði vissulega fyrir stuttu sitt tvö hundruðasta mark fyrir liðið sem gerir hann að markahæsta manni í sögu félagsins. En það þarf góðan vilja til að túlka 32 ára afmæli sem meiriháttar viðburð í sögu fótboltans.

Bleikir og blámarðir

Þrjú lið hafa haldið kyndlinum hæst í Serie A og leikið á köflum glimrandi fótbolta. Hinir bleikklæddu liðsmenn Palermo tróna á toppnum ásamt blásvörtum leikmönnum Inter sem mætti kalla blámarða í ljósi giftuleysis undangenginna ára.

AS Roma hangir í skottinu á þeim en verið mistækir. Inter er taplaust og leikmenn verið ansi góðir í mörgum leikjum. Fremstir hafa farið Dejan Stankovic sem skorað hefur með þrumuskotum utan af velli og Zlatan Ibrahimovic sem hefur síðustu vikur sýnt listræn tilþrif.

Höfuðandstæðingar þeirra í AC Milan dvelja í þunglyndi við botn deildarinnar þökk sé mínusstigunum. Án þeirra væri liðið svo sem bara í sjöunda sæti og fátt um fína drætti.

SETTU ÞAÐ SAMAN HTH

Verð frá kr.:
130.716,-

Það er leikur einn að koma upp nýju eldhúsi fyrir jólin!

Verð frá kr.:
190.279,-

3 sýningarsalir: Smáralind, Akureyri og Selfoss

Verð frá kr.:
291.707,-
Hvíttuð eik

HTH gæðin kosta minna ef *þú setur það saman ...*

Af hverju að borga meira?

HTH er leiðandi í framleiðslu innréttinga á Norðurlöndum og býður besta verð sem völ er á fyrir þá sem vilja sjálfir taka þátt í uppsetningu á eigin eldhúsi.

Gerðu verðsamanburð og þú munt komast að því að ***Settu það saman*** línan frá HTH kostar minna en sambærilegar innréttingar á markaðinum.

Vönduð framleiðsla og þitt öryggi.

HTH er viðurkennt og þekkt víða um heim fyrir framúrskarandi framleiðslu. Þú getur treyst því að reynsla og metnaður HTH skilar sér beint í ódýru línuna – ætluð þeim sem vilja mikið fyrir lítið. Vandaður frágangur og smekklegt úrval fylgihluta eru helstu einkenni ***Settu það saman*** línunnar frá HTH.

Öll framleiðsla HTH er með ISO 9001, ISO 14001 og OHSAS 18001 gæðavottun sem þýðir að HTH vinnur samkvæmt helstu gæðastöðlum ásamt því að taka tillit til umhverfis og vinnuumhverfissjónarmiða og er vottað sem slíkt.

Einfalt og þægilegt.

Fagleg útsjónarsemi og markviss hönnun fagmanna HTH er lykillinn að þessum glæsilegu innréttingum. ***Settu það saman*** er kerfi sem auðvelt er að raða saman og fella að hvaða plássi sem er – og að þeim kröfum sem gerðar eru til geymslurýmis í eldhúsinu. HTH býður ókeypis teikniforrit með þessu kerfi sem gerið þér auðvelt að máta hina ýmsu stærðir og útlit inn í þitt eldhús.

Stíllinn og áferðin skipta sköpum.

Í ***Settu það saman*** kerfinu eru 11 mismunandi litir, áferðir og efni á skúffum og skápahurðum einnig er mikið úrval af höldum. Gegnheilar hillur úr beyki og mahogni bjóða upp á skemmtilega möguleika – einfalt, stílhreint og nútímalegt. Lítil halogenljós sem falla í hillur eða veggskápa gefa fallega og notalega birtu. Borðplatan setur svo punktinn yfir i-ið. Við bjóðum upp á úrval borðplatna í hæsta gæðaflokki og í ýmsum munsturlitum. Borðplötur úr gegnheilu beyki og mahogni eru mjög vinsælar og setja glæsilegan svip á eldhúsið.

Líttu inn og sjáðu með eigin augum úrvalið af fallegum innréttingum sem þú getur auðveldlega sett saman.

Frítt teikniforrit á **www.gds-hth.dk** og þú hannar Draumaeldhúsið þitt auðveldlega.

AEG

20% afsláttur veittur af lúxus eldhústækjum frá AEG þegar keyptar eru innréttingar frá HTH.

ORMSSON

KVIKA

ÁRVIRKINN, SELFOSSI · Sími 480 1160 RADIONAUST, AKUREYRI · Sími 461 5003 SMÁRALIND · Sími 530 2907 / 530 2908

Badminton:

Ragna í úrslit

BADMINTON **Ragna Ingólfsdóttir komst í úrslit í gær á alþjóðlega badmintonmótinu sem fram fer í TBR húsinu um helgina. Ragna mætir skosku stúlkunni Susan Hughes í úrslitum í dag.**

Ragna keppir líka til úrslita í tvíliðaleik ásamt Tinnu Helgadóttur og þar mæta þær stöllur skosku pari í úrslitum. **- dsd**

HM í kraftlyfingum:

Auðunn vann

KRAFTLYFTINGAR Kópavogströllið Auðunn Jónsson varð í dag heimsmeistari í kraftlyftingum í 125 kg flokki þegar hann lyfti samanlagt 1.040 kg á heimsmeistaramótinu í Stavangri í Noregi. Auðunn lyfti 20 kg meira en næsti maður og tók hann 395 kg í hnébeygju, 280 kg á bekknum og 365 kg í réttstöðulyftu. **- sb**

Enski deildabikarinn:

Liverpool tekur á móti Arsenal

FÓTBOLTI **Liverpool mætir Arsenal á Anfield í stórleik fjórðungsúrslita deildarbikarkeppninnar ensku. Spútnikliðin Southend og Wycombe mæta úrvalsdeildarliðunum Tottenham og Charlton á útivelli og að síðustu tekur Newcastle á móti Englandsmeisturunum í Chelsea.** **- esá**

Man. Utd heldur toppsætinu

Manchester United sigraði Blackburn í ensku úrvalsdeildinni í gær og heldur toppsætinu. Chelsea vann sigur á Watford þar sem Drogba skoraði þrennu.

FÓTBOLTI Átta leikir voru í ensku úrvalsdeildinni í gær. Manchester gerði góða ferð til Blackburn og sigraði 1-0 og heldur því toppsætinu í deildinni. Chelsea er þó ekki langt undan en liðið vann í gær öruggan sigur á Watford 4-0 þar sem Didier Drogba gerði sér lítið fyrir og skoraði þrennu.

Louis Saha, sóknarmaður Manchester United, hefur verið iðinn við kolann á leiktíðinni og það var hann sem skoraði sigurmarkið í leik Blackburn og Manchester United. Staðan var jöfn í hálfleik en Wayne Rooney fékk besta færi hálfleiksins þegar hann skaut fram hjá í dauðafæri undir lok hálfleiksins. Sigurmark Saha kom um miðjan hálfleikinn og þar með ljóst að Manchester United heldur þriggja stiga forystu á Chelsea.

„1-0 er góður sigur. Ég er mjög ánægður með spilamennskuna og við þurftum að hafa mikið fyrir þessum sigri. Öll mörk eru mikilvæg og það skiptir engu máli hver skorar þau. En á þessum tímapunkti í leiknum vorum við að reyna að skora mark sem myndi gera út um leikinn," sagði Sir Alex Ferguson, stjóri Manchester United, um sigurmarkið sem Saha skoraði.

Chelsea tók á móti Watford á heimavelli sínum og vann öruggan sigur, 4-0. Didier Drogba fór mikinn í leiknum og skoraði tvö mörk í fyrri hálfleiknum. Andriy Shevchenko bætti þriðja markinu við áður en Drogba fullkomnaði þrennu sína á 69. mínútu.

DROGBA OG SHEVCHENKO Sáu um mörkin hjá Chelsea í gær en sá fyrrnefndi skoraði þrennu gegn Watford. NORDIC PHOTOS/AFP

Jose Mourinho, stjóri Chelsea, var ekki að spara stóru orðin um Drogba eftir leikinn. „Hann er besti leikmaður í heiminum í dag. Hann skorar í öllum keppnum og er að gera frábæra hluti. Hann er stanslaust að bæta sig. Ég vil ekki nota orðið óstöðvandi en hann er frábær á öllum sviðum leiksins. Hann er grimmur, hann er góður skallamaður, hann heldur boltanum vel og hann er á hápunkti ferilsins. Ég hef aldrei séð Drogba betri en núna," sagði Mourinho.

Charlton og Newcastle náðu ekki að lyfta sér úr toppsætum deildarinnar. Charlton tapaði á útivelli fyrir Wigan, 3-2, og Newcastle varð að sætta sig við 0-0 jafntefli við Manchester City á útivelli.

dagur@frettabladid.is

Félagsvísindi í þágu framfara

Spennandi kostir í framhaldsnámi

Gott nám og rétt val þess er farsæl leið til lífsgæða og aukinna möguleika í starfi.
Við félagsvísindadeild Háskóla Íslands bjóðast margir spennandi kostir í námi hjá hæfum og reyndum kennurum.

GÓÐAR AÐSTÆÐUR TIL NÁMS.
FJÖLBREYTNI OG SVEIGJANLEIKI.
STARFSTENGT RANNSÓKNARNÁM.
NÁM MEÐ STARFI.
NÁM STUTT RANNSÓKNUM KENNARA.

- MA-nám og diplómanám í félagsráðgjöf.
- MLIS-nám í bókasafns- og upplýsingafræði.
- MA-nám í bókasafns- og upplýsingafræði.
- MA-nám og diplómanám í kynjafræði.
- MA-nám og diplómanám í félagsfræði.
- MA-nám í mannfræði.
- MA-nám í þjóðfræði.
- MA-nám og diplómanám í þróunarfræðum.
- MPA-nám og diplómanám í opinberri stjórnsýslu.
- MA-nám í stjórnmálafræði.
- MA-nám og diplómanám í alþjóðasamskiptum.
- MA-nám og diplómanám í fötlunarfræði.
- MA-nám í kennslufræði (seinni hluti).
- MA-nám og diplómanám í uppeldis- og menntunarfræði.

DOKTORSNÁM Í ÖLLUM GREINUM.

Allar upplýsingar: www.felags.hi.is
Umsóknarfrestur um meistaranám er til 15. nóv. n.k. en um diplómanám til 5. janúar 2007.

Félagsvísindadeild Háskóla Íslands

HORN / Hauður 2533

ÚRSLIT LEIKJA Í GÆR

Enska úrvalsdeildin

MANCHESTER CITY-NEWCASTLE	0-0
CHELSEA-WATFORD	4-0
1-0 Drogba (27.), 2-0 Drogba (36.), 3-0 Shevchenko (52.), 4-0 Drogba (69.).	
EVERTON-ASTON VILLA	0-1
0-1 Sutton (42.).	
MIDDLESBROUGH-WEST HAM	1-0
1-0 Maccarone (74.).	
PORTSMOUTH-FULHAM	1-1
0-1 Knight (57.), 1-1 Cole (74.).	
SHEFFIELD UNITED-FULHAM	2-2
0-1 Diouf (34.), 0-2 Davies (59.), 1-2 Hulse (70.), 2-2 Kazim-Richards (73.).	
WIGAN-CHARLTON	3-2
1-0 McCulloch (13.), 2-0 Camara (41.), 2-1 D. Bent (52.), 3-1 Jackson (78.), 3-2 M. Bent (90.).	
BLACKBURN-MANCHESTER UNITED	0-1
0-1 Saha (64.).	

STAÐAN

MAN. UNITED	**12**	**10**	**1**	**1**	**27-5**	**31**
CHELSEA	12	9	1	2	22-7	28
ASTON VILLA	**12**	**5**	**6**	**1**	**15-9**	**21**
BOLTON	12	6	3	3	12-11	21
PORTSMOUTH	**12**	**6**	**2**	**4**	**17-10**	**20**
ARSENAL	10	5	3	2	16-6	18
EVERTON	**12**	**4**	**5**	**3**	**16-11**	**17**
WIGAN	11	5	2	4	16-13	17
LIVERPOOL	**11**	**5**	**2**	**4**	**14-12**	**17**
FULHAM	12	4	5	3	13-16	17
TOTTENHAM	**11**	**4**	**3**	**4**	**8-11**	**15**
M'BORO	12	4	2	6	10-16	14
READING	**11**	**4**	**1**	**6**	**10-17**	**13**
MAN. CITY	12	3	4	5	7-14	13
BLACKBURN	**12**	**3**	**3**	**6**	**10-16**	**12**
WEST HAM	12	3	2	7	9-15	11
SHEFF. UTD.	**12**	**2**	**4**	**6**	**7-16**	**10**
NEWCASTLE	12	2	3	7	7-14	9
WATFORD	**12**	**1**	**6**	**5**	**9-17**	**9**
CHARLTON	12	2	2	8	9-18	8

Enska bikarkeppnin

BRENTFORD-DONCASTER	0-1

Ólafur Ingi Skúlason lék fyrri hálfleikinn fyrir Brentford.

Þýska úrvalsdeildin

HAMBURGER SV-GLADBACH	1-1
SCHALKE-MAINZ	4-0
LEVERKUSEN-BAYERN MÜNCHEN	2-3
HERTHA BERLÍN-BOCHUM	3-3
E. FRANKFURT-A. BIELEFELD	0-3
WOLFSBURG-E. COTTBUS	0-0

STAÐA EFSTU LIÐA

W. BREMEN	**12**	**7**	**2**	**3**	**31-16**	**23**
SCHALKE	12	7	2	3	19-13	23
STUTTGART	**11**	**6**	**3**	**2**	**23-16**	**21**
BAYERN M.	12	6	2	4	19-15	20
A. BIELEFELD	**12**	**5**	**4**	**3**	**22-14**	**19**
HERTHA	12	4	6	2	21-17	18

Danska úrvalsdeildin

BRÖNDBY-SILKEBORG	3-1

Hólmar Örn Rúnarsson kom Silkeborg yfir en hann, Bjarni Eiríksson og Hörður Sveinsson voru allir í byrjunarliði Silkeborgar. Hannes Sigurðsson lék ekki með Bröndby vegna meiðsla.

Skoska úrvalsdeildin

ABERDEEN-MOTHERWELL	2-1
DUNDEE UNITED-KILMARNOCK	1-0
HIBERNIAN-INVERNESS CT	2-0
GLASGOW RANGERS-DUNFERMLINE	2-0

Þýska úrvalsdeildin

GÖPPINGEN-LÜBBECKE	31-26

Jaliesky Garcia lék ekki með Göppingen vegna meiðsla. **Birkir Ívar Guðmundsson** var í marki Lübbecke og **Þórir Ólafsson** skoraði 3 mörk fyrir liðið.

Meistaradeild Evrópu

F-RIÐILL

FRAM-SANDEFJORD	28-31

Mörk Fram: Sigfús Páll Sigfússon 5, Jóhann Gunnar Einarsson 5/3, Zoltan Belanyi 4, Haraldur Þorvarðarson 4, Andri Haraldsson 4, Hjörtur Hinriksson 2, Rúnar Kárason 2, Daníel Grétarsson 1, Þorri Gunnarsson 1.
Varin skot: Björgvin Gustavsson 13, Magnús Erlendsson 7.

CELJE LASKO-GUMMERSBACH	31-29

Guðjón Valur Sigurðsson skoraði tvö mörk fyrir Gummersbach, **Róbert Gunnarsson** fjögur og **Guðlaugur Arnarsson** lék í vörn liðsins. Gummersbach vann riðilinn þar sem liðið skoraði fleiri mörk en Celje en markamunur liðanna var sá sami.

LOKASTAÐAN

GUMMERSB.	**6**	**5**	**0**	**1**	**212-177**	**10**
CELJE LASKO	6	5	0	1	205-170	10
SANDEFJORD	**6**	**2**	**0**	**4**	**179-202**	**4**
FRAM	6	0	0	6	163-210	0

AÐRIR RIÐLAR

CIUDAD REAL-BREST HC MESCHKOW	39-29

Ólafur Stefánsson skoraði þrjú mörk fyrir Ciudad Real sem var þegar búið að tryggja sér sigur í riðlinum fyrir leikinn.

MEDWEDI TSCHECHOW-FLENSBURG	33-27

Lærisveinar **Viggós Sigurðssonar** í Flensburg voru þegar búnir að tryggja sér sigur í riðlinum.

PORTOVIK YUZHNY-A1 BREGENZ	27-24

Dagur Sigurðsson og lærisveinar hans í Bregenz hlutu eitt stig í sínum riðli og lentu í fjórða sæti.

Húsgagna LAGERSALA

50-90% AFSLÁTTUR!



Sófar - stólar - borð - sófasett - gjafavara - speglar - lampar - skápar - hillur og margt fleira.
TAKMARKAÐ MAGN!

ÁRMÚLA 23

Furniture – WAREHOUSE SALE – 50-90% reductions
Sofas – chairs – tables – suites – gifts – mirrors – lamps – cupboards – shelving and much more

Limited quantities

Meble – WYPRZEDAŻ – obniżki 50-90%
Kanapy – krzesła – stoły – komplety – upominki – lustra – lampy – szafki – półki i wiele, wiele więcej

Ilość ograniczona

เฟอร์นิเจอร์ - ราคาโรงงาน - ราคาลด 50 ถึง 90%
มีทั้ง โซฟา - เก้าอี้ - โต๊ะ - ชุดเครื่องเรือน - ของขวัญ - กระจกเงา - โคมไฟ - ตู้ - หิ้ง และผลิตภัณฑ์อื่นๆ

ในปริมาณจำกัด

Lagersala Öndvegis er í Ármúla 23, 108 Reykjavík.
Opið í dag, sunnudag kl. 12-16.

Öndvegi
HÚSGAGNAVERSLUN

> **Toni Collette**

Var tilnefnd til Óskarsverðlauna árið 2000 sem móðir hins skyggna Haley Joel Osment í myndinni „The Sixth Sense“. Toni er áströlsk að uppruna og hefur gert það gott í Hollywood og í heimalandi sínu sem leikkona. Toni leikur í myndinni „Japanese Story“ sem sýnd er í Sjónvarpinu í kvöld.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR ER GRIPIN OG VEIDD

Læknalíf, læknalíf …

Ég hlakka svo til, ég hlakka alltaf svo til … Jólin hafa ekkert með þetta að gera. Nei, ég hef talið niður frá því einhvern tíma í sumar í það að Grey´s Anatomy, Læknalíf, hefji aftur göngu sína og ég fái loksins að vita hvað gerist næst. Læknalíf er vinsælasti sjónvarpsþáttur í Ameríku núna og þá væntanlega í heimi. Og það er vel skiljanlegt en ekki alveg eins vel útskýranlegt. Þættir um líf ungra lækna sem berjast við dauðann dag hvern í bland við lítinn svefn og ruglingslegt ástarlíf hafa oft áður verið í sjónvarpinu.

Kannski er það vegna þess að flestir skurðlæknarnir sem við sjáum að störfum á Seattle Grace sjúkrahúsinu eru konur og tveir af þremur yfirlæknum eru svartir. Kannski er það vegna frásagnaraðferðarinnar sem felst í því að detta inn

í líf persónanna, sýna og gefa í skyn frekar en segja hreint út hvað er á seyði. Kannski er það vegna þess að persónurnar koma í ljós smátt og smátt og áhorfendur eiga ennþá eftir að komast að heilmörgu um þær. Svo segja þær engum leyndarmálin sín nema helst deyjandi sjúklingum. Kannski eru þau svo sæt, kannski á hárréttum aldri … Ég kann enga skýringu. Ég veit bara að ég glaptist óvart til að horfa á einn þátt einhvern tíma í vetur sem leið og eftir það var ég veidd og gripin, keypti meira að segja mynddiska með fyrstu þáttunum til að slá á fráhvarfseinkennin sem verða endanlega á burt á morgun. Annað kvöld, nánar tiltekið. Klukkan hálf níu. Nú mun ég alltaf hlakka svo til mánudagskvölda. Læknalíf, læknalíf.

EKKI MISSA AF

▶ **15.30 The Newlyweds**
SIRKUS

▶ **17.50 How To Look Good…**
SKJÁR EINN

▶ **19.50 NFL Leikur** SÝN

▶ **21.15 Numbers** STÖÐ 2

▶ **22.35 Japanese Story**
SJÓNVARPIÐ

SJÓNVARPIÐ

8.00 Morgunstundin okkar
8.01 Sammi brunavörður (11:26) (Fireman Sam)
8.11 Geirharður bojng bojng (23:26) (Gerald McBoing Boing)
8.31 Hopp og hí Sessamí (27:52) (Play With Me Sesame II)
8.55 Kvikindi í koppum og kirnum (4:6) (Kryp i skåp och skafferi)
9.00 Líló & Stitch (37:39) (Disney's Lilo & Stitch)
9.25 Sígildar teiknimyndir (9:42) (Classic Cartoons)
9.33 Herkúles (9:28)
9.54 Tobbi tvisvar (33:52)
10.17 Allt um dýrin (6:25)
10.45 Jón Ólafs
11.25 Spaugstofan Endursýndur þáttur frá laugardagskvöldi.
11.50 Símaat (Stuck in the Suburbs)
13.20 Himalajafjöll (1:6) (Himalaya with Michael)
14.20 Hvað veistu? (Viden Om)
14.50 Stuttmyndakeppnin 2006
15.20 Mín Kúba (Cuba Mia)
16.20 Tíu fingur (5:12)
17.20 Nærmynd
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Stundin okkar (7:30)
18.30 Geimálfurinn Gígur
18.40 Amma
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljós
20.10 Tíu fingur (6:12)
21.10 Örninn (3:8) (Ørnen)
22.10 Helgarsportið
▶**22.35 Japönsk saga**
0.20 Kastljós
0.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Head of State
8.00 World Traveler
10.00 Blue Sky (e)
12.00 Lucy
14.00 Head of State
16.00 World Traveler
18.00 Blue Sky (e)
20.00 Lucy
22.00 The Recruit
0.00 Gothika
2.00 Silverado
4.10 The Recruit

STÖÐ 2

7.00 Pingu
7.05 Brúðubíllinn
7.40 Stubbarnir
8.05 Doddi litli og Eyrnastór
8.15 Kalli og Lóla
8.25 Könnuðurinn Dóra
8.50 Pocoyo
9.00 Grallararnir
9.20 Codename: Kids Next Door
9.45 Kalli litli kanína og vinir hans
10.05 Ævintýri Jonna Quests
10.25 Sabrina - Unglingsnornin
10.50 Bratz
11.10 Galdrastelpurnar (11:26)
11.35 Ljónagrín (Father of the Pride) Skemmtilegar grínteiknimyndir um ljónafjölskyldu sem skemmtir fólki í Las Vegas. Þættirnir eru mjög í anda Shrek, enda koma þær úr smiðju Jeffreys Katzenberg, sem framleitt hefur vinsælar teiknimyndir á borð við Shrek og Madagascar. Meðal leikradda eru John Goodman. 2004.
12.00 Hádegisfréttir
12.25 Silfur Egils
14.00 Neighbours
15.45 Í sjöunda himni með Hemma Gunn
16.50 Beauty and the Geek Sumir nördanna eru orðnir yfir sig hrifnir af fegurðardísunum og rómantíkin byrjar að blómstra í húsinu. Verkefni þáttarins hefur að gera með mikið af olíu, stelpurnar þurfa að skipta um olíu á bíl og strákarnir þurfa að rifja upp nudd með olíu við hönd. Leyfð öllum aldurshópum.
17.45 Martha Nýir spjallþættir með fjölmiðla- og athafnakonunni vinsælu, Mörthu Stewart. Í þættinum fær Martha til sín góða gesti, gefur húsráð og sýnir sniðugar lausnir í eldhúsinu.
18.30 Fréttir, íþróttir og veður
19.10 Kompás Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. Í hverjum þætti eru tekin fyrir þrjú til fjögur mál og krufin til mergjar. Eins og nafnið gefur til kynna verður farið yfir víðan völl og verður þættinum ekkert óviðkomandi.
20.00 Sjálfstætt fólk
20.30 Commander In Chief
▶**21.15 Numbers (4:24)**
22.00 Deadwood (11:12)
22.50 Monster´s Ball (Skrímslaball)
0.40 Hollywood Homicide
2.35 Poltergeist 2
4.05 La Mentale Bönnuð börnum.
5.50 Fréttir Stöðvar 2 (e)
6.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

SKJÁREINN

12.00 2006 World Pool Masters Sextán bestu billjarðmeistarar heims tóku þátt í skemmtilegu móti sem fram fór í Hollandi sl. sumar. Keppt var með útsláttarfyrirkomulagi þar til einn stóð uppi sem sigurvegari.
12.50 Love, Inc. (e)
13.20 Out of Practice (e)
13.50 Dýravinir (e)
14.20 One Tree Hill - NÝTT! (e)
15.05 Queer Eye for the Straight Guy (e)
16.00 America's Next Top Model VI (e)
17.00 Innlit / útlit (e) Hönnunar- og lífsstílsþáttur.
▶**17.50 How to Look Good Naked (e)**
18.15 Dateline Margverðlaunaður fréttaskýringarþáttur sem er frægur fyrir gagnrýna og óvægna umfjöllun um þau mál sem hæst ber.
19.10 Battlestar Galactica - Ný þáttaröð (e) Framtíðarþáttaröð þar sem fylgst er með klassískri baráttu góðs og ills.
20.00 Dýravinir
20.30 Frægir í form - NÝTT!
21.30 C.S.I: New York Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York. Líf líffæraþega hangir á bláþræði eftir að þyrlu með líffæri, sem hann átti að fá, er rænt.
22.30 Brotherhood Dramatísk og spennandi þáttaröð um bræðurna Tommy og Mike Caffee. Annar er efnilegur stjórnmálamaður en hinn forhertur glæpamaður. Tommy ákveður að vinna með Michael til að bjarga kvikmyndahúsi í hverfinu þeirra. Rose fær nýja vinnu og reynir strax að fá starfsfélaga sína til að ganga í verkalýðsfélag.
23.30 Conviction Bandarísk sakamálasería um unga og reynslulausa saksóknara í New York. Steele mætir virtum kvenkyns lögfræðingi í réttarsalnum eftir að hún er sökuð um að myrða eiginmann sinn.
0.20 Law & Order (e) Bandarísk sakamálasería.
1.10 The L Word (e)
2.10 Óstöðvandi tónlist

SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl. 18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SIRKUS TV

14.30 Tekinn (e)
15.00 8th and Ocean (e)
▶**15.30 The Newlyweds (e)** Þriðja serían af hjónakornunum fyrrverandi og sambandi þeirra. Í þessum þáttum fylgjumst við með poppsöngkonunni Jessicu Simpson og þáverandi eiginmanni hennar Nick Lachey.
16.00 The Hills (e)
16.30 Wildfire (e)
17.15 Hell´s Kitchen (e) Sjónvarpskokkurinn Gordon Ramsey er kominn aftur með aðra seríuna af Hell´s Kitchen. Tólf nemar eru nú komnir til starfa hjá Ramsey á hinum glæsilega veitingastað hans í Las Vegas. Aðeins einn mun standa uppi sem sigurvegari og verðlaunin ekki af verri endanum - að verða yfirkokkur á þessum glæsilega veitingastað og stór peningaverðlaun. Það er því til mikils að vinna fyrir þessi tólf og verða þau að standast pressuna frá Ramsey sem er allt annað en ljúfur.
18.00 Seinfeld (e)
18.30 Fréttir NFS
19.10 Seinfeld (e)
19.35 The War at Home (e)
20.00 8th and Ocean
20.30 The Newlyweds
21.00 Vanished
21.50 Weeds
22.20 Rescue Me (e)
23.10 My Name is Earl (e)
23.35 Tekinn (e)
0.05 Ghost Whisperer (e)
0.50 Pepper Dennis - NÝTT (1:13) (e)
1.35 Sirkus Rvk (e)
2.05 Entertainment Tonight (e) Leyfð öllum aldurshópum.
2.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

SKJÁR SPORT

11.50 Að leikslokum (e)
12.45 Strákarnir í Reading (e)
13.20 Reading - Tottenham (beint) Bein útsending frá leik Reading og Tottenham.
15.30 Arsenal - Liverpool (beint) Bein útsending frá leik Arsenal og Liverpool.
18.00 Þrumuskot (e) Farið er yfir leiki liðinnar helgar og öll mörkin sýnd. Viðtöl við knattspyrnustjóra og leikmenn.
19.20 Parma - Inter (beint) Bein útsending frá leik Parma og Inter.
21.30 Portsmouth - Fulham (frá 11. nóv)
23.30 AC Milan - Roma (frá 11. nóv)
1.30 Dagskrárlok

GOTT FÓLK McCANN

RÚV PLÚS
NÚ Á DIGITAL ÍSLANDI
STÆRSTA DREIFIKERFIÐ | EINFALDASTA UPPSETNINGIN | LANG FLESTAR STÖÐVAR
Rúv plús er á rás 99
OG VODAFONE / 515 6100 / DIGITALISLAND.IS
digital ísland

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 22.15

COACH CARTER

Sannsöguleg og áhrifamikil mynd sem sló í gegn í Bandaríkjunum árið 2005. Samuel L. Jackson leikur þar hinn umdeilda körfuboltaþjálfara Ken Carter sem tók sig til og setti ósigrað háskólakörfuboltalið sitt allt á bekkinn fyrir mikilvægan úrslitaleik, vegna þess hversu illa liðsmennirnir stunduðu námið. Aðalhlutverk: Samuel L. Jackson, Robert Richard og Rob Brown. Leikstjóri: Thomas Carter.



▶ VIÐ MÆLUM MEÐ THE BEAUTY AND THE GEEK Á STÖÐ 2 KL. 16.50.

Hrottalega fyndinn raunveruleikaþáttur þar sem sjö nördar eru paraðir upp á móti sjö kynþokkafullum konum. Nördarnir reyna síðan að gera konurnar að nördum og konurnar reyna að gera karlana að „hönkum". Hljómar kannski ruglingslegt en þessi þáttur er kvikindislega skemmtilegur. Þess má geta að leikarinn Ashton Kutcher er einn af framleiðendum.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

8.00 Fréttir
8.05 Morgunandakt
8.15 Tónlist á sunnudagsmorgni
9.00 Fréttir
9.03 Lóðrétt eða lárétt
10.00 Fréttir
10.05 Veðurfregnir
10.15 Bókaþing
11.00 Guðsþjónusta í Breiðholtskirkju
12.00 Hádegisútvarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregnir
13.00 Útvarpsleikhúsið: Sandbylur
13.45 Fiðla Mozarts
14.10 Söngvamál
15.00 Út um víðan völl: Herra Jón
16.00 Fréttir
16.08 Veðurfregnir
16.10 Heimurinn okkar
17.00 Síðdegi skógarpúkanna
18.00 Kvöldfréttir
18.25 Auglýsingar
18.26 Seiður og hélog
19.00 Afsprengi
19.50 Óskastundin
20.35 Sagnaslóð
21.15 Laufskálinn
21.55 Orð kvöldsins
22.00 Fréttir
22.10 Veðurfregnir
22.15 Til allra átta
23.00 Andrarímur
0.00 Fréttir

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

SÝN

7.10 PGA golfmótið - fréttaþáttur Allt það markverðasta sem gerðist á undanförnum mánuði í PGA mótaröðinni. Skemmtilegur þáttur sem svipar til þáttarins Inside the PGA tour sem jafnframt er sýndur á Sýn. Viðtöl við stjörnurnar, farið yfir stöðuna á peningalistanum og fjallað um það sem framundan er í mótaröðinni.
8.00 Spænski boltinn Útsending frá leik í spænska boltanum.
9.40 Hápunktar í PGA mótaröðinni Helstu svipmyndir frá síðasta móti í PGA mótaröðinni í golfi. Sýnt frá efstu mönnum berjast um sigurinn á lokaholunum. Jafnframt er greint frá því helsta sem gerðist fyrstu þrjá keppnisdagana. Í PGA mótaröðinni eru saman komnir allir snjöllustu kylfingar heims og áhorfendur fá mögnuð tilþrif á færibandi.
10.35 Box - Wladimir Klitschko vs. Calvin Brocs (Box - Wladimir Klitschko vs. Calv) Bardagi þeirra Wladimirs Klitschkos og Calvins Brocs endursýndur.
12.05 Meistaradeild Evrópu í handbolta (Fram - Sandefjord) Útsending frá leik Fram og Sandefjord sem fram fór í gær í Meistaradeild Evrópu.
13.20 Golf - Merryl Lynch Shootout (Golf - Merryl Lynch Shootout) Útsending frá þriðja degi Merryl Lynch-mótsins á Flórída.
15.50 Spænski boltinn Útsending frá leik í spænska boltanum.
17.50 Spænski boltinn Útsending frá leik í spænska boltanum.
▶19.50 NFL - ameríska ruðningsdeildin (Cincinnati - San Diego)
21.50 Golf - Merryl Lynch Shootout (Golf - Merryl Lynch Shootout) Útsending frá lokadegi Merryl Lynch shootout mótsins í Flórída. Ástralinn Greg Norman heldur mótið þar sem tveir og tveir leika saman í liði. Í fyrra sigruðu þeir Kenny Perry og John Houston. Ólíklegt er að Perry verji titilinn þar sem hann hefur átt erfitt uppdráttar í ár.
23.50 Spænski boltinn Útsending frá leik í spænska boltanum.

DR 1

11.55 Attention Mobning **12.25** Attention Mobning **12.55** OBS **13.00** Gudstjeneste i DR Kirken **13.45** Algier **15.25** Det lille hus på prærien **17.00** Sigurd og Big Bandet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Når midnatssolen går i sort **18.30** Livet på skinner **19.00** Örnen **20.00** TV Avisen **20.15** Søndag **20.45** SøndagsSporten **21.10** Dødens Detektiver **21.35** Columbo **22.45** OBS **22.50** Siamesiske tvillinger - Ladan og Lalehs historie **23.40** Boogie Listen

NRK 1

12.00 Skiskyting: Fellesstart, menn **12.50** V-cup alpint: Slalåm 2. omgang, menn **13.10** Skiskyting: Fellesstart, kvinner **14.15** V-cup skøyter: 500 og 1000 m menn, 1000 og 3000 m kvinner **16.00** Sport i dag **16.30** V-cup skøyter: 3000 m, kvinner **17.00** Ole Aleksander Filibom-bom-bom **17.20** Sola er en gul sjiraff **17.30** Newton **18.00** Søndagsrevyen **18.45** Sportsrevyen **19.15** Kvitt eller dobbelt **20.15** Hawaii Oslo **22.15** Kveldsnytt **22.35** I begynnelsen var kunsten **23.35** Nytt på nytt

SVT 1

11.50 Fredagsröj **12.25** På spåret **13.25** Kobra **13.55** Great thinkers of our time **14.25** Bajo el cielo de Madrid **14.40** Le Maroc qui bouge **14.50** Les petits animaux sauvages **14.55** Världen **15.55** Makalösa monument **16.25** Om barn och böcker **16.55** Tre Kronor live: Karjala Cup **17.15** Sagoboken **17.30** Skärgårdsdoktorn **18.25** Anslagstavlan **18.30** Rapport **19.00** Mäklarna **19.30** Sportspegeln **20.15** Agenda **21.10** Orden med Anna Charlotta **21.40** Vetenskap - universum i provrör **22.10** Rapport **22.20** Poliser **23.20** Brottskod: Försvunnen

FELLSMÚLI 28 GAMLA WORLD CLASS HÚSIÐ
LAGERSALA
FLOTT MERKI - FÍN FÖT - FRÁBÆRT VERÐ
DEBENHAMS TOPSHOP oasis
DOROTHY PERKINS TOPMAN evans.
ALLSAINTS KAREN MILLEN coast
Whistles THE SHOE STUDIO WAREHOUSE
500 - 1.000 - 1.500
2.000 - 3.000 - 4.000 - 5.000
OPIÐ 11-19 ALLA DAGA
4.-19. NÓVEMBER

HRÓSIÐ ...

...fær Þórunn Erlu Valdimarsdóttir ritari ævisögu Matthíasar Jochumsonar sem tekur þátt í menningardagskrá tileinkaðri skáldinu um helgina.

HIN HLIÐIN: ÁSGERÐUR JÚNÍUSDÓTTIR SÖNGKONA

Afrekaði að halda sönsum í haust

Hvað er að frétta?
Allt á fullu, plata og óperufrumsýning á næsta leiti.
Augnlitur:
Blár.
Starf:
Söngkona.
Fjölskylduhagir:
Gift, tveggja barna móðir.
Hvaðan ertu?
Úr Reykjavík.
Ertu hjátrúarfull?
Stundum.
Uppáhaldssjónvarpsþáttur:
Horfi sjaldan á sjónvarp, en finnst þátturinn Tíu fingur áhugaverður. Og þættir tengdir sagnfræði og listum.

Uppáhaldsmatur:
Styrjuhrogn, súkkulaði, hindber og annað góðgæti.
Fallegasti staður:
Það er svo mikið til af fegurð og fallegum stöðum í þessum heimi. Þingvellir og Rómarborg eru í sérstöku uppáhaldi þessa dagana.
iPod eða geislaspilari:
Bæði.
Hvað er skemmtilegast?
Það fer nú eftir því hvernig liggur á manni... Vera með fólkinu mínu, syngja, lesa, ferðast og margt fleira.
Hvað er leiðinlegast?
Að þrífa rimlagluggatjöld.
Helsti veikleiki:
Ætla mér stundum um of.
Helsti kostur:
Get verið dugleg.
Helsta afrek:
Að hafa haldið sönsum á haustmánuðum þegar ég var að leggja lokahönd á geisladiskinn Í rökkri og æfa tvö stór og afskaplega ólík hlutverk í tveimur óperum: Maríu mey í norskri óperu og hina illu Skuggaprinsessu í óperunni Skuggaleik sem frumsýnd verður 18. nóvember.
Mestu vonbrigðin:
Engin sérstök vonbrigði að plaga mig.
Hver er draumurinn?
Friðsæll heimur fullur af góðu, göfugu og hugrökku fólki.
Hver er fyndnastur/fyndnust?
Maðurinn minn og bræður mínir.
Hvað fer mest í taugarnar á þér?
Illgirni, öfund og lágkúra.
Hvað er mikilvægast?
Fólkið mitt.

Valnefndarfólkið

Ásdís Thoroddsen
Dagur Kári Pétursson
Einar Magnús Magnússon
Gunnar B. Guðmundsson
Halldóra Geirharðsdóttir
Helga Margrét Reykdal
Hróðmar Ingi Sigurbjörnsson
Jóna Finnsdóttir
Jónas R. Jónsson
Margrét Jónasdóttir
Marteinn St. Þórsson
Ólafur Gaukur
Róbert Douglas
Sævar Guðmundsson
Skúli Malmquist
Sólveig Anspack
Sonja B. Jónsdóttir
Steinþór Birgisson
Styrmir Sigurðsson
Víðir Sigurðsson
Þóra Gunnarsdóttir
Þorbjörn Erlingsson
Þorfinnur Guðnason
Þorsteinn Guðmundsson

VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1 Russell Crowe.
2 Þróttur Reykjavík.
3 69,4%.

EDDAN: PÉTUR JÓHANN OG RAGNHILDUR STEINUNN KYNNA

Valnefndarmenn Eddunnar hafa orðið fyrir áreitni

„Að menn tilnefni sjálfa sig? Það er auðvitað ekki um það að ræða," segir Björn Brynjúlfur Björnsson, stjórnarmaður í kvikmynda- og sjónvarpsakademíunni.

Nokkur ólga er meðal kvikmyndagerðarmanna því stjórnin hefur ákveðið að gefa ekki út opinberlega hverjir skipa hverja valnefnd, þeirra sem völdu hverjir hlutu tilnefningu til Edduverðlauna. Þannig er nokkur skortur á gegnsæi og því gefið undir fótinn að um hagsmunatengsl geti verið að ræða. Að menn tilnefni jafnvel sjálfa sig. Þannig er til dæmis Marteinn St. Þórsson í valnefndarhópnum en hann er tilnefndur í flokki besta sjónvarpsþáttar fyrir Kompás.

Ástæðan fyrir því að aðeins er nefnt hverjir eru í valnefndarhópnum öllum er sú að menn sem setið hafa í valnefndum hafa orðið fyrir áreitni í gegnum tíðina. Björn Brynjúlfur staðfestir að svo sé en málið hefur verið rætt mjög í stjórn. Þessu hafi verið hagað svona að þessu sinni til að beina umkvörtunum til stjórnar en ekki að þau beinist að valnefndarmönnum sem slíkum.

„Sumir hafa orðið fyrir áreitni af einhverjum sem eiga hagsmuna að gæta. En þetta er ekkert leyndarmál, ef menn telja að eitthvað sé vafasamt varðandi tilnefningarnar geta þeir fengið nánari upplýsingar. Það væri hryllilegt slys ef kæmi í ljós að um hagsmunatengsl væri að ræða. Það myndi rýra trúverðugleika verðlaunanna og við pössum vel upp á það."

FRÁ EDDUVERÐLAUNUM Ekki er gefið upp hverjir skipa hverja valnefnd um sig sem býður upp á bollaleggingar um hagsmunatengsl.

Gríðarlegir hagsmunir eru í húfi fyrir kvikmyndagerðarmenn að sögn Björns Brynjúlfs enda um íslensku „óskarsverðlaunin" að ræða. Stimpill sem greitt getur götu kvikmyndagerðarmanna að styrkjum erlendis.

BJÖRN BRYNJÚLFUR Af og frá að menn tilnefni sjálfa sig.

PÉTUR JÓHANN OG RAGHILDUR STEINUNN Fá það vandasama hlutskipti að vera kynnar á íslensku verðlaunaafhendingunni.

Önnur gagnrýni sem Edduverðlaunin hafa mátt búa við er sú að hver verðlaun fyrir sig séu ekki nægjanlega vel skilgreind. Þannig er erfitt að bera saman teiknimynd og töku í kvikmynd en svo er í flokknum „Útlit myndar". Björn segir rétt að stundum sé þetta eins og að bera saman epli og appelsínur en menn verði að meta hvert verk um sig en ekki í samanburði.

Edduverðlaunin verða svo afhent með pompi og prakt 19. þessa mánaðar. Björn vonast til þess að umfjöllunin verði á jákvæðu nótunum og því er gaman að segja frá því að kynnar hátíðarinnar verða ekki af verri endanum, spaugarinn Pétur Jóhann og svo sjónvarpskonan Ragnhildur Steinunn sjá um það. **jakob@frettabladid.is**

FRÉTTIR AF FÓLKI

Það er skammt stórra milli högga hjá myndasöguhöfundinum **Hugleiki Dagssyni** en útgáfurétturinn á örmyndasögubók hans *Avoid Us* hefur á undanförnum mánuðum verið seldur víða um heim. Hugleikur slær heldur ekki slöku við á heimavelli en tvær bækur eftir hann koma út hjá JPV útgáfu í nóvember. Bókin *Fylgið okkur* kemur út síðar í mánuðinum. Þar segir Hugleikur sem fyrr groddalegar örsögur, en bókin sver sig í ætt við fyrri bækur í sama dúr, *Elskið okkur, Drepið okkur* og *Ríðið okkur*. Myndasagan *Eineygði kötturinn Kisi&hnakkarnir* kom hins vegar út fyrir helgi en þar fer Hugleikur inn á nýjar slóðir og segir frá ævintýrum Kisa og leggur töluvert meira upp úr teikningum og myndrænni framsetningu en í *Okkur*-bókunum.

Eineygði kötturinn Kisi&hnakkarnir segir frá innrás svokallaðra „hnakka" utan úr geimnum. Þeir þykja flottir, klæða sig vel og eru fallega sólbrúnir en ógna engu að síður öllu vitsmunalífi á jörðinni. Fjöldi þekktra Íslendinga kemur við sögu í bókinni en þannig verða Idol-kynnarnir **Simmi** og **Jói** hnökkunum að bráð og breytast í hnakka rétt eins og sjálfur **Magni**. Kisi og félagar snúa vörn í sókn og ganga milli bols og höfuðs á hnökkunum en ásamt Kisa fer **Björn Jörundur** fremstur í flokki andspyrnunnar og bjargar deginum. Þá lætur **Bubbi** ekki sitt eftir liggja en þegar Kisi og félagar þurfa að fela sig fyrir hnökkunum leita þeir skjóls bak við egóið hans Bubba sem er umtalsvert stærra en maðurinn sjálfur. Útgefandi Hugleiks sýndi Bubba þennan brandara áður en bókin kom út og Bubbi mun hafa kunnað vel að meta skensið og hló dátt að egóinu sínu sem er það gott að það stendur vel undir góðlátlegu gríni. **-þþ**

Ættarmót

Niðjar Péturs Vilhelms Jensen, f. 1.12.1874, d. 26.7.1961 ætla að hittast í Súlnasalnum á Hótel Sögu sunnudaginn 19. nóvember n.k. kl: 15:00

Undirbúningsnefnd

Sendiherra í umferðinni

„Það var nú reyndar bölvað vesen að fá þetta nafn skráð en það hafðist að lokum," segir Guðni Falur Stefánsson sendibílstjóri sem keyrir um á sendibíl, sem er kyrfilega merktur Sendiherrann. Guðni hefur verið sendibílstjóri með hléum síðan 1991 og rekur nú eigið fyrirtæki, Sendiherrann. Meðfram því rekur hann Málmsteypu Ámunda Sigurðssonar.

Guðni segist hafa skráð nafnið Sendiherrann í fyrirtækjaskrá en það hafi svo reynst þrautin þyngri að fá nafnið samþykkt hjá sýslumanni. „Mér var sagt að þetta væri alltof virðulegt nafn til að það fengist skráð. Ég sagði að þetta væri afskaplega hnitmiðað nafn á sendibíl og heimtaði að fá rökstuðning. Svo tók einhver í taumana og það varð ekkert af þessari valdníðslu," segir Guðni hress í bragði. Og nafnið Sendiherrann er grípandi og var ekki lengi að festast við Guðna sjálfan. „Menn kalla mig auðvitað Sendiherrann," segir hann.

SENDIHERRANN Guðni Falur Stefánsson hefur vakið athygli á sendibíl sínum, Sendiherranum. Nafnið hefur sömuleiðis fest við hann. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þegar fyrirtæki Guðna er flett upp í símaskrá er það skráð Sendiherrann slf. sem stendur fyrir samlagsfélag. Guðni segir að það sé afar hentugt rekstrarform fyrir sig og fleiri ættu að taka það upp. „Ef Baugur hefði verið samlagsfélag þá hefðu þeir sloppið við allar þessar kærur. Ég var gáfaðri en Jóhannes," segir hann og skellir upp úr. **-hdm**

Eikarhúsgögn í miklu úrvali

Vorum að taka inn mikið úrval eikarhúsgagna frá ChristianHarold

DeCoro sófasett á gjafverði

3ja sæta sófi + 2 stólar
Fáanlegt í brúnu og ljósu leðri

~~249.000.-~~ stgr. 179.000.- stgr.
Takmarkað upplag

GP
gæðahúsgögn

Dalshrauni 1 Hafnarfirði Sími: 565 1234

Opið virka daga 10-18 • laugardaga 11-16 • sunnudaga 13-16

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS

BAKÞANKAR

DAVÍÐS ÞÓRS JÓNSSONAR

Fjall sannleikans

Einu sinni var ég þeirrar skoðunar að sannleikurinn væri nokkuð klipptur og skorinn, hann væri aðeins einn, hann væri stór og mikill og óbreytanlegur. Ef tveir menn voru ósammála hélt ég að annar þeirra hlyti að hafa rangt fyrir sér eða að minnsta kosti rangara fyrir sér en hinn. Ég hélt að þegar maður hefði loksins höndlað sannleikann myndi enginn reyna að klekkja á manni með hárbeittum athugasemdum og rökfimi, andstæðingum manns hlytu að fallast hendur gagnvart ógnarmætti sannleikans, hann myndi slá vopnin úr höndum þeirra, rangar skoðanir út úr hausnum á þeim og gera málflutning þeirra að hjómi.

ÉG hafði rangt fyrir mér ... eða að minnsta kosti ekki eins rétt og ég hélt.

AÐ vísu er ég enn þeirrar skoðunar að sannleikurinn sé einn, stór og mikill og óbreytanlegur. Ég er hins vegar löngu hættur að telja mér trú um að einn maður geti höndlað hann og haft með honum sigur á öðrum. Ég lít ekki lengur á sannleikann sem einhvern Suðurpól andans sem við mennirnir, heimskautafarar hugans dúðaðir í heimspekikenningar með mannbrodda rökfræðinnar undir fótum, séum að keppast um að komast á fyrstir allra. Einkum er ég þó hættur að ímynda mér að tveir ólíkir einstaklingar geti séð sannleikann sömu augum. Ég hef nefnilega kynnst mörgu ágætisfólki um dagana, flestu prýðilega vel gefnu, en enn hef ég ekki hitt neinn sem ég hef ekki getað verið ósammála um eitthvað, sem ekki hefur séð sannleikann á einhvern hátt pínulítið öðruvísi en ég, ef ekki hreinlega allverulega mikið öðruvísi.

NÚORÐIÐ er ég ekki frá því að það fari algerlega eftir því hvar maður er staddur sjálfur hvernig fjall sannleikans kemur manni fyrir sjónir. Menn sem standa hvor sínum megin við fjall eru auðvitað ekki sammála um hvernig það lítur út. Fjöll eru líka þannig í laginu að það er ekki hægt að sjá þau öll í einu. Sú mynd af fjalli, sem sá sem hreykir sér á tindi þess hefur fyrir augunum, er síðan gerólík allra annarra. Og svo ég klári nú líkinguna þá geta menn orðið úti á fjöllum.

EFLAUST gerir sannleikurinn okkur frjáls. En hann frelsar okkur ekki frá öðrum og áreiti þeirra, aðeins okkur sjálfum og viðbrögðum okkar. Og svo sagði líka aldrei neinn að sannleikurinn myndi gera okkur að frelsurum.

www.icelandexpress.is/london

London skartar merkjunum þínum fyrir jólin!

Daglegt flug til London!

Skrepptu í jólaferð til London

Ef þig langar að klára jólagjafirnar á einum stað og njóta lífsins á meðan þú gerir það – þá er London rétti staðurinn. Borgin hefur upp á svo margt að bjóða og ef þú finnur ekki það sem þú leitar að á Oxford Street, Regent Street, Bond Street, Tottenham Court Road, Carnaby Street, Marylebone, Leicester Square, Piccadilly eða í Covent Garden, þá er það sennilega hvergi til.

Svo má ekki gleyma öllu hinu sem borgin hefur fram að færa: Veitingahús, leikhús, fótboltaleikir, söfn, pöbbar, klúbbar og allt hitt sem gerir London að einni skemmtilegustu borg í heimi.

En áður en þú rýkur út á flugvöll skaltu byrja á réttum enda og bóka ódýrt fargjald til London á **www.icelandexpress.is**

VERÐ FRÁ: **7.995 kr.** Aðra leið með sköttum.

BÖRN: **50%** Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingsafslátt af verði fyrir skatta og gjöld.

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, sími 5 500 600 | www.icelandexpress.is

Iceland Express

ORMSSON SMÁRALIND ER ENGIN VENJULEG VERSLUN

Full búð af nýuppteknum, fallegum og spennandi vörum til jólagjafa!

Verið velkomin í óvenjulega verslun!
Opið alla helgina.

ORMSSON

ORMSSON · SMÁRALIND · SÍMI 530 2900 · WWW.ORMSSON.IS